



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

27. mars 2006 — 85. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Enginn er ómissandi

Karl Pétur Jónsson er hættur hjá almannatengslafyrirtækinu Inntaki sem hann tók þátt í að stofna fyrir sjö árum.



FÓLK 34

Það sem gott er gert

Alþjóða leiklistardagurinn er haldinn hátíðlegur víða um heim í dag, en honum er ætlað að vekja athygli á leikhúsi og menningu.

MENNING 22

Strandaglópar-group

Guðmundur Andri Thorsson rifjar upp óskemmtilega reynslu þegar hann fékk að súpa seyðið af því hversu bág þjónustustaða Flugleiða virðist vera á Kastrup-flugvelli.


Í DAG 16

Sýning hjá Njarðvík

KR-ingar sáu aldrei til sólar þegar þeir heimsóttu Njarðvíkinga í fyrstu viðureign liðanna í undanúrslitum Iceland Express-deildarinnar. Njarðvík vann með 36 stiga mun.

ÍPRÓTTIR 28

VEÐRIÐ Í DAG



ÁFRAM ÉL NYRÐRA Í dag verður yfirleitt norðaustan 5-15 m/s, hvassast norðvestan til. Eljagangur á Vestfjörðum og á landinu norðan- og austanverðu, annars yfirleitt bjart veður. Hiti 0-4 stig að deginum, mildast syðra.

VEDUR 4



Varnarliðið helkti niður olíu í áratugi

Þegar bandaríski herinn fer frá Miðnesheiði kemur í ljós hversu mikil mengun er á svæðinu. Herinn helkti niður milljónum lítra af olíu í jarðveginn. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja væntir þess að óháður aðili geri úttekt á svæðinu.

VARNARMÁLIN „Varnarliðið hefur tilkynnt til okkar öll stærra mengunaróhöpp. Það hafa farið í sundur olíuleiðslur og fleira í þeim dúr og við höfum alltaf fylgst með því. Íslendingar hafa líka unnið fyrir herinn þannig að það hefði ekki verið hægt að leyna slíku fyrir okkur. Við höfum nokkuð góða mynd af ástandi svæðisins en þó ekki fulla mynd,“ segir Magnús Guðjónsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja.

Starfsfólk Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja er nú að safna gögnum og búa meðal annars til kort af svæðinu og þeirri mengun sem vitað er um til að hafa svör á reiðum höndum ef utanríkisráðuneytið æskir þeirra þegar viðræður við Bandaríkjamenn hefjast hér á landi á föstudaginn í næstu viku. Þá verður væntanlega meðal ann-

ars til umræðu hvernig eigi að ganga frá svæðinu fyrir afhendingu.

Of snemmt er að segja til um hversu mikil mengunin er en hún er einhver því að upplýsingar hafa borist um mengunaróhöpp í gegnum tíðina. Magnús segir minna vitað um svæði innan girðingar en utan en þó sé vitað um bletti hér og þar þar sem olía hafi farið niður. Þá hafi Íslendingar jafnt sem Bandaríkjamenn stundað það í 50-60 ár á síðustu öld að hella olíu og bensíni beint niður í jarðveginn.

Magnús býst við að sjóherinn gangi frá svæðinu með svipuðum hætti og þegar Nikkel-svæðið og Rockwell-svæðið var afhent á sínum tíma. Magnús segir að herinn fái væntanlega óháð fyrirtæki til að gera nákvæma úttekt á svæðinu og koma með tillögur til úrbóta.

„Ég get ekki séð annað en að sú vinna hljóti að fara í gang,“ segir hann og telur nákvæma úttekt fela í sér sögulega skoðun á því hvaða starfsemi hafi verið á svæðinu frá því í stríðinu fram til dagsins í dag. Á grundvelli þess verði svo farið í nákvæmari skoðun á jarðvegi og tekin sýni. Ef ábendingar séu um mengun þá verði jarðvegs-sýni skoðað nánar.

Magnús telur ólíklegt að jafnmikil mengun og á Nikkel-svæðinu sé annars staðar á Miðnesheiði. Hann segir að það hafi verið stærsta mengunarslysið og því svæði sé búið að skila. Verið sé að hreinsa nokkur hundruð rúmmetra af nikkelmengum jarðvegi í haugum uppi á velli. „Það hefur gengið vel. Eftir nokkur ár verður hægt að nota þann jarðveg í hvað sem er,“ segir hann. ghs@frettabladid.is



TEKKUR VIÐ VÖLDUM Í DAG Ismail Haniyeh gekk í gær á fund Mahmoud Abbas forseta umkringdur lífvörðum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ríkisstjórn Hamas tekur við: Vill binda enda á blóðbaðið

GAZABORG, AP Ismail Haniyeh, verðandi forsætisráðherra Palestínustjórnar, sagði í gær að Hamas-hreyfingin, sem staðið hefur að mörgum hryðjuverkum, vilji nú finna friðsamlega lausn á átökum Palestínumanna og Ísraelsmanna.

Haniyeh beindi orðum sínum til Ísraelsmanna, sem ganga að kjörborðinu á morgun og kjósa sér nýtt þing.

„Við óskum ekki eftir ólgandi blóðbaði í þessum heimshluta,“ sagði hann. „Við viljum réttindi og reisn fyrir þessa þjóð, og binda enda á þessa áratuga löngu flóknun stöðu.“ -gb

Erfðabreytt svín:

Fitan bráðholl fyrir hjartað

SAN FRANCISCO, AP Með því að beita erfðatækni hefur vísindamönnum við læknaeild Harvard-háskóla tekist að blanda saman erfðafni úr hringorminum C. elegans við erfðafni í svíninum með þeim árangri að fita svínanna inniheldur nægilega mikið magn af omega-3 fitusýrum, en þær eru taldar verja fólk fyrir hjartasjúkdómum.

Vísindamennirnir vonast til þess að geta beitt sömu aðferð þegar fram líða stundir á kjúklingakjöt og nautakjöt. Rannsóknirnar eru enn á byrjunarstigi, en frá þeim var skýrt í nýjasta hefti tímaritsins Nature Biotechnology. -gb



FERMINGARBÖRN Í GRAFARVOGSKIRKJU Nú er tími ferminganna genginn í garð og í gær stóð yfir ferming í Grafarvogskirkju. Það er öllum ljóst að slíkt tilstand getur tekið á börnin og fæst ekki betur séð en að eitt fermingarbarnanna hafi verið orðið nokkuð úrvinda þegar stóra stundin rann loks upp. Hitt er þó allt eins líklegt að drengurinn sé stálsleginn og syngi hástöfum þó að fermingarbræður hans taki ekki undir.

Rúm fjörutíu prósent vilja Vilhjálm P. sem næsta borgarstjóra:

Stuðningur við Vilhjálm eykst

SKOÐANAKÖNNUN Flestir borgarþáar, eða 40,5 prósent, vilja að Vilhjálmur P. Vilhjálmsson, oddviti Sjálfstæðisflokks, verði næsti borgarstjóri Reykjavíkur. Þetta er niðurstaða nýrrar skoðanakönnunar Fréttablaðsins.

„Ég er þakklátur fyrir það traust sem mér sýnt og ég finn fyrir miklum hlýhug í minn garð. Hljóti Sjálfstæðisflokkurinn nægt brautargengi og verði ég borgarstjóri mun ég gegna því starfi af fullum heilindum,“ segir Vilhjálmur P. Vilhjálmsson, leiðtogi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.



VILHJÁLMMUR P. VILHJÁLMSOON.



DAGUR B. EGGERTSSON

Næstflestir, eða 36,4 prósent nefna Dag B. Eggertsson oddvita Samfylkingar í borginni.

„Ég er mjög ánægður með það að tvöfalda stuðninginn á þessum tíma og tel að þetta sé góður

grunnur að byggja á en við erum að byrja að kynna áherslur okkar og mínar sem borgarstjóraefnis. Ég tel að við eigum mikið inni,“ segir Dagur B. Eggertsson, borgarstjóraefni Samfylkingarinnar.

Stuðningur við Vilhjálm eykst lítillega frá síðustu könnun, eða um 2,6 prósentustig, en stuðningur við Dag eykst um 15,4 prósentustig á milli kannana. Þegar síðasta könnun blaðsins var framkvæmd var prófkjóri Samfylkingar ekki lokið og því óljóst hver myndi leiða þann lista.

- ss / sjá síðu 4



Hvert sem er, hvaðan sem er

ATLANTSSKIP
-FLYTJA VÖRUR-

591 3000



SPURNING DAGSINS

Björn Ingi, eruð þið að detta úr bjórfylgi í pilsnerfylgi?

Nei, þó við séum með lítið í könnunum þá verðum við með líkjörfylgi þegar kemur að kosningum.

Framsóknarflokkurinn mældist með 3 prósentu fylgi í skoðanakönnun Fréttablaðsins. En áfengisstyrkleiki pilsners er 2,25 prósent. Björn Ingi Hrafnsson er efsti maður á lista flokksins í Reykjavík.

Danski forsætisráðherrann: Fékk morðhótun í tölvupósti

DANMÖRK Dansk forsætisráðherrann Anders Fogh Rasmussen fékk nýlega morðhótun með tölvupósti. Morðhótunin var frá 18 ára unglingi frá Óðinsvéum. Unglingurinn hefur verið handtekinn.

Dagblaðið Dagens Nyheter segir að unglingurinn hafi sent tölvupóst til forsætisráðherrans úr félagsmiðstöð í Óðinsvéum. Í tölvupóstinum kom fram að Fogh Rasmussen myndi deyja innan nýu daga.



GÓLFÍÐ ER GJÖRÓNÝTT Húsið var notað sem moska.

Gólf hrynur í Englandi:

Gaf sig undan sjötíu manns

LONDON, AP Gólf á jarðhæð í húsi í Birmingham gaf sig þegar um sjötíu manns voru staddir þar inni að taka þátt í bænasmáttum. Mannfjöldinn hrapaði niður í kjallara hússins.

Að minnsta kosti þrettán manns voru fluttir á sjúkrahús, margir þeirra með beinbrot en enginn þó lífshættulega slasaður. Alls munu um 25 manns hafa hlotið meiðsl. Íbúar í hverfinu hafa notað húsið sem mosku og sem fundarstað. - gb

LÖGREGLUFRETTIR

Fylleri á feðurðarsamkeppni Mikil ölvun var á Akranesi í fyrinótt í tengslum við Feðurðarsamkeppni Vesturlands sem þar var haldin. Dansleikur var haldinn í samkomuhúsinu Breiðinni og var lögregla með auknið eftirlit.

Umskipti urðu í stjórnámálum Úkraínu í þingkosningunum í gær:

Janúkovitsj vinnur stórsigur

ÚKRAÍNA, AP Samkvæmt fyrstu útgönguspám hlaut flokkur Viktors Janúkovitsj, fyrrverandi forseta Úkraínu, þriðjung atkvæða í þingkosningunum sem haldnar voru þar í gær.

Næst mest fylgi hlaut flokkur Júlíu Tímosenko, eða 23 prósent, en hún hefur aflað sér mikilla vinsælda og virðist nú ætla að gegna lykilhlutverki í stjórnámálum landsins. Flokkur Viktors Júsjenko forseta hlaut hins vegar ekki nema innan við fjórtán prósent atkvæða og beið því mikinn ósigur, ef marka má þessar fyrstu útgönguspár.

Mikil umskipti hafa því orðið í

stjórnámálum í Úkraínu, því einungis sextán mánuðir eru síðan Janúkovitsj hrökklaðist frá völdum og Júsjenko tók við forsetaembættinu af honum í „appelsínugulu byltingunni“, sem svo hefur verið nefnd.

Júsjenko verður þó áfram forseti, þar sem þetta voru þingkosningar, en svo virðist sem almenningur í Úkraínu hafi þótt hægt miða í því að gera þær umbætur sem Júsjenko hafði lofað.

Hann náði þó fram þeim umbótum á síðasta þingi að völd forseta verða mun minni að kosningunum loknum en þess í stað aukast völd þingsins til muna.

- gb



KJÖRSEDLARNIR SKOÐAÐIR Júsjenko forseti segir að kosningarnar, sem haldnar voru í Úkraínu í gær, séu mun frjálssari en landsmenn hafa áður kynnst. Flokkur forsetans tapaði engu að síður miklu fylgi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kynþáttahatur í Pétursborg:

Réðust á níu ára stúlku

RÚSSLAND, AP Tveir menn réðust á og stungu níu ára stúlku í St. Pétursborg í Rússlandi á laugardaginn. Hún liggur nú á sjúkrahúsi og er lífðan hennar sögð þökkaleg.

Móðir stúlkunnar er rússnesk en faðirinn frá Afríkuríkjunu Malí, og bendir allt til þess að kynþáttahatur liggji að baki árásinni.

Stúlkan var á leiðinni heim til sín úr göngutúr og var rétt komin inn í húsið þegar mennirnir réðust á hana.

Árásin hefur vakið óhug almennings, en einungis nokkrir dagar eru síðan unglingspiltur var sýknaður af árás í sömu borg á níu ára stúlku frá Tadjíkistan.

- gb

Undrast ákvörðun Bandaríkjamanna

Þingmenn á stjórnarþingi NATO lýstu undrun sinni á ákvörðun Bandaríkja-stjórnar um að fjarlægja Varnarliðið hér á landi og sögðu hana óskynsamlega vegna þeirrar spennu sem ríkir Rússlands og Bandaríkjanna.

VARNARMÁL Fjölmargir þingmenn í stjórnarnefnd NATO þingsins telja það óskynsamlega ákvörðun af hálfu Bandaríkja-stjórnar að fjarlægja Varnarliðið af Keflavíkurlugvelli nú vegna þess að spennan sé að aukast á milli Bandaríkjanna og Rússlands.

Þetta segir Össur Skarphéðinson, formaður Íslandsdeildar þingmannasambands NATO, en hann var á stjórnarfundum NATO þingsins í Gdansk í Póllandi í fyrradag. „Menn tala nú varlega á svona fundum en þó sagði einn þingmann að ef þeir færu nú þá myndu þeir banka upp á aftur innan 15 ára til að fá að vera hér með varnarlið sitt,“ segir Össur.

Nýlega jókst spenna ríkjanna eftir að bandarísk yfirvöld sökuðu Rússa um að leka hernaðarupplýsingum til Íraksstjórnar á upphafs-dögum innrásarinnar þar.

„Það er mikil óvissa um stjórn-málaástand í Rússlandi og óvíst hvort þróunin þar sé í lýðræðis-átt,“ segir Baldur Þórhallsson stjórn-málafræðingur. „Því er það ekkert gefið að bandarísk og rússnesk stjórnvöld muni halda áfram að vinna saman að alþjóðamálum eins og þau hafa gert að hluta til á síðustu árum eða verði nokkrir bandamenn í framtíðinni.“

Condoleezza Rice hefur sent rússneskum stjórn-málamönnum tóninn fyrir að brjóta mannréttindi og brjóta ákveðin lýðræðis-sjónarmið. En Rússar hafa þó ekki mikla burði til að ógna Bandaríkjunum en hins vegar má það ekki gleymast að Rússland er kjarnorkuveldi. Bandaríkjamenn ætту



PIERRE LELLOUCHE Forseti Þingmannasambands NATO var undrandi á framgöngu Bandaríkja-stjórnar gagnvart Íslendingum og hvatti til þess að Íslenskir þingmenn tækju málið upp á aðalfundi sambandsins í París í vor.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



BALDUR ÞÓRHALLSSON



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

því að taka þetta ástand í Rússlandi með í myndina þegar þeir meta varnarþörf Íslands. Svo gæti það aukið á spennuna milli þessara ríkja ef Bandaríkjamenn létu Ísland af hendi en óskuðu þess svo að koma þangað aftur vegna stöð-

unnar gagnvart Rússum,“ segir Baldur.

Össur sagði einnig að NATO þingmennirnir hafi ekki vitað af ákvörðun Bandaríkja-stjórnar um breytta tilhögun í varnarsamstarfi við Ísland og urðu undrandi á því hvernig að henni var staðið.

„Forseti þingsins stakk upp á því að Íslensku þingmennirnir tækju þetta upp á aðalfundi þingsins í París í vor,“ segir Össur. „Hann sagði sjálfsgagt að þetta yrði tekið þar upp í varnarmála-nefnd sambandsins og sömuleiðis í stjórnarnefnd ef lausn á þessu máli hefði ekki fundist.“

jse@frettabladid.is



ABDUL RAHMAN Var úthrópaður sem trúvillingur og átti yfir höfði sér líflátsdóm.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kristinn Afgani:

Dómstóll felldi niður málið

KABÚL, AP Dómstóll í Afganistan felldi niður í gær mál á hendur afgönskum manni, Abdul Rahman að nafni, sem var múslimi en snerist til kristinnar trúar.

Rahman átti yfir höfði sér líflátsdóm sneri hann ekki aftur til Íslamstrúar. Dómstóllinn sagði skort á sönnunargögnum valda því að hann felldi málið niður.

Tilkynning um þetta barst í kjölfar þess að þrýstingur hafði aukist á Hamid Karzai, forseta Afganistans, um að beita sér fyrir því að Rahman yrði látinn laus. Málið fer nú aftur til saksóknara til frekari rannsóknar.

- gb

Fjöldahandtaka í Reykjavík:

Sex handteknir með fíkniefni

LÖGREGLUMÁL Lögreglan í Reykjavík stöðvaði bíl með sex manns innanborðs um hádegisbil í gær.

Farþegar og ökumaður voru öll undir áhrifum fíkniefna og fannst þónokkurt magn af hassi, töflum og marjúana í fórum þeirra. Hluti efnanna var í söluumbúðum og telur lögregla fíkniefnin hugsanlega hafa verið ætluð til sölu.

Sexmenningarnir voru látnir sofa úr sér vímuna og stóðu yfirheyrslur yfir þegar blaðið fór í prentun. ■

Varnarliðsmenn byrjaðir að pakka og búa sig undir að flytja á hótél:

Tæki og tól flutt fyrir júnílok

VARNARMÁL Bandarískar fjölskyldur sem starfa fyrir varnarliðið og tölvubúnaður varnarliðsins verður farinn af Keflavíkurlugvelli í júnílok.

Nú þegar hefur fyrirtækið P. Árnason verið fengið til að pakka niður fyrir bandarísku fjölskyldurnar og þegar búid er að því mun hver fjölskylda búa á hóteli uns hún fer úr landi. Einnig verður tvö hundruð tölvum pakkað niður í hverjum mánuði næstu þrjá mánuði og því verður allur sá tækjabúnaður farinn í júnílok.

Þá hefur verið ákveðið að flýta skólaslitum í skólunum til 18. maí, sem er nokkrum vikum fyrir en vanalegt er, svo fjölskyldur geti farið fljótlega eftir það.

Í dag geta starfsmenn varnarliðsins náð í uppsagnarbréf sín á skrifstofu starfsmannahalds. Þeir sem ekki nálgast þau þar fá



HERMENN VARNARLIÐSINS Á ÆFINGU Ef ekki kemur til nýtt fólk til að sinna vörnum landsins er útlit fyrir að varnarliðssvæðið verði mannlaut í sumar.

þau send heim á næstu dögum.

Guðjón Arngrímsson, varaformaður Verkalýðs- og sjómannafélags Suðurnesja, segir kröfu

þeirra vera þá að Íslensk stjórnvöld semji um það við varnarliðið að starfsmenn fái biðlaun við starfslok.

- jse

BÍLL DAGSINS
SUBARU LEGACY

Nýskr. 02.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 23. þús. - Allt að 100% lán.



Verð
2.220.000,-

Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00 og laugadaga kl. 12:00 -16:00.

VAXTAHRUN!

3.19%

LÆGSTU VEXTIR Í BÍLASAMNINGUM*

Léttari greiðslubyrði:

MMC Pajero 3500 Gdi
árg. 01 ek. 108.000
verð 2.190.000 kr.
afb. í 60 mán. 39.200 kr.

VW Passat 4Motion 1,8
árg. 99 ek. 111.000
verð 690.000 kr.
afb. í 36 mán. 19.900 kr.

VW Caddy
árg. 02 ek. 54.000
verð 430.000 kr.
afb. í 36 mán. 12.900 kr.

Skoda Octavia 2,0
árg. 02 ek. 97.000
verð 850.000 kr.
afb. í 60 mán. 15.700 kr.

Vaxtahrún Bilapings Heklu:
Kletthálsi, Laugavegi og hjá
umboðsmönnum um land allt.

Greiðslur miðast við að aðeins lántökugjaldið sé borgað út.

*Miðað við gengistryggðan bílasamning.

ÓTRÚLEGT
ÚRVAL
BÍLA

ALLT AÐ
100%
LÁNSFJÁRMÖGNUN

TILBOÐ
á völdum
bílum



Laugavegi 174
Sími 590 5040
www.bilathing.is

BÍLAPING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum

Kletthálsi 11
Sími 590 5760
bilathing@bilathing.is

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 24.3.2006

KAUP SALA

	Bandaríkjadalur	73,3	73,64
	Sterlingspund	127,01	127,63
	Evra	87,7	88,2
	Dönsk króna	11,754	11,822
	Norsk króna	11,005	11,069
	Sænsk króna	9,359	9,413
	Japanskt jen	0,62	0,6236

SDR

105,12 105,74

Gengisvísitala krónunnar

122,995

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ein fjölmennasta mótmælaganga Bandaríkjanna síðustu áratugin:

Innflytjendur vilja réttlæti

LOS ANGELES, AP Meira en hálf milljón manna tók þátt í mótmælagöngu í Los Angeles á laugardaginn til þess að krefjast þess að innflytjendur fái uppreisn æru. Þetta mun vera ein stærsta mótmælasmakoma í Bandaríkjunum á síðustu áratugum.

Fólkið krafðist þess að þingið í Washington falli frá áformum um að herða refsingar við ólöglegri dvöl í landinu, refsa atvinnurekendum sem ráða ólöglega innflytjendur, og reisa rammgirta múra meðfram landamærum Bandaríkjanna og Mexíkó.

Fjölmennir mótmælafundir hafa verið haldnir í fleiri borgum



HÁLF MILLJÓN Í MIÐBORGinni Gífurlegur fjöldi innflytjenda og fólks sem styður málstað þeirra mótmælir áformum Bandaríkjaþings um að herða refsingu við brotum á innflytjendalöggjöf.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandaríkjanna á síðustu dögum. Í Denver tóku meira en 50 þúsund

manns þátt í mótmælafundi á laugardaginn, en lögreglan hafði ekki reiknað með nema fáeinum þúsundum manna. Talið er að um 20 þúsund manns hafi tekið þátt í mótmælum í Phoenix á föstudag og meira en 10 þúsund í Milwaukee á fimmtudag.

„Við byggjum skólana ykkar. Við eldum matinn ykkar,“ sagði rapparinn Jorge Ruiz eftir að hann kom fram á útifundi í Dallas þar sem 1.500 manns mættu. „Við erum hreyfiafl þessarar þjóðar, en fólk sér okkur ekki. Svartir og hvítir, þeir fengu sína byltingu. Þeir áttu sinn Marin Luther King. Nú er okkar tími kominn.“ - gb

Umsvifamiklir í Woolworths:

Baugur bætir við hlut sinn

VIÐSKIPTI Baugur Group heldur áfram að auka hlut sinn í bresku verslunarkeðjunni Woolworths og hefur nú eignast tíu prósent hlutfjár. Markaðsvirði hlutarins er um sjö milljarðar króna.

Woolworths birtir uppgjör á næstu dögum og er því spáð að félagið skili 50-60 milljóna punda hagnaði fyrir síðasta ár.

Sérfræðingar á breskum markaði telja ekki ólíklegt að Baugur auki við hlut sinn á næstunni. Áhugi Íslendinga á Woolworths takmarkast ekki bara við Baug því KB banki hefur keypt nokkur prósent fyrir sína viðskiptavini.

- eþa



STEFNUMÁLIN KYNNT Almar Grímsson, Haraldur Þór Ólason og Rósa Guðbjartsdóttir skipa efstu sæti listans. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Sjálfstæðismenn í Hafnarfirði:

Kvikmyndahús aftur í bæinn

SVEITARSTJÓRNARMÁL Börnum undir 18 mánaða verður tryggð leikskólavist ef Sjálfstæðisflokkurinn í Hafnarfirði nær forystu í næstu bæjarstjórnarkosningum. Þetta var meðal þess sem kom fram á kynningarfundum flokksins í gær.

Af öðrum kosningalofordóm flokksins má nefna að nýtt hjúkrunarheimili verður byggt á Völlum, miðstöð öldrunarþjónustu komið á fót á Sólvangi og kvikmyndahús og skautahöll byggð. Enn fremur verði félagsleg heimaþjónusta stórefld og áttak gert í samgöngumálum í og við Hafnarfjörð.

Fyrsta sæti listans skipar Haraldur Þór Ólason framkvæmdastjóri og bæjarfulltrúi. Í öðru sæti situr Rósa Guðbjartsdóttir framkvæmdastjóri og Almar Grímsson varabæjarfulltrúi í því þriðja. - mpp

LÖGREGLUFRÉTTIR

Peningum stolið Brotist var inn í Sölufélag A-Húvetninga á Blönduósi í fyrrið. Peningum var stolið og rúða brotin. Enginn liggur undir grun og er málið í rannsókn.

LEIÐRÉTTING

Þau mistök urðu við vinnslu Kjörkassans í Fréttablaðinu í gær að niðurstöðum var víxlað. Kjörkassinn er endurbirtur í dag.

Flestir Reykvíkingar vilja Vilhjálm P. sem borgarstjóra

Flestir Reykvíkingar nefna Vilhjálm P. Vilhjálmsson, oddvita Sjálfstæðisflokks, þegar spurt er hvern þeir vilji sjá sem næsta borgarstjóra. Næstflestir nefna Dag B. Eggertsson, oddvita Samfylkingar. Tæplega sex prósent nefna nafn einhvers sem starfar í Framsóknarflokki eða Frjálslynda flokki.

SKOÐANAKÖNNUN Samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins nefna flestir Reykvíkingar nafn Vilhjálms P. Vilhjálmssonar, spurðir hvern þeir vilji sjá sem næsta borgarstjóra. 40,5 prósent þeirra sem taka afstöðu segjast nú vilja að Vilhjálmur verði borgarstjóri en 37,9 prósent nefndu nafn hans í síðustu könnun blaðsins sem gerð var 21. janúar. Fylgi Vilhjálms hefur því aukist um 2,6 prósentustig. Heldur fleiri karlmenn vilja að Vilhjálmur verði borgarstjóri en konur, eða 47,8 prósent karla og 31,6 prósent kvenna.

Líkt og í könnun blaðsins í janúar nefna nú næstflestir nafn Dags B. Eggertssonar. Nú segjast 36,4 prósent vilja fá Dag sem næsta borgarstjóra en í síðustu könnun voru það 21 prósent. Fylgi Dags hefur því aukist um 15,4 prósentustig, en prófkjóri Samfylkingar var ekki lokið þegar síðasta könnun var framkvæmd.

Líkt og spáð hafði verið þegar könnun blaðsins var birt í janúar, fer megin þungi stuðnings sem áður var við Steinunni Valdís og Stefán Jón til Dags, sem efsta manni á lista Samfylkingar. Fleiri konur vilja að Dagur en Vilhjálmur verði næsti borgarstjóri. 41,9 prósent kvenna nefndu Dag, en 31,7 prósent karla.


Mikill munur er á efstu tveim mönnum og þeim sem koma þar á eftir. Í þriðja sæti er Stefán Jón Hafstein, sem hefur 4,7 prósent fylgi nú, en 10 prósent nefndu nafn hans í síðustu könnun. Steinunn Valdís Óskarsdóttir, núverandi borgarstjóri, er í fjórða sæti og nefna 3,8 prósent nafn hennar. Í fimmta sæti er Gísli Marteinn Baldursson og nefna 3,5 prósent nafn hans. Í sjötta sæti er svo efsti maður Framsóknarflokks, en 3,2 prósent nefna nafn Björns Inga Hrafnssonar.

Ef einungis er litið til þeirra fimm sem oftast eru nefndir, eru fulltrúar Sjálfstæðisflokks nefndir í 44 prósentum tilvika, en fulltrúar Samfylkingar nefndir í 44,9 prósentum tilvika.

Ef reiknaður er stuðningur við hvern flokk vilja tæp 47 prósent að einhver flokksbundin samfylkingarmannskja verði næsti borgarstjóri. Tæp 46 prósent nefna einhvern úr hópi sjálfstæðismanna. Þetta er mjög svipað hlutfall og í síðustu könnun blaðsins.

Rúm þrjú prósent nefna nafn Framsóknarmanns. Rúm tvö prósent nefna einhvern úr hópi Vinstri grænna og tæp prósent vill fá

HVER VILT ÞÚ AÐ VERÐI NÆSTI BORGARSTJÓRI?



Vilhjálmur P. Vilhjálmsson



Dagur B. Eggertsson



Stefán Jón Hafstein



Steinunn Valdís Óskarsdóttir



Gísli Marteinn Baldursson

einhvern úr Frjálslynda flokki. Tæpt eitt og hálf prósent nefna einhvern sem ekki starfar fyrir stjórnmalaflokk.

Hringt var í 600 Reykvíkinga laugardaginn 25. mars og skiptust svarendur jafnt milli kynja. Spurt

var „Hver vilt þú að verði næsti borgarstjóri í Reykjavík?“ 56,8 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar, aðeins fleiri en í síðustu könnun þegar 51,5 prósent tóku afstöðu.

svanborg@frettabladid.is

www.expressferdir.is

FÓTBOLTASKÓLI DAVID BECKHAM Í LONDON

David Beckham stofnaði nýverið fótboltaskóla í sínu nafni þar sem strákum og stelpum á aldrinum 13-15 ára gefst tækifæri til þess að æfa fótbolta við bestu aðstæður undir leiðsögn nokkurra af reyndustu þjálfurum yngri flokka á Englandi.

Nánar á www.expressferdir.is


Express Ferðir, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 900 100

Express Ferðir

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

VEÐURSPÁ

um hádegi »



» á morgun

Allhvasst með ströndum vestan til og suðaustan til, annars hægar. » mívíkudagur

Viðast allhvasst eða hvasst.

Kaupmannahöfn	2°C alskýjað	Paris	19°C alskýjað	Alicante	24°C hálfskýjað
Oslo	0°C hálfskýjað	Berlín	9°C skúrir	Milano	15°C léttskýjað
Stokkhólmur	4°C hálfskýjað	Frankfurt	15°C alskýjað	New York	9°C skúrir
Helsinki	-2°C alskýjað	Madrid	23°C hálfskýjað	San Francisco	16°C léttskýjað
Norðan 5-10 og bjartviðri. Hiti 0-3 stg.	15°C alskýjað	Barcelona	18°C hálfskýjað	Orlando/Florida	19°C heiðskirt

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúnda.

Ný kynslóð salatbara

Sjáðu þetta

40 spennandi tegundir

Meðal annars:

- Kjúklingur
- Hummus
- Kjúklingabollur
- Ferskar melónur
- Mozzarella salat
- Romain salat
- Kjötbollur í rabbabarasósu
- Kús kús tandoori
- Tortelini m/engifer
- Austurlenskar rækjur
- Spínat
- Alabama salat
- Ávaxtasalat í kókósskysósu
- Kryddfeti í olíu
- Sólþurrkaðir tómatar
- Ætipistill

...og margt fleira



Með hverju keyptu salatboxi fylgir
0.5 ltr. sítrónu Kristall með í kaupbæti.*

*Tilboðið gildir til 31. mars

Fiskréttur dagsins

Kjöt & fisktorgið

Laxaréttur
í Tikka Masala með fersku grænmeti

Sett í eldfast mót og eldað í u.p.b. 20 mínútur við um 200°C eða eldað á pönnu í um 20 mín.

TILBOÐ
989 kr/kg
Verð áður 1.730,-

Rúnar Gíslason
Matreiðslumeistari og sjónvarpskokkur
kokkarnir.is

Gildir 27. mars á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



KJÖRKASSINN

Á að halda rannsókn Bausmálsins áfram?

Já	22%
Nei	78%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Eiga Íslendingar að leita eftir samstarfi við Norðmenn um loftvarnir?

Segðu þína skoðun á Vísir.is



Á þriðja hundrað manns mættu á stofnfund AFA:

Skattlagningin þjóðarskömm

FÉLAGSMÁL Nýstofnað Aðstandendafélag aldraðra á Íslandi hvetur til þjóðaráttaks í búsetu- og kjaramálum aldraðra. Þetta var meðal þess sem fram kom á stofnfundi félagsins sem haldinn var í Hafnarfirði í gær.

Í ályktun sem samþykkt var á fundinum segir að nóg sé komið af orðum, nefndum og skýrslum og að nú þurfi aðgerðir og úrræði.

„Við trúum því að við höfum afl til að breyta hlutunum,“ sagði Reynir Ingibjartsson nýkjörinn formaður félagsins. „Ástandið er til skammar. Biðlistar eftir húsnæði eru langir og meiri fjölbreytni skortir í valkostum. Skatt-

lagning aldraðra er þjóðarskömm. Það skortir ekki fjármagn á Íslandi og lífeyrissjóðirnir eiga að líta á það sem skyldu sína að koma þessum málum að,“ segir Reynir.

Vel á þriðja hundrað manns sóttu fundinn, hvert sæti var skipað og bæta þurfti við stólum svo að allir kæmust að.

Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra mætti til fundarins. Hún kvaðst fagna stofnun félagsins og sagði vitundarvakningu hafa orðið meðal landsmanna þegar kemur að málefnum aldraðra. - mpp

Á FUNDI Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti sjálfstæðismanna í Reykjavík, tekur í hönd Reynis Ingibjartssonar, formanns AFA.



Ábyrgðarlausir foreldrar: Ölvadir með barnið á rölti

LÖGREGLA Mjög ölvadur var handtekið um klukkan eitt í fyrrinótt þar sem það rölti um miðbæinn með eins árs gamalt barn sitt í vagni. Lögregla leitaði í vagninum og fann þar áfengisflöskur sem fólkíð hafði lagt í vagninn, við hlið barnsins.

Fólkíð var yfirheyrð á lögreglustöð í gær eftir að það hafði sofið úr sér áfengisvímuna. Að sögn varðstjóra hjá lögreglunni tóku fulltrúar barnaverndaryfirvalda barnið að sér og verður það í umsjá þeirra á meðan rannsókn málsins stendur yfir. Ekki var hægt að fá nánari upplýsingar hjá lögreglu að svo stöddu. - mpp

Selveiðimenn í Kanada:

Í átökum við friðunarsinna

KANADA, AP Selveiðitímabilið hófst í Kanada um helgina. Friðunarsinnar voru mættir til að fylgjast með og fóru mjög í taugarar á veiðimönnum, sem misstu hvað eftir annað stjórn á skipi sínu. Einu selveiðiskipanna var siglt á gúmmibát friðunarsinna. „Veiðimennirnir geta verið reiðir en það gefur þeim engan rétt til að stofna lífi fólks í hættu,“ sagði talsmaður friðunarsinna. - gb



REIÐUR SKIPSTJÓRI Ápir á friðunarsinna.

Sjö manns teknir við húsléit:

Grunur um fíkniefnasölu

LÖGREGLA Sjö voru handteknir í miðborg Reykjavíkur í fyrrinótt í kjölfar húsléitar lögreglu. Töluvert af fíkniefnum fannst í íbúðinni og í fórum fólksins.

Talið er að eiturlyfjasala hafa verið stunduð í íbúðinni og voru sjömenningarnir allir í mjög annarlegu ástandi. Rannsókn málsins stendur yfir. - mpp

SAMGÖNGUR

Burt með bílaraðir Bæjarstjórn Hafnarfjarðar vill að Alþingi og samgönguyfirvöld endurskoði samgönguáætlun. Binda verði enda á langar bílaraðir sem myndast á álagstímum.

Hyggst ekki flytja inn fuglaflensuveiru

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin annar ekki eftirspurn við að rannsaka lyf sem hugsanlega gætu læknað fuglaflensu. Jón Bragi Bjarnason vill rannsaka lyf við fuglaflensu á tilraunastofu erlendis.


VÍSINDI Jón Bragi Bjarnason prófessor hyggst ekki flytja fuglaflensuveiru hingað til lands heldur fá aðstoðu til að rannsaka hana á tilraunastofu erlendis.

Jón Bragi er einn forsvarsmanna fyrirtækisins Ensímtækni ehf. sem framleiðir pensím úr þorski og húðaburðinn PENZIM og vinnur nú að því að fá veiru sem veldur fuglaflensu til að mæla áhrif ensímisins á þær.

„Ég hef fengið þá í heilbrigðisráðuneytinu til að aðstoða mig við að fá sýni og aðstoðu til að rannsaka það á tilraunastofu úti,“ segir Jón Bragi. „Það gæti orðið hjá heilbrigðismálastofnunni N.I.H. í Bandaríkjunum eða hjá annarri stofu í London en ég er í samvinnu við markaðsfyrirtæki sem er í samstarfi við þá þar. Báðar þessar stofnanir eru með veirurnar og veirupróteinin sem ensímið vinnur á þannig að ég held að það þurfi ekki að koma til milligöngu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar um það.“ Hann segist muna fara til Bandaríkjanna í apríl og vonast til að þá komist þessi mál á hreint.

„Það er því engin ástæða til að óttast mig en það var eins og sumir héldu að ég væri með fuglaflensuveiruna í vasanum og tóku sveig frekar en að mæta mér,“ segir Jón Bragi og hlær við.

Davíð Á. Gunnarsson, skirfstofustjóri í heilbrigðismálaráðuneytinu, segir að forsenda þess að fá að flytja inn fuglaflensuveiru sé að viðkomandi vinni á öryggisrannsóknastofu. Að sögn Davíðs er ein slík hér á



JÓN BRAGI BJARNASON Prófessorinn segir óþarfi að óttast sig því hann sé ekki með fuglaflensuveiruna í vasanum en hafi áhuga á að rannsaka hana í tilraunastofu erlendis.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

landi og það er rannsóknarstofa Háskólans og Landspítalans í Ármúla. Einnig segist hann hafa spurst fyrir um leyfi til innflutnings hjá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni. „Þar gáfust þau svör að engin tók gæfust á slíku nú þar sem þeim berast um þessar mundir hundruð ef ekki þúsundir beidna

um að skoða ýmiss konar lyf og efni til að fást við fuglaflensuna. Nú vísa þeir beidnum hina hefðbundnu rannsóknarleið sem þýðir að menn verða að vinna málið í gegnum rannsóknarstofur og þurfa að hafa birt greinar í virtum vísindaritum til að verða eitt-hvað ágennt.“ jse@frettabladid.is

Um fimmtán hundruð manns æfðu viðbrögð við hugsanlegu Kötlugosi:

Fólk veit hvað ber að gera

ALMANNAVARNIR Um 1.500 manns, íbúar og almannavarnarmenn, tóku þátt í stærstu almannavarnaræfingu sem haldin hefur verið hér á landi, Bergrisanum, en henni lauk í Rangárvallasýslu gær.

Æfð voru viðbrögð við hlaupi sem færi til vesturs vegna goss í Mýrdalsjökli og tóku 656 íbúar þátt í æfingunni í gær með því að yfirgefa heimili sín og gefa sig fram í skráningu sem Rauði krossinn hafði umsjón með í fjölda-hjálparstöðvum. Í fyrradag tóku tæplega 200 íbúar þátt en þá var æft í Vestur-Skaftafellssýslu.

„Þetta tókst mjög vel og það markmið okkar að láta reyna á kerfið gekk eftir, þökk sé mikilli þátttöku íbúanna,“ segir Víðir Reynisson frá Almannavarnardeild Ríkislögreglustjóra en hann var æfingastjóri. „Vissulega komu nokkrir agnárir í ljós eins og til



FJÖLDAHJÁLPARMIÐSTÖÐ Í HVOLSSKÓLA Íbúar í Rangárvallasýslu létu ekki sitt eftir liggja í Bergrisanum í gær en 656 þeirra tóku þátt og eru því íbúarnir orðnir 833 sem vita af reynslu hvað ber að gera ef til Kötlugoss kæmi.

MYND: SOFFÍA SIGURDARDÓTTIR

dæmis að það þyrfti að bjóða sjálfboðaliðum í stjórnstöðvum frekari hjálfun og meðferð upplýsinga reyndist ekki jafnskjót og hnitmiðuð og við hefðum helst kosið,“

bætti hann við.

Næstu daga verða haldnir rýnifundir þar sem farið verður yfir þá agnúa sem upp komu og hvernig megi koma í veg fyrir þá. - jse

Svandís UM ALLA BORG

Svandís Svavarsdóttir skipar 1. sæti á lista Vinstri - grænna í borgarstjórnarkosningunum í Reykjavík í vor. Hún heldur áfram að hitta borgarbúa á næstu dögum

Vesturbær

27. mars - Mánudagur
20:15 Aflagrandi 40
Félags- og þjónustumiðstöð



VINSTRIHREYFINGIN grænt framboð

Ferðalög og frábær félagsskapur!

Úrvalsfólk

Dansleikur Úrvalsfólks

7. apríl, í Súlnasal Hótelis Sögu, kl. 19

- 3ja rétta matseðill
- Skemmtiatriði: Ómar Ragnarsson o.fl.
- Happdrætti
- Dansleikur: Hjómveit Hjördísar Geirs



Miðasala hjá Úrvali-Útsýn, Lágmúla 4, sími 585-4039

Allt í einu korti

e² Vildarkort – Nýtt VISA kreditkort
sem sameinar alla kosti Vildarkorts
Icelandair og e-kortsins.

- Vildarpunktur og endurgreiðsla – allt í sömu færslunni
- Viðbótarvildarpunktur hjá yfir 100 samstarfsaðilum
- Viðbótarendurgreiðsla hjá yfir 200 samstarfsaðilum ásamt
veglegum sértíloðum

Sæktu um e² Vildarkortið á www.e2.is



ENDURGREIÐSLA VILDARPUNKTAR





Gjöfin vex í pakknum

5.000 kr. verða 7.000 kr.

Vildarviðskiptavinur Sparisjóðsins sem gefur fermingarbarni 5.000 króna gjafabréf í Framtíðarsjóð Sparisjóðsins eða meira fær 2.000 króna viðbót við gjöfina frá Sparisjóðnum. Gefðu gjöf sem stækkar í pakknum!

Framtíðarsjóður

- Ber hæstu vexti almennra innlánsreikninga
- Engin lágmarksinnborgun
- Verðtryggður
- Bundinn til 18 ára aldurs
- Kjör haldast óbreytt þótt innstæða sé ekki tekin út við 18 ára aldur

Kíktu á spar.is og reiknaðu út ávöxtun á sparnaði í Framtíðarsjóði Sparisjóðsins.



SPARISJÓÐURINN
— fyrir framtíðina

Reglugerð um ökugerði langt komin í samgönguráðuneytinu:

Gerir unga ökumenn færari

SAMGÖNGUMÁL Í samgönguráðuneytinu er verið að leggja loka-hönd á reglugerð um ökugerði, eða sérstakar brautir til æfinga og þjálfunar þeirra sem eru að fá ökuskírteini í fyrsta sinn.

Að sögn Sturlu Böðvarssonar samgönguráðherra er gert ráð fyrir að próf fari fram á slíkum æfingasvæðum í framtíðinni áður en ungir ökumenn fá fullnaðar-ökuskírteini og þannig er vonast til að þeir verði betur færir um að takast á við misjafnar aðstæður á vegum úti. Líklega verður eitt ökugerði byggt til að byrja með en þar verður að finna allar helstu aðstæður sem ökumenn geta lent í



SNJÓR OG HÁLKA Í framtíðinni munu allir sem fá ökuskírteini þurfa að sanna sig við alls kyns aðstæður í svokölluðu ökugerði.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

allan ársins hring. Hafa slík ökugerði bætt mjög kennslu og þjálfun erlendis. Hérlandis verður ökugerðið enn fremur notað til að endurmennta eldri bílstjóra og þá

sér í lagi bílstjóra stærri ökutækja. Vonir standa til að ökugerðið verði orðið að veruleika á næstu árum en óvíst er hvar á landinu slíkt svæði yrði staðsett.

- aðe

Fæstir fylgjandi frekari málarekstri

Mikill meirhluti landsmanna er fylgjandi því að málarekstri í Baugsmálinu verði hætt og fáir telja grun um lögbrot hafa búið að baki málinu. Þetta kemur fram í könnun sem Gallup gerði fyrir skýrslu sem Baugur vinnur að.

BAUGSMÁL Einungis um fjórtán prósent landsmanna telja að upphaf Baugsmálsins megi rekja til gruns um lögbrot og tæp 80 prósent vilja að málarekstri verði hætt. Þetta er meðal þess sem fram kemur í könnun sem IMG Gallup vann fyrir Fjölmiðlavaktina á dögnum 20. til 22. mars. Könnunin var gerð til notkunar í skýrslu sem Fjölmiðlavaktin vinnur nú að fyrir Baug Group.

Spurt var hvort halda ætti málarekstrinum áfram eða hætta honum og sögðust 78,6 prósent þeirra sem tóku afstöðu vilja að honum yrði hætt. Þrátt fyrir það taldi einungis þriðjungur að málarekstrinum væri lokið. Meirihlutinn reyndist hafa rétt fyrir sér en könnunin var stöðvuð síðastliðinn þriðjudag þegar í ljós kom að ákærvaldið hugðist áfrýja dómi héraðsdóms.

Einnig var spurt hvort menn teldu einhverja hafa komið sérstaklega vel eða illa út úr málinu. Tveir þriðju hlutar svarenda sögðu engan hafa komið vel út en af þeim sem voru á öndverðum meiri nefndu nánast allir sakborn-ingana.

Öllu fleiri töldu einhverja hafa komið sérstaklega illa út úr málinu en áttafju prósent svöruðu þeirri spurningu játandi. Nefna mátti fleiri en einn aðila sem menn töldu hafa komið illa út og voru þar sak-sóknari og lögregluembættið efst á blaði og voru nefnd af um fjórðungi svarenda hvort. Ríkislög-reglustjóri, Jón Gerald Sullen-



HÉRAÐSDÓMUR Aðeins 14 prósent aðspurðra í könnun Gallup telja að upphaf Baugsmálsins megi rekja til gruns um lögbrot. Fleiri telja öfund eða pólitík búa að baki.

berger, ákærvaldið, íslenska ríkið, Davíð Oddsson, Jónína Benediktsdóttir og dómsmálaráðherra komu næst og voru nefnd af átta til fimmtán prósentum svarenda.

Þegar spurt var um upphaf Baugsmálsins mátti einnig nefna fleiri en eitt atriði og nefndu 14,3 prósent grun um lögbrot. Fleiri töldu þó öfund liggja að baki, eða

fimmtungur, og fimmtán prósent nefndu pólitík. Davíð Oddsson nefndu 13,6 prósent, níu prósent nefndu illgírni og 7,4 prósent hefnd.

Spurningalistar voru sendir með tölvupósti til 1.200 einstaklinga á aldrinum 16 til 75 ára og svarhlutfall var 57,5 prósent.

stigur@frettabladid.is

Jóhanna Sigurðardóttir um svar fjármálaráðherra við fyrirsöfnun um skattbyrði:

Staðfestir skattahækkun

SKATTAMÁL Jóhanna Sigurðardóttir alþingismaður segir að fjármálaráðherra hafi staðfest í svari við fyrirsöfnun sinni um skattbyrði ákveðinna tekjuhópa á tímabilinu 1995-2007 að skattbyrði hafi aukist hjá öllum nema hátekjufólkinu.

Jóhanna spurði um skattbyrði hjóna með tvö börn undir sjö ára aldri frá 1995 til 2006, þar sem bæði voru útvinnaði og með jöfn laun. Hún miðaði við 100 þúsund króna mánaðarlaun, 150 þúsund, 175 þúsund, 208 þúsund, 290 þúsund og eina milljón á mánuði.

Jóhanna segir að svar fjármálaráðherra sýni að allir tekjuhóp-

arnir hafi fengið aukna skattbyrði upp á þrjú til fjögur prósent nema þeir sem eru með milljón eða meira á mánuði. Skattbyrði þeirra hafi verið 40 prósent en lækkað niður í 32 prósent. Hún hafi því minnkað.


Í svari kemur einnig fram að

fólk sem var með 100 þúsund krónur á mánuði fékk minna til baka úr skattkerfinu sem þýðir að barnabæturarnar hafa lækkað.


„Þetta er bara staðfesting á því að skattar hafa hækkað hjá öllum nema hátekjufólkunum,“ segir Jóhanna.

- ghs

SKATTBYRÐI 1995-2006



*Súluritið sýnir hvernig skattbyrði hjóna með tvö börn undir sjö ára aldri hefur þróast 1995-2006 að teknu tilliti til þróunar launavísitölu miðað við ákveðin mánaðarlaun árið 1995.



JÓHANNA SIGURÐAR-DÓTTIR ALÞINGIS-MADUR



SALA AUKASÆTA
HEFST Í DAG
KL. 12.00
icelandexpress.is

AUKAFLUG Í SÓLINA

Iceland Express bætir við flugsætum til Alicante

» Íslendingar hafa tekið nýjum áfangastöðum Iceland Express opnum örmum, m.a. Alicante þar sem nær öll flugsæti í sumar eru uppseld. Við þökkum frábærar viðtökur með því að bæta við flugi á sunnudögum til Alicante.

Alicante er hreint frábær sumardvalarstaður við Miðjarðarhafið. Loftslagið er fullkomið, strandirnar þægilegar, margs konar afþreying er í boði og margt að skoða og gera í nágrenninu. Bókaðu flug á lágu verði og veldu gistingu og bílaleigubíl við hæfi á icelandexpress.is.

» Sala aukasæta hefst kl. 12.00 í dag á icelandexpress.is

Verð frá: **7.995 kr.***
Barnaverð: **5.995 kr.****

*Aðra leið með sköttum.

**Aðra leið með sköttum. Gildir fyrir börn 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum.



Iceland Express





VORI FAGNAD Hann virðist skemmta sér konunglega, vörðurinn sem fylgdist með þessum afar litríku figúrum á stultum á vorhátíð í Varsjá í Póllandi í vikunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Finnska lögreglan hefur handtekið mann sem er grunaður um raðmorð:

Talinn hafa myrt þrjá menn

FINNLAND Lögreglan í Finnlandi telur sig hafa handtekið fyrsta raðmorðingjann, sem vitað er um í Finnlandi. Talið er að 30 ára gamall maður, sem grunaður er um að hafa myrt 54 ára gamlan sambýlismann sinn, hafi framið tvö önnur morð.

Í sænska dagblaðinu Dagens Nyheter kemur fram að sá myrti hafi látist af of stórum lyfjaskammti. Sá myrti hafði sótt um skilnað eftir að hann uppgötvaði að hinn grunaði hefði rænt af honum peningum en dregið umsókn sína til baka. Sá grunaði er eini erfinginn að auðæfum þess myrta en sjálfur er hann eignalaus.

Þegar lögreglan fór að rannsaka málið kom í ljós að sá grunaði tengdist öðrum svipuðum mannlátum en tveir menn létu lífið með stuttu millibili í fbúð hans fyrir tíu árum. Báðir létust þeir af of stórum lyfjaskammti. Grunur beindist einhverra hluta vegna aldrei að manningum en í báðum tilfellum hafði hann hringt á sjúkrahúsi. Hann er talinn hafa falsað lyfseðla.

Óttast er að sá grunaði hafi enn fleiri morð á hömum á samviskunni. Verið er að rannsaka feril hans árin 1997-2005 en hann hefur einkum dvalist í Tampere og Helsinki.

- ghs



Í **HELSINKI** Maðurinn er grunaður um að hafa myrt þrjá elskendur sína með of stórum lyfjaskammti.

FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTINN

Háskólasjóður Eimskips: 60 milljónir til Háskólans

STYRKÚTHLUTUN Fyrsta styrkúthlutun Háskólasjóðs Eimskipafélagsins til Háskóla Íslands er að upphæð 60 milljónir.

Styrkirinn verða afhentir á morgun í Hátíðasal háskólans. Sjóðurinn er sérstaklega ætlaður til styðja rannsóknartengt framhaldsnám við Háskóla Íslands og verða 27 verkefni styrkt að þessu sinni.

Alls bást dómnefnd um 115 umsóknir. Í flestum tilvikum er um að ræða styrki til þriggja ára þannig að í raun er um nær þrefalda upphæð að ræða og er þetta stærsta fjárhæð sem ætluð er til náms af þessu tagi. ■

Porskhakkar-Laxafiðrildi-Túnfiskur
Laxaflök-Porskflök-Risarækja

Ýsa í Raspi 899kr/kg
Ýsa í SÓSU 899kr/kg

Forréttahlaðborð-Kartöfluréttir-Surimi
Reyktur silungur-Harðfiskur-Ís

Fiskbúðin Vör
Höfðabakka 1 s: 587-5070

Bæjarmál á Ísafirði:

Í-listi kynnrir framboðslista

SVEITARSTJÓRNARMÁL Í-listinn, sameiginlegt framboð Vinstri grænna, Samfylkingar, Frjálslyndra og óháðra í Ísafjarðarbæ hefur tilkynnt hverjir munu skipa framboðslista í sveitarstjórnarkosningunum í vor. Uppstillingarnefnd skipaði í 5. til 18. sæti en prófkjör var haldið um efstu fjögur sætin.

Efsta sæti listans skipa Sigurður Pétursson sagnfræðingur, Magnús Reynir Guðmundsson, bæjarfulltrúi Frjálslyndra, og Arna Lára Jónsdóttir stjórnmalfræðingur.

- sdg

LÖGREGLUFRETTIR

Kveikt í gámi Slökkvilið var kallað út í Hafnarfjörð í gærdeg þar sem reykur lá upp úr gámi. Í ljós kom að kveikt hafði verið í rúmi í gáminum og tók það slökkviliðið skammta tíma að slökkva eldinn. Ekki er vitað hver kveikti í rúminu.



NÁGRANNI YFIRHEYRDUR Lögreglan ræðir þarna við William Lowe, sem varð vitni að voðaverkunum í Seattle.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skaut sex til bana í veislu

Sex ungmenni féllu í valinn þegar vopnaður maður réðst inn í heimahús í Seattle á laugardagskvöld. Maðurinn hafði verið í veislu í húsinu fyrr um nóttina. Hann svipti sig lífi.

SEATTLE, AP Vopnaður maður réðst inn í heimahús í Seattle í fyrrakvöld og myrti þar sex manns, særði tvo og drap síðan sjálfan sig þegar lögreglumaður var kominn á staðinn. Maðurinn hafði verið í veislu í húsinu, en var nýfarinn árla morguns þegar hann sneri aftur vopnaður byssu.

Ungt fólk, flest um tvítugt, hafði slegið upp partí í húsinu í beinu framhaldi af danshátíð þar sem þemað var „uppvakningar“.

Fórnlömbin voru flest mikið máluð og með litad hárl til að líkjast uppvakningum. Partíið var að fjara út þegar voðaverkin voru framin.

Lögreglan í Seattle segir þetta vera verstu fjöldamorð sem hafa átt sér stað í borginni frá því árið 1983 þegar 13 manns voru myrtir í árás á spilavíti.

Aðkoman var skelfileg. Í stofunni fann lögreglan þrjú lík, eitt við útidyrnar og annað á útitröppunum. Einn gestanna lést á sjúkrahúsi, þar sem annar gestur úr veislunni liggur enn lífshættulega særður og sá þriðji er særður, en þó ekki lífshættulega.

Morðinginn var tæplega þri-

tugur, flutti í hverfið fyrir fimm árum og hefur ekki verið þekktur fyrir ofbeldi. Kerlikowske lögreglustjóri sagði hann hafa verið „hljóðlátan og hógværan“ mann.

Honum hafði verið boðið í partíið, en stuttu eftir að hann fór um sjöleytið að morgni sneri hann við og sprautaði orðið „NOW“, eða „núna“ bæði á stéttina og á tröppur í næsta húsi. Síðan réðst hann inn í húsið og skaut af byssu sinni.

Hann reyndi að komast inn á baðherbergi á efri hæðinni, þar sem ungt par hafði falið sig, og skaut þá í gegnum dyrnar. Þau sluppu ómeidd.

Cesar Clemente, einn nágranna, sagðist hafa hringt á neyðarlínu um leið og hann heyrði skotin. Hann sá fólk flýja út úr húsinu og tveir voru í felum á milli trjáa.

Lögreglumaður var staddur í nágrenninu þegar hann heyrði skothvelli. Þegar hann kom fann hann særðan mann, eitt fórnarlambanna, staulast út úr húsinu. Lögreglumaðurinn dró upp byssu og kallaði á byssmanninn, en hafði vart opnað muninn þegar byssumaðurinn skaut sjálfan sig.

- gb

Pota British Airways lenti í Keflavík í gær:

Áætlunarflug hafið

SAMGÖNGUR Flugfélagið British Airways hóf reglulegt áætlunarflug til Íslands í gærmorgun þegar Boeing 737-400 þota félagsins lenti í Keflavík. British Airways mun fljúga milli Gatwick flugvallar, sunnan London, og Keflavíkur fimm sinnum í viku.

Viðmiðunarverð flugfélagsins fyrir flug báðar leiðir er 22.990 kr. með sköttum. Af tilefni þessa fyrsta flugs bjóðast þeim sem skrá sig á vefsetur félagsins, www.brit-



FYRSTA FLUG BRITISH AIRWAYS

ishairways.com, fyrir lok þessa mánaðar afsláttur af flugmiðum og gistingu. ■

NISSAN PATHFINDER



ÆVINTÝRI
LÍKASTUR

Breyting frá Arctic Trucks

Verðið á Nissan Pathfinder hefur líklega aldrei verið hagstæðara. Þessi skemmtilegi jeppi er blanda af krafti alvöru fjallajappa eins og þeir gerast bestir og lipurð flottustu götubíla. Útkoman er ævintýri líkast og hefur slegið eftirminnilega í gegn.

Littu inn og berðu hetjuna augum!

Verðið á Nissan Pathfinder er frá **4.070.000 kr.**

Ingvor Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opíð: Mán – fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16

Klæðskerasniðnar lausnir

“Það er metnaður okkar að veita ávallt klæðskerasniðna ráðgjöf í bland við persónulega þjónustu sem byggir á sérþekkingu okkar í fjármögnun atvinnutækja. Við sníðum fjármögnun í takt við þarfir hvers og eins, enda vitum við að hver viðskiptavinur okkar er einstakur.”

Arnar Snær Kárason

Ráðgjafi, Fjármögnun atvinnutækja


LÝSING

Fjármögnun í takt við þínar þarfir

Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 1500 Fax 540 1505
www.lysing.is

8.000 kr. afsláttur

Ef þú bókar flug og gistingu til Tallinn eða Vilnius frá sunnudegi til miðvikudags fyrir 1. maí getur þú tryggt þér 8.000 kr. afslátt. Fyrstu 100 sætin.

**Beint flug
í október
og nóvember**

Haukstveisla

Terra Nova 2006

Glæsilegir nýir áfangastaðir
í beinu flugi frá ÍslandiBókaðu á
www.terranova.is**Tallinn**
frá 34.790 kr.**FRÁBÆRT
VERÐ!****Vilnius**
frá 33.290 kr.**NYIR
ÁFANGA-
STAÐIR****Sofia**
frá 46.990 kr.Skógarhlíð 18 · 105 Reykjavík · Sími: 591 9000
www.terranova.is · Akureyri sími: 461 1099
Hafnarfjörður sími: 510 9500**TERRA
NOVA**
-SPENNANDI VALKOSTUR

**Flott hugmynd að
fermingargjöf**

**High Peak Sherpa
55+10**
Góður göngupoki, stillanlegt
bak og stækkanlegt aðalhölf.

**Fermingartilboð
8.990 kr.**
Verð áður 10.990 kr.

Einnig til 65+10
Fermingartilboð 9.990 kr.

„ORÐRÉTT“

Óskýr skilaboð

„Ég tel að það sé slíkur kraftur í Íslendingum og íslensku samfélagi að þá fái enginn stöðvað það, hvorki neikvæð umfjöllun né ósanngirni.“

HALLDÓR ÁSGRÍMSSON FOR-
SÆTISRÁÐHERRA Í VIÐTALI VIÐ
MORGUNBLAÐ.Menningarleg
sprenging

„Þetta var menningarleg sprenging. Fólk var ekki vant að sjá annað en landslagsmálverk. Þetta vakti óendanlega hneykslan og eins og gerist oft á Íslandi skiptist fólk í tvær andstæðar fylkingar.“

KJARTAN GUÐJÓNSSON LISTMÁL-
ARI UM SÝNINGU Á ABSTRAKTLIST
SEM VAR HALDIN Í LISTAMANNA-
SKÁLANUM ÁRIÐ 1945.

nær og fjær

tilveran



HORFT Á SÓLARLAGIÐ Ferðalangar í borginni Cartagena í Kólumbíu slappa af á ströndinni og horfa á sólina setjast. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



HÖFN Í HORNAFIRÐI Víst er að fjórlegt verður í bænum undir lok júní þegar ráðherrafundur EFTA verður haldinn.

EFTA menn í manna

Um 150 manns sækja ráðherrafund Fríverslunar-
samtaka Evrópu, EFTA, á
Höfn í Hornafirði í júní.
Heimamenn hlakka til fund-
arins og eru til þjónustu
reiðubúnir.

„Þetta er virkilega góð viðurkenning á Hornafirði sem stað til að taka á móti fólki og undirstrikar það sem við höfum byggt upp,“ segir Albert Eymundsson bæjarstjóri.

Ráðherrafundur EFTA eru haldnir á fjögurra ára fresti og jafnan í því landi sem fer með forystu í samtökunum það árið. Fjögur ríki eru í samtökunum: Ísland, Noregur, Sviss og Liechtenstein. Þó að fundurinn heiti ráðherrafundur sækja hann ekki einungis ráðherrar heldur einnig fjölmargir embættismenn hjá EFTA og þingmenn aðildarríkjanna.

Og á meðan EFTA-fólkið ræður ráðum sínum á ráðstefnu þarf að hafa ofan af fyrir mökum sem kunna að koma með. „Það er af nægu að taka í umhverfinu til að skoða, njóta og fræðast,“ segir Albert.

Hornfirðingar eiga sér ýmis sérkenni og er eitt þeirra Hornafjarðarmanninn. Hornafjarðarmeistararmótið er haldið árlega og síðast fór Sverrir Guðmunds-



ALBERT EYMUÐSSON Bæjarstjórinn er spenntur.

son á Austurhóli með sigur af hólmi. Hann er ekki í nokkrum vafa um að vel færi á að EFTAmönnum verði kennd tókin á spiliinu. „Ég mæli eindregið með því,“ segir Sverrir og bætir við að spilið sé svo einfalt að allir frá þriggja ára aldri geti lært það.

Hornfirðingar eru sjóaðir í að halda fjölmenna fundi, síðastliðið vor héldu þeir alþjóðlega ráðstefnu um sandstrendur og landris og komu þátttakendur og fyrirlesarar alls staðar að úr heiminum. ■



VERÐUR BRÁTT AÐ ENGU Sífellt gengur á steinsteypuna við Grandaveg. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Enn gengur á Lýsi

Niðurrif Lýsisverksmiðjunnar við Grandaveg gengur vel og standa nú nánast aðeins eftir útveggir tveggja húsa á lóðinni. Aðrar byggingar, tankar og fleiri mannvirki hafa orðið stórvirkum vinnuvélum að bráð.

Mörg hús hafa verið rifin í Reykjavík síðustu mánuði og misseri og kom fram á ráðstefnu á dögnum að úrgangur vegna niðurrifs mannvirkja væri meiri en sem nemur almennu sorpi borgarbúa. ■

Búið að rífa Blönduskálann

Einn þekktasta þjóðvegagjappa landsins, Blönduskálinn á Blönduósi, heyrir nú sögunni til. Skálinn var rifinn á dögunum og brakinu komið haganlega fyrir á ruslahaugum bæjarins.

Blönduskálinn var reistur um eða upp úr 1980 og var vinsæll áningarstaður ferðalanga, hvort heldur þeir voru á norður- eða suðurleið. Norðurleiðarútan stoppaði þar og var skálinn svo að segja miðstöð mannlífs á Blönduósi um tíma. Þar kraumuðu ófár pylsurnar í potti og bensín rann um slöngur.

Reksturinn gekk lengst af vel en síðar tók að halla undan fæti. Nokkrir önnuðust reksturinn á síðustu árum en á endanum var endanlega skellt í lás. Undir lokin voru



BLÖNDUSKÁLINN EINS OG VIÐ ÞEKKTUM HANN Margir stöldrúðu við skálanum og fylltu tanka – ýmist bifreiða eða sína eigin.



NÝ MYND Svipur suðurenda Blönduóss er annar eftir að Blönduskálinn var rifinn.



RÁÐIST TIL ATLÖGU Stórvirkar vinnuvélar brutu skálann mélinu smærra.



BRÁK OG BRESTIR Vel gekk að jafna skálann við jörðu.

uppi einhverjar vangaveitur um annars konar rekstur í húsinu en þær urðu ekki að veruleika.

Fyrir nokkrum árum var bensínstöðinni breytt í sjálfsafgreiðslustöð ÓB. Nú þegar Blönduskálinn

er farinn verður betur búið að dæluunum og skýli byggt yfir þær.

-bps



HÚSAVÍK Hlýtur kannski nafnið Sveitarfélag Garðars Svavarssonar.

Álvík, Krubbur eða Gósenland

Alls bárust 124 tillögur í samkeppni um nafn sameinads sveitarfélags Húsavíkur, Keldunes-hrepps, Raufarhafnarhrepps og Óxarfjarðarhrepps. Tillögurnar eru afar fjölbreyttar og greinilegt að þátttakendur eru með eindæmum hugmyndaþróun. Meðal tillagna sem bárust eru Sveitarfélag Garðars Svavarssonar, Stóri-Raufarhafnarhreppur og Tjörneshreppur hinn meiri, auk hefðbundnari nafna á borð við Austurþing, Heiðabyggð og Reykjaborg. Þá voru Álvík, Krubbur og Gósenland meðal tillagna, sem og Norðurborg, Norðurhjarir og Norðurslóð.

Verkefnisstjórn tekur tillögurnar til athugunar, velur nokkrar úr og leitar umsagnar Örnefnanefndar. Kosningabærir íbúa hins nýja sveitarfélags kjósa svo á milli nokkurra tillagna samhliða sveitarstjórnarkosningunum í vor. 100 þúsund króna verðlaun verða veitt þeim er á sigurnafnið. ■

TILLÖGURNAR 124

- Aðalþing, ■ Auðlind, ■ Austurbær,
- Austurþing, ■ Álvík, ■ Árþing, ■ Ásberg,
- Ásbyggð, ■ Ásbyrgi, ■ Ásbær, ■ Ásverja-
- byggð, ■ Bakkavík, ■ Bláskógahérað,
- Eystribyggð, ■ Fagraborg, ■ Fagrabýggð,
- Fagríbær, ■ Fjallabyggð, ■ Fjallþing,
- Flóabyggð, ■ Framtíðarbyggð, ■ Garðars-
- byggð, ■ Garðarshólmi, ■ Gjúfrarörp,
- Gljúfrabyggð, ■ Gljúfrásveit, ■ Gljúfratunga,
- Gljúfrabing, ■ Gósenland, ■ Hafnarborgir,
- Heiðabyggð, ■ Heimabyggð, ■ Heimskauta-
- byggð, ■ Hraunhafnir, ■ Hraunhöfn,
- Húsabyggð, ■ Húsavíkurbýggð,
- Húsavíkurbær, ■ Jöklaþing, ■ Keldubýggð,
- Kotungabyggð, ■ Krubbur, ■ Landnáms-
- byggð, ■ Miklaþing, ■ Naustavík, ■ N-Austur-
- byggð, ■ Náttfarabyggð, ■ Norð-Austurhérað,
- Norðausturbýggð, ■ Norð-Austurbyggð,
- Norðausturhérað, ■ Norðaustur-Horn,
- Norðausturland, ■ Norð-Austurland,
- Norðaustursveit, ■ Norð-Austursveit,
- Norðausturtunga, ■ Norð-Austurtunga,
- Norðausturþing, ■ Norð-Austurþing,
- Norðurborg, ■ Norðurbót, ■ Norðurbú,
- Norðurbyggð, ■ Norðurbær, ■ Norðurhafnir,
- Norðurhjarir, ■ Norður-Hjarir, ■ Norður-
- ljósabyggð, ■ Norðurslóð, ■ Norðurströnd,
- Norðursýsla, ■ Norðurvegur, ■ Norðurþing,
- Núpavík, ■ Nyrstabyggð, ■ Orkan, ■ Perlan,
- Rauðaþing, ■ Reykjaborg, ■ Reykjabyggð,
- Reykjabær, ■ Sambýggð, ■ Samsveit,
- Skálabær, ■ Skálavík, ■ Skeifan-Norður-
- sýsla, ■ Skjaldborg, ■ Skjálíandi,
- Sléttubýggð, ■ Sléttuvík, ■ Stakkavík,
- Stapavík, ■ Stóri-Raufarhafnarhreppur,
- Stórþing, ■ Sunnuborg, ■ Sveitarfélag
- Garðars Svavarssonar, ■ Sveitarfélagið Akur,
- Sveitarfélagið Ás, ■ Sveitarfélagið Ásbyrgi,
- Sveitarfélagið Bjarmi, ■ Sveitarfélagið
- Gjögur, ■ Sveitarfélagið Gljúfrabyggð,
- Sveitarfélagið Norðausturland,
- Sveitarfélagið Norðurslóð, ■ Sveitarfélagið
- Norðurþing, ■ Sveitarfélagið Skjálíandi,
- Sveitarfélagið Vonin, ■ Tjörneshreppur
- hinn meiri, ■ Víðáttusveit, ■ Víkingasveit,
- Víkursléttu, ■ Þingborg, ■ Þingbyggð,
- Þingbær, ■ Þingey, ■ Þingeyjarborg,
- Þingeyjarbyggð, ■ Þingeyjarsýsla, ■ Þingeyj-
- arsýslubýggð, ■ Þingeyjarsýslubær,
- Þingsalir, ■ Þjóðgarður og ■ Óxarþing.



Akraland ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
sími 599 4000, fax 599 4001

GULLMOLINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Akraland ehf. er nú að hefja sölu lóða í 2. áfanga Akrahverfis í Garðabæ. Um er að ræða 35 lóðir undir einbýlishús. Framkvæmdir og uppbygging í Akrahverfinu hófust 2005. Þar er að rísa glæsilegt hverfi þar sem mikill metnaður ræður ríkjum varðandi hönnun, arkitektúr og alla uppbyggingu í metnaðarfullu sveitarfélagi.

Lóðirnar eru frábærar eignarlóðir og hverfið er vel staðsett á grónu svæði á besta stað í Garðabæ. Þetta eru góðar byggingarlóðir á frjósömu svæði mjög miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu. Þær eru staðsettar rétt við greiðar og fljótarnar umferðaræðar sem liggja til allra átta.

Tilboðum í lóðirnar skal skila eigi síðar en **6. apríl 2006 kl. 15:00**. Tilboðnum skal skila á skrifstofu Akralands í Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík þar sem allar nánari upplýsingar eru veittar um lóðirnar. Fasteignasalan Borgir mun einnig annast milligöngu um sölu lóðanna og geta þeir sem hafa áhuga snúið sér þangað.

Nánari upplýsingar um lóðirnar, stærð þeirra og nýtingu ásamt upplýsingum um hvernig væntanlegir kaupendur bera sig að við tilboðsgerð er að finna á vefsíðu Akralands, www.akraland.is

Mikilvægt er að tilboðsgjafar kynni sér vel öll tilboðsgögn, s.s. tilboðsskilmála, tilboðsskrá, sölu- og skipulagsskilmála en öll tilboð taka mið af þessum skilmálum.



www.akraland.is




Tilboðsrestur 6. apríl, kl.15.00



Svona erum við

> Fjöldi togara skráðir á Íslandi 2002-2005



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: FLUGBJÖRGUNARFLOTINN

Björgunarþyrlu út á land

Björgunarmál þjóðarinnar eru í upplausn eftir að Bandaríkstjórn tilkynnti að þyrlur varnarliðsins myndu hverfa á brott með haustinu. Íslensk stjórnvöld þurfa á skömmum tíma að finna framtíðarlausn sem tryggir sem best öryggi landsmanna.

Hvert er hlutverk flugflota gæslunnar?

Landhelgisgæslan hefur yfir að ráða tveimur þyrlum og einni flugvél. Þessi loftför sinna almennu eftirliti á hafinu í kringum landið svo sem fiskveiðieftirliti, mengunareftirliti, ískönnun og rannsóknarvinnu. Leit, björgun, sjúkraflug og flug með björgunarsveitir er veigamikill þáttur í starfi gæslunnar.

Á flugbjörgunarflotinn að vera á einum stað?

Ljóst er að fjölga þarf þyrlum gæslunnar svo að hún verði í stakk búin til

að sinna öryggishlutverki sínu sem skyldi. Óverjandi er að allur flugbjörgunarfloti þjóðarinnar sé staðsettur á sama stað. Mannslif hanga oftar en ekki á bláþræði tímans þegar neyð ber að garði og því þarf að stytta viðbragðstíma þeirra sem koma að björgun og sjúkraflugi svo mikið sem kostur er. Veður og önnur náttúruvá getur hindrað að björgunarþyrlur

komist á loft á einum stað á meðan flugfært er í öðrum landshluta. Því er eðlilegt að hluti flugbjörgunarflotans sé staðsettur á landsbyggðinni.

Hvar á landsbyggðinni?

Rökrétt er að ein björgunarþyrla hið minnsta verði á Akureyri. Þar er nú þegar miðstöð sjúkraflugs á Íslandi, sólarhringsvaktir á flugvælinum og öflug sjúkráhus. Björgunarþyrla á Akureyri myndi svara ákalli sjómanna til margra ára þess efnis að þyrla verði staðsett á landsbyggðinni.



SPURT & SVARAÐ

ÍSLENSKT FJÁRMÁLALÍF

Bankar þola gagnrýnina

Í skýrslu greiningardeildar Danske Bank er því spáð að efnahagsástand á Íslandi muni versna til muna á þessu ári. Þessum spám hefur verið vísað til föðurhúsanna af forsvarsmönnum fjármálafyrirtækja hér á landi.



ÞÓÐUR PÁLSSON
Yfirmaður greiningardeildar KB banka.

Af hverju stafar þessi heft Dana í garð íslenskra fjármálafyrirtækja? Það vekur upp spurningar að Danske Bank skuli kjósa að birta skýrslu um íslenskt fjármálalíf, sem er uppfyllt að staðreyndavillum. Forsvarsmenn Danske Bank hafa sagt það vera til þess að upplýsa viðskiptamenn sína, en þá vaknar sú spurning hvers vegna skýrslan er einungis gefin út á ensku en ekki á dönsku, þar sem flestir viðskiptamenn bankans eru dönsku-mælandi.

Getur skýrslan skaðað starfsemi íslenskra banka í Danmörku? Nei, það held ég ekki. Skýrslan vekur upp spurningar til skamms tíma um starfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja, en þau þola fyllilega þá skoðun sem fylgir slíkrí athygli. Til lengri tíma held ég að þetta skaði ekki starfsemi fyrirtækjanna.

LANDIÐ ER OPID FYRIR ERLENDUM STARFSMÖNNUM Erlendir verkamenn og iðnaðarmenn hafa streymt til landsins enda nógá vinnu að fá og landið í stórum dráttum opið fyrir erlendu vinnuafli. Starfsmannaleigur þurfa þó að fara eftir reglum og því gengur starfsemi lögreglunnar nú að miklu leyti út á að reka þær inn í girðinguna. Mennirnir á myndinni tengjast ekki efni greinarinnar ekki beint.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Eftirlit komið ofan í grunnana

Sex manna Útlendingaeftirlit hjá Lögreglunni í Reykjavík sinnir eftirliti með því að útlendingar séu löglegir í landinu og á vinnumarkaði, heimsækir vinnustaði, skoðar lista yfir erlenda starfsmenn og kannar atvinnu- og dvalarleyfi þeirra. Sömu lögreglumenn sinna eftirliti með skipakomum, alþjóðaflugi og vopnaleit í kringum Reykjavíkflugvöll.

leiki, vanþekking á lögum og leikreglum, menningarmunur og tungumálavandi sem veldur því ef ekki er farið eftir leikreglum.

Eftirlit með útlendingum er í raun mun meira en inngangurinn hér að ofan gefur til kynna því að almennir lögreglumenn, hvort heldur á höfuðborgarsvæðinu eða úti á landi, rannsaka málefni útlendinga með einum eða öðrum hætti alla daga. Þá eru þrjár lögreglumenn í föstu starfi hjá Útlendingaeftirlitinu við að skoða rekstrar- og vinnuveitingaleyfi á hótélum, skemmti- og veitingastöðum, bakaríum og í skyldum rekstri. Þeir sinna ekki öðru á meðan.

Erlendar starfsmannaleigur þurfa að starfa eftir starfsmannalögum og eru þeim settar tvær meginreglur. Til að þær geti endurleigt vinnuafli sitt þurfa þær að vera með skráða starfsmannaleigu í heimalandi sínu eða einhverju hinna Evrópulandanna. Ef svo er þá geta þær ráðið í gegnum það fyrirtæki vinnuafli úr heimalandinu eða öðrum Evrópulöndum inn á íslenskan vinnumarkað.

Starfsmannaleigurnar þurfa líka að uppfylla lög og reglur um tryggingamál og skattamál. Ef þær gera það eru þær í góðum málum. Ef starfsmannaleigurnar hins vegar fara ekki að leikreglum þá getur Vinnuálastofnun óskað

eftir því að lögreglan stöðvi starfsemi þeirra. Lögregla hefur þannig hlutverk eftirlitsaðila, hún fylgist með því að útlendingar séu hér á landi undir réttum formerkjum og hafi allar tryggingar og leyfi. Lögreglan heimsækir því vinnustaði og skoðar hvort þetta sé í lagi hjá hverjum og einum, fer yfir starfsmannalista og uppfyllir þannig eftirlitsskyldu sína.

Nokkuð er um það að starfsmannaleigurnar láti hjá líða að tilkynna sig með lögformlegum hætti hjá Vinnuálastofnun, en þær eiga að tilkynna alla starfsmennina þangað og á hvaða kjörum þær eru ráðnir. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa forsvarsmenn leiganna talið að þetta gengi sjálfkrafa fyrir sig. Einnig hefur oft brugðist að tilkynna starfsmenn til Útlendingastofnunar.

Í þriðja lagi eru svo skattskilin og tryggingamálin. Lögreglan fylgist með skattskilum í sambandi við skattstjórana í landinu og sömuleiðis að erlendir starfsmenn séu með svokallaða E101 tryggingu sem er afar mikilvæg til að þeir njóti nánast sömu heilbrigðisþjónustu og Íslendingar hér á landi.

Launagreiðslur erlendra starfsmanna hafa talsvert verið til skoðunar á vinnumarkaði. Íslensk lög segja að greiða skuli að minnsta kosti lágmarkslaun samkvæmt kjarasamningum. Starfsmannaleigur rukka fyrirtækja, sem fá starfsmenn á leigu, en skilyrði er að starfsmönnum sé greitt í samræmi við íslensk lög. Þar kemur lögreglan inn, það er jú hennar skylda að sjá til þess að lögum sé framfylgt og til þess þarf hún að skoða ráðningasamninga og launaseðla.

Segja má að landamæraeftirlitið sé komið ofan í byggingagrunnana eftir að landið var opnað jafn mikið fyrir erlendu vinnuafli og raun ber vitni.

Þörf Íslendinga fyrir erlent vinnuafli hefur verið gríðarlegt og í dag skipta þeir þúsundum erlendu iðnaðar- og verkamennirnir, sem hér eru til skemmri eða lengri tíma. Sumir þeirra koma til starfa í gegnum erlendar starfsmannaleigur, aðrir í gegnum þjónustusamninga og enn aðrir ráða sig í beint ráðningasamband.

Starf Útlendingaeftirlitsins má segja að gangi að verulegu leyti út á það að reka leigurnar inn í hólfíð, sjá til þess að þær fari að lögum og reglum. Lögreglan hefur verið önnur kafin síðustu vikur við að heimsækja vinnustaði og kanna hvort erlendar starfsmannaleigur, sem hafa sent starfsmenn á þessa vinnustaði, fari eftir nýjum lögum um starfsmannaleigur sem tóku gildi í upphafi ársins. Ljóst er að í flestum tilfellum er það ókunnug-



DV

Hefur þú séð DV í dag?

ERLINGUR HELGI EINARSSON REYNDI AÐ HJÁLPA VEIKRI VINKONU SINNI

NEITAÐ UM SJÚKRABÍL OG ELSA DÓ



„Þeir neituðu að koma“

FRÉTTASKÝRING
GUÐRÚN HELGA SIGURDARD.
ghs@frettabladid.is



HVAÐ SEGIRÐU? Yusuke Kobayashi, sex ára japanskur drengur, hallar sér að Papero, talandi vélmenni sem var til sýnis í leikfangaverslun í Tókýó á sunnudaginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Gæti nýst sem vatnsforðabúr

Þegar vatn þrýtur á jörðinni væri hugsanlega hægt að ná í vatn úr loftsteinum sem eru á sveimi í sólkerfinu.

Vísindamenn hafa fundið merki um frosið vatn í loftsteini sem er staðsettur nálægt Júpíter. Þetta kemur á óvart því áður var talið að einungis vatnslausir loftsteinar væru á sveimi svo nálægt sólinni.

Þetta segja vísindamenn á stjörnufræðisstöð á Hawaii. - gb



MEÐ HÖFUÐKÚPU FORFÖÐUR Ævaforn hauskúpa sem gæti reynst vera „týndi hlekkurinn“.FRÉTTABLAÐIÐ/AP

250.000 ára höfuðkúpa

Vísindamenn í Eþíópíu segjast hafa fundið 250.000 ára gamla steingerða höfuðkúpu af mannætt.

Höfuðkúpan er talin vera týndi hlekkurinn á milli „upprétta mannsins“ svokallaða og nútíma-mannsins. Sérfræðingur við Indiana háskóla í Bandaríkjunum, sem hefur eftirlit með rannsókninni, segir fundinn merkilegan vegna þess hversu heilleg höfuðkúpan er. Steingervingurinn sýni andlit sem er frumstætt og merkjanlega ólíkt mannsandliti en ekki fari á milli mála að um forföður nútíma-manna sé að ræða.

- shá

Merkjavara á silfurfatí

MIKIÐ ÚRVAL AF ÍÞRÓTTAVÖRUR FRÁ NIKE, ADIDAS OG PUMA

Upplýsingasími: 552 6634

Opið virka daga frá kl. 14:00 til kl. 18:00
Opið um helgar frá kl. 10:30 til kl. 18:00

Fótboltavörur: Nike, Adidas, Puma, Mitre - Góðar sumargjafir. Fótboltaskór - legghlifar - búningar - boltar mesta úrval landsins

Sundfatnaður: Nike, Adidas, Speedo, Arena og Triumph. Sundbolir, bikini, sundskýlur, sundbuxur (boxer), barnasundföt.

Okkar takmark: 50% - 80% lækkun frá fullu verði.

Adidas	Mitre	NIKE	Rucanor
Triumph	SPEEDO	Runway	adidas
Northland	Puma	Catmandoo	

50% - 80% lækkun

V E R ð D Æ M I

	Okkar verð	Fullt verð
Fleecehanskar	600 kr.	1.750 kr.
Northland polobolir	1.200 kr.	2.990 kr.
Icepeak windstopper dömufleecepeysur	2.500 kr.	5.990 kr.
Fleeceasett barna	1.200 kr.	3.990 kr.
Puma fótboltaskór	2.000 kr. 4.990 kr./	6.990 kr.
Regnsett Didrikson	2.000 kr.	4.990 kr.
Úlpur C-Line	3.800 kr.	9.990 kr.
Gönguskór Conway	4.990 kr.	9.990 kr.
Mixari (Blender)	3.990 kr.	4.990 kr.
Körfuboltar	1.000 kr.	2.000 kr.
Adidas fótboltaskór	5.000 kr.	9.990 kr.
Barnafótboltaskór	frá kr. 2.000	
Speedo-Adidas-Nike-Arena sundbolir	1.000 kr./ 1.500 kr.	2.990 kr./ 3.990 kr.

Okkar takmark: 50% - 80% lækkun frá fullu verði
Visa/euro
Sendum út á land


Opnunartími: Virka daga 14.00 - 18.00 • Laugardaga/Sunnudaga 10.30 - 18.00 • Upplýsingasími 552 6634

AMERICAN IDOL
Í KVÖLD KL. 21.30



VINSÆLASTI SJÓNVARPS-
ÞÁTTUR HEIMS!
HVER VERÐUR NÆSTA IDOL-
STJARNAN BANDARÍKJANNA?

FYLGSTU MED!



skoðun

SJÓNARMÍÐ

KÁRI JÓNASSON

Yfirburðir sjálfstæðismanna í Reykjavík:

Tveir mánuðir í kosningar

Nú þegar réttir tveir mánuðir eru þar til sveitarstjórnarkosningar fara fram hér á landi eru flokkar og fulltrúar kosningabandalaga um land allt í óða önn að undirbúa sig fyrir kosningaslaginn sem er framundan. Víðast hvar er orðið ljóst hverjir verða í framboði og listar hafa verið birtir og þá hefst venjulega málefnavinnan.

Eins og jafnan áður beinist athygli landsmanna einkum að stöðunni í Reykjavík, en þar bendir ekkert til annars en að sjálfstæðismenn eigi sigurinn vísan, eins og raunar er búð að vera ljóst nú um nokkurra mánaða skeið. Skoðanakönnun Fréttablaðsins, sem birt var í gær undirstrikar enn og aftur yfirburði sjálfstæðismanna í þessum efnum með Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssoni í broddi fylkingar. Þeir fengu hvorki meira né minna en níu af fimmtán borgarfulltrúum í Reykjavík, Samfylkingin fimm og Vinstri grænir einn fulltrúa. Frjálslyndir og Framsóknarflokkurinn fengu engan fulltrúa kjörinn. Framsóknarflokkurinn má muna

Í sveitarstjórnarkosningum á ýmsum stöðum á landsbyggðinni verður það oft svo í kosningabaráttunni og reyndar stundum á kjörtímabilinu öllu, að málefnaumræða vikur fyrir persónulegum kryt og heift, þannig að byggðarlögin líða fyrir.

fífil sinn fegri í borgarmálum, og menn þar á bæ hljóta að vera þungt hugsi yfir útkomu flokksins í skoðanakönnunum. Það þýðir ekki sí og æ að minna á að flokkurinn fái minna í könnunum en í kosningum. Sífelld ólga og óánægja innan flokksins í Reykjavík hefur áreiðanlega sitt að segja varðandi útkomu í könnunum og í vor. En þótt augu flestra beinist að úrslitunum í Reykjavík, er ljóst að framundan eru spennandi sveitarstjórnarkosningar víða um land. Frá því í síðustu kosningum hafa orðið þónokkrar breytingar á framboðum og nægir þar að minna á nýtt kosningaafli í Reykjanesbæ, þar sem Samfylking og Framsóknarflokkur hafa slegið sér saman um einn sameiginlegan lista. Hann var ákveðinn áður en Bandaríkjamenn vörpuðu Varnarliðssprengjunni á íslenskt samfélag fyrir skömmu. Úrslitin í viðræðunum við Bandaríkjamenn munu eflaust hafa einhver áhrif á gang sveitarstjórnarmála á Suðurnesjum í maí, og forystumenn aðallistanna þar eru þegar farnir að yfirbjóða hvor annan, vegna nálægðar kosninganna.

Í sveitarstjórnarkosningum á ýmsum stöðum á landsbyggðinni verður það oft svo í kosningabaráttunni og reyndar stundum á kjörtímabilinu öllu, að málefnaumræða vikur fyrir persónulegum kryt og heift, þannig að byggðarlögin líða fyrir. Návirgi er mun meira í sveitarstjórnarkosningum og sveitarstjórnun en á Alþingi og í alþingiskosningum og þar kemur margt til. Þetta hefur orðið til þess að frambærilegir menn og konur gefa ekki kost á sér til starfa í sveitarstjórnun, eða gefast upp eftir stutta setu þar. Með stærri sveitarfélögum og öflugri ætti þetta vandamál að minnka, þótt seint verði komi í veg fyrir nágrannakryt og öfund.

Viðskiptalögfræði á Bifröst

„Meistaragráða í lögfræði sem byggir á BS í viðskiptalögfræði hefur reynst mjög dýrmæt í mínu starfi. Samblanda áfanga í lög- og viðskiptafræði er nauðsynlegur grunnur fyrir lögfræðinga sem starfa hjá fyrirtækjum. Sú þekking er ómissandi þegar kemur að mati á fjárfestingarkostum, samningagerð, gerð áreiðanleikakannana og við yfirtöku eða samruna fyrirtækja. Nám í lögfræði á Bifröst undirbýr nemendur með þarfir atvinnulífsins í huga, það er fjárfestingarkostur sem skilar sér margfalt til baka.“



Björn Jakob Björnsson,
Lögfræðingur
SMI Real Estate Group
ML í lögfræði 2006



VIÐSKIPTAHÁSKÓLINN

Frekari upplýsingar:

www.bifrost.is

BIFRÖST

311 Borgarnes | Sími 433 3000

Stjórnumda- og leiðtogaskóli í 88 ár

FRÁ DEGI TIL DAGS

Kaupið lækkar

Fjölskyldurnar í landinu þurfa nú að fara að hafa áhyggur af boðuðu verðbóluskoti. Síður þó bankarnir sem hafa lánað þeim gríðarlegar fjárhæðir til að kaupa húsnæði á undanförunum misserum á lækkandi vöxtum. Þeir hirða nefnilega verðbæturnar; nýju stóru íbúðalán ungu fjölskyldnanna – á lágu vöxtunum – eru sem fyrr verðtryggð og þær taka skellinn. Kannski hefur Danske Bank og öðrum sést yfir það að íslenskir bankar tapa ekki fé af þessum ástæðum. Þeir skilja ekki að ekki einasta hleypur ríkið undir bagga með bönkunum ef illa fer – með skattpeningum þegnanna – heldur útveggar löggjafinn þeim sérstakar tryggingar gegn verðbólgu. Verðbólga er líka ein aðferð til þess að lækka kaup allra í landinu sem nemur verðbólgunni. Launin eru ekki

verðtryggð.

Íslenskir bankar, sem lánað hafa 90 til 100 prósentu lán vilja sjálfsagt síður að verð á íbúðarhúsnæði lækki með hækkun vaxta. En þegar vextir íbúðalána hækka og verðbólga eykst lækkar verð húsnæðis. Og þá getur reynst dýrkeypt að hafa heimilað 100 prósentu veðsetningu. Við þær aðstæður gætu bankarnir hirt íbúðirnar upp í skuld og boðið unga fólkinu að búa áfram í þeim gegn hæfilegri leigu.

Parf að halda uppi íbúðaverði?

Hagspekingum hefur orðið tíðrætt um það að helstu rætur þenslunnar sé að finna í spennu og ofboðslegum hækkunum á húsnæðismarkaði undanförunum misseri. Þá hækkun má beint rekja til lækkun vaxta á lánnum og gríðarlegu framboði á peningum. Fari svo að lánshæfi bankanna minnki fá þeir sjálfir

fjármagn á lakari kjörum en áður og verða að hækka vexti til viðskiptavina sinna. Líka þeirra sem mest hafa tekið að láni, það er til húsnæðiskaupa. Nú er vitað að framboð á húsnæði á eftir að aukast á næstunni því byggingarframkvæmdir eru með mesta móti. Og bætast ekki 1.000 eða 1.500 íbúðir inn á markaðinn frá varnarliðinu á Keflavíkflugvelli? – Hér vaknar von um að stóri þensluliðurinn – verðhækkun á húsnæðismarkaði á undanförunum misserum – snúist í andhverfu sína og verði til þess að draga mjög úr verðbóluskotinu sem í vændum er. Övissuþátturinn snýr að bönkunum sjálfum, vegna þess að þeir hafa haf af því að halda húsnæðisverðinu uppi svo mjög sem þeir hafa veðsett hækkunina á húsnæðismarkaði sem þeir framkolluðu í rauninni sjálfir.

johann@frettabladid.is

Strandaglópar-group

Ætli það hafi ekki verið vegna þess að hann er sálfræðingur: en grein í mogganum í síðustu viku eftir Áskel Örn Kárason varð til þess að ýfa upp hjá mér sárar minningar sem ég hef bælt of lengi með sjálfum mér. Við lestur greinar sálfræðingsins skildi ég að ég yrði að deila reynslu minni með öðrum til að hún yrði ekki að langvarandi meinsemi í sálarlífinu. Bælingar enda í spælingum: ég gæti endað sem langreiður maður að skrifa um fólku og fylgispekt mér meiri höfunda...

Í mogganum sagði Áskel Örn frá ferð sinni frá Ósló til Keflavíkur og engri þjónustu Flugleiða – eða Icelandair group – eða FL-group – eða Flugfélagið-group – eða hvað sem þeir kalla nú þetta gamla félag eigendurnir nýju í baráttu sinni gegn veruleikanum, en eins og kunnugt er var félagið keypt af mönnum sem hafa meiri reynslu af því að láta hlutabréf fljúga en fólk. Ég lenti sem sé í svipuðum ævintýrum á vegum þessa félags og Áskel Örn þann 2. janúar síðastliðinn.

Fjölskyldan var að koma frá Kaupmannahöfn þar sem við dvöldum yfir áramótin. Við vorum fjögur, hjón og tvö börn, tíu og fimm ára. Okkur var ætlað að fara í loftið um klukkan átta um kvöldin svo að við vorum mætt upp úr sex. Sem var eins gott því að við þurftum að ráfa milli termínala í leit að borði þar sem hægt væri að tékka sig inn á vegum Icelandair. Við fundum eitthvað um síðir úti í horni, enda skildist okkur að félagið ætti ekki lengur vinum að mæta hér í ríki SAS eftir kaup sín á Sterling flugfélaginu sem manni skildist að væri til höfuðs hinu gamla félagi.

Við vorum komin út í vél á tilsettum tíma en ekkert gerðist. Klukkustund leið. Þá loks kom tilkynning í hátalara á dönsku eða ensku um að bilun væri í hreyfli og ekkert yrði af ferð okkar að þessu sinni; við myndum gista á hóteli í nótt en ættum fyrst að fara á transit-svæði. Á meðan við vorum að mjakast út úr vélinni sagði ég við stelpurnar mínar að

Í DAG FERÐASAGA

GUBMUNDUR ANDRI THORSSON



Við áttum eftir að súpa seyðið af því hversu bág þjónustustaða Flugleiða virðist vera á Kastrup

alltaf væri gaman að lenda í ævintýrum og gista á hóteli.

Þegar inn á Kastrup var komið beið okkar enginn frá FL-group. Við eltum kunnuglega baksvipi og komum um síðir á svæði þar sem samfarþegar okkar biðu í langri röð. Við endann á röðinni var borð. Þar hlupu þrjár flaumósa manneskjur í hvítum treyjum fram og til baka og fórunuð höndum. Um síðir kom í ljós að þetta voru starfsmenn Service-air, sem kann að vera eitt af dulnefnum FL-group. Á svæðinu var enginn frá Flugleiðum. Ekki heldur frá Sterling Air. Klukkustund leið. Ekkert gerðist. Allt einu tók ein manneskjan í hvítu treyjuni sig til og steig upp á stól og fór að halda ræðu. Enginn heyrði orð en þó kvisaðist að verið væri að senda vél að heiman og við myndum fara í loftið klukkan þrjú um nóttina og myndum við fá matarmiða í boði Icelandair-group svo að við gætum gert okkur glaðan dag á kostnað félagsins fyrir sjötíu krónur danskur.

Eftir að hafa staðið í röðinni í klukkutíma til að fá matarmiðana þurfti að halda í flókið ferðalag inn og út úr byggingunni – og var þá komið í litla skonsu á vegum 7-11 keðjunnar og hægt að kaupa sér kaldar samlokur með skinku og káli, eftir hálf tíma röð. Sumir vildu kaupa sér bjór en afundinn unglíngur harðneitaði að selja Íslendingum slíkt, sjálfsagt vegna fyrirmæla. Klukkan var að ganga

tölf þegar við vorum loks komin á svokallað fjölskyldusvæði sem okkur hafði verið vísað á. Þar var enginn frá FL-group. Í hópnum voru börn, þar á meðal eitt unga barn, þarna var rosíð fólk og þarna var kona í hjólastól, sumir voru langtaðkomnir. Raddir heyrðust um að við myndum ekkert fara í loftið klukkan þrjú; þetta væri sjónarspil til að þurfa ekki að setja okkur á hótél. Það gekk að minnsta kosti eftir að vélin fór ekki klukkan þrjú heldur klukkan fimm eftir dauflega vist á hvíldarsvæðinu alla nóttina því á korters fresti komu starfsmenn Kastrup og höfðu í frammi skarkala að því er virtist af einskærri danskri andúð á Íslendingum...

Við vorum komin heim til okkar undir hádegi. Flugfreyjur og flugmenn reyndu að gera okkur þessa ferð minna óbærilega en orðið var en þegar til Keflavíkur kom fuk trappan frá hurð flugvélarinnar svo að við þurftum að bíða inni í vél upp undir klukkutíma. Þegar inn var komið þurftum við að bíða eftir farangrinum og var nú tekin að þyngjast brún á sumum sérstaklega þegar starfsmenn á þjónustuborði önsuðu spurningum um farangurinn með skætingi. Frakki einn tjáði sig af hreinskilni um ömurlegt félag og tókst með naumindum að afstýra því að þjónustulltrúar Flugleiða sendu á hann öryggisverði.

Þannig fór um flugferð þá. Þegar ég reyndi nokkrum dögum síðar að tala við talsmann félagsins var auðheyrð að þar er enn í fullu gildi hin gamla regla íslensks viðskiptalífs að kunninn hafi alltaf rangt fyrir sér. Hann lét á sér skilja að ég væri einkum knúinn af öfund yfir launakjörum stjórnenda sem þá voru mjög til umræðu og hefði auk þess viljað komast heim sem fyrst.

Eftir þessa ömurlegu nótt á Kastrup í boði Flugleiða mun mun ég fagna SAS, British Airways, India Air – já þó það yrði Airoflot þar sem flugstjórnarnir eru víst alltaf fullir: bara allt annað en Flugleiðir eða FL-group eða Icelandair group...

MARKAÐURINN

Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIDVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Samkvæmt fjölmörgum Gallup október 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUPLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRNAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinn Stefánsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaffahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSíMI: 550 5000 SíMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafraunu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ÍSSN 1670-3871

Minnisblað um varnar- og öryggismál

UMRÆÐAN
VARNAR OG
ÖRYGGISMÁL



INGVAR GÍSLASON

Ef ekki telst þörf hervarna í líkingu við það sem álitid hefur verið síðan 1951, þá er runnin upp sú stund að Íslendingar eiga að segja upp varnarsamningnum. Og ekki nóg með það: Þeir eiga líka að segja sig úr NATO.

1. Horfa ber á málið frá byrjunarreit, núllpunkti.

2. Meta skal hvort þörf sé hervarna nú, þótt þeirra hafi verið þörf 1941 og 1951. Vanda verður það mat, leita m.a. álits trúverðugra sérfræðinga um hervarnir.

3. Ákveða verður, að fengnu marktæku mati, að afstaðinni pólitískri umræðu heima fyrir, hvort ástæða sé til:

a) að halda við varnarsamningi við Bandaríkin frá 1951.

b) halda áfram aðild að NATO. Á þetta verður að leggja rökstutt, fordómalaust efnismat. Spyrja

verður m.a.: Vegur varnarsamningurinn þyngra en aðild að NATO (eins og þau samtök hafa þróast)?

4. Ef ekki telst þörf hervarna í líkingu við það sem álitid hefur verið síðan 1951, þá er runnin upp sú stund að Íslendingar eiga að segja upp varnarsamningnum. Og ekki nóg með það: Þeir eiga líka að segja sig úr NATO.

5. Þá væri í raun horfið til þess hlutleysisástands, sem var í upphafi fullveldis Íslands 1918, en lauk að segja má 1941, þegar fyrri hverndarsamningurinn við Bandaríkin var gerður á tíma

heimsstyrjaldar. Eftir það var hlutleysisýfirlýsingin frá 1918 nafnið tómt, liðin tíð. Nú kann að vera tímabært að lýsa yfir hlutleysi að nýju. Í því felst þó ekki að íslenska ríkið hirði ekki um varnar- og öryggismál sín. Slíkt sæmir ekki auðugri, fullvalda þjóð, þótt lítil sé. Að vera hlutlaus merkir ekki að þjóðin sé óvirk og sinnalaus um öryggi sitt, vörslu brýnustu þjóðarhagsmuna, m.a. landhelgisgæslu í víðum skilningi, almannavörnum, björgunarstarfsemi á landi og sjó o.s.frv. Íslendingar hafa næg efni til þess að halda uppi heimavörnum og öryggisgæslu

sem hentar vopnlausri smáþjóð.

6. Hitt er annað mál að Íslendingar (ráðamenn þjóðarinnar) verða að koma sér saman um skilgreiningu orða, svo að ljóst sé hvað felst í því að þeir ráði sjálfir heimavörnum sínum og öryggisgæslu. Í þeirri umræðu duga ekki hálfkveðnar vísur eða útúrslunir. Þá er stóra spurningin enn og aftur: Eru hervarnir óhjákvæmilegar? Snýst allt málið um fjórar herþotur („sýnilegar loftvarnir“)? Kemur ekki eitthvað annað til greina?

Höfundur er fyrrverandi alþingismaður og ráðherra.

AF NETINU

Þekktu óvin þinn

En hver er þá hættan sem steðjar að Íslendingum nútímans? Mun grænlenki herinn einn daginn mæta hingað með hvalskutla sínar og sveðjur eða verða það kannski sportklæddir Norðmenn sem sjá tækifæri í varnarleysi landsins, skíða yfir okkur - minnugir fornra yfirráða? Eða Danir sem öfunda okkur svo mikið þessa dagana? Danski herinn hefur jú reynsluna af því að bombardera sumarþústaði þjóðverja við Jótlandsstrendur. Eða þá einhverjar þjóðir sem eru miklu lengra í burtu, og við vitum kannski ekki hvað heita en hafa illt í hyggju? Er furða þótt maður sé fullur af kvíða? Þekktu óvin þinn, stendur á vísu stað, en hvað á sá að gera sem á alls engan óvin.

Egill Helgason á vísir.is

Misbeiting verkalýðsfélaga

Eftir siendurtekna misbeitingu sumra verkalýðsfélaga á aðstöðu sinni hlýtur að fara að koma að því að verkalýðsfélagin verði svipt þessari aðstöðu og látin sjálf um að afla sér félagsmanna og tekna. Ef sú væri raunin er næsta víst að þau færu varlegar í pólitískri baráttu sinni en létu sér nægja að beita sér fyrir hagsmunamálum félagsmanna sinna. Ef þau hins vegar héldu pólitísku baráttunni áfram þá gerði það ekkert til, launamenn gætu þá bara sagt skilið við félagin og hætt að stýrja málstað sem þeim líkaði ekki.

Vefþjóðviljinn á andriki.is

BRÉF TIL BLAÐSINS

Sigurros Baldvinsdóttir skrifar:

Nú get ég ekki orða bundist. Ég er ekki ein af þeim sem sest niður í tíma og ótíma, að láta ljós mitt skína ef mér líkar ekki þetta eða hitt. En 24. mars skrifaði Bergsteinn Sigurðsson pistil í Fréttablaðið. Hans fína smekk var stórlega misboðið. Og það var að Ríkissjónvarpið leyfði sér að senda þessa endemis lágkúru frá sér eins og hann orðaði það, miðvikudagsþættina Tískuþrautir. Andleysi og doði - ekki vantaði orðmæli. Ég er víst ein af þeim sem hef gaman af þessari andleysisvitaleysi og vil hér með færa Ríkissjónvarpinu mínar bestu þakkir fyrir þetta framlag.

Helgi hringdi:

Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ kappkostar nú, eins og skiljanlegt er, að skapa störf á Reykjaneskaga eftir að herinn fer. Hann vill fá álver í Helguvík, en hann vill líka að hinar og þessar ríkisstofnanir verði fluttar í bæjarfélagið sitt. Hefur hann spurt hvað það myndi allt saman kosta. Það er ekki lítið fyrir-tæki að færa hinar og þessar stofnanir út um allar trissur. Þá held ég að betur sé heima setið en af stað farið.

ZAPPA
PLAYS
ZAPPA

miðasala 2. apríl
www.rr.is

Betra verð.....

<p>Brauðrasp 400g kr 79.-</p>	<p>Lasagnablöð 500g kr 98.-</p>	<p>Tagliatelle 500g kr 79.-</p>	<p>Kartöflumús 500g kr 159.-</p>
<p>Gnocchi 1kg kr 69.-</p>	<p>Fusilli 1kg kr 69.-</p>	<p>Macaroni 1kg kr 69.-</p>	<p>Penne 1kg kr 69.-</p>
<p>Spaghetti 1kg kr 59.-</p>		<p>Pastasós 690g kr 129.-</p>	
<p>Hrisgrjón 2kg kr 139.-</p>			

BÓNUS

býður betur

JÚRÍ GAGARÍN (1934-1968)
LÉST PENNAN DAG

„Ég hefði getað haldið
áfram flugi mínu um
geiminn að eilífu.“

Rússneski geimfarinn Júrí Gagarín
fór fyrstur manna út í geiminn.



tímamót

tímamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST > 27. MARS 47 FYRIR KRIST

Kleópatra nær aftur völdum

Pennan dag árið 47 fyrir Krist varð Kleópatra aftur drottning yfir Egyptalandi eftir að hafa staðið í styrjöld við bróður sinn í þrjú ár. Þegar Kleópatra var einungis átján ára lést faðir hennar, Ptólemaios tólfli, og upp frá því stjórnaði hún Egyptalandi með bróður sínum, Ptólemaiosi þrettánda, en hann var einnig eiginmaður hennar. Ósætti kom fljótlega upp á milli systkinanna og borgarstjórld braust út. Kleópatra var rekin í útlegð til Sýrlands þar sem hún reyndi að safna saman nægilegum herstyrk til að ná Egyptalandi aftur undir sína stjórn. Þá slóst rómverski einvaldurinn

Július Sesar í lið með Kleópötru. Rómverjar höfðu í mörg ár talið sig eiga tilkall til Egyptalands og Sesar sá sér leik á borði með því að notfæra sér Kleópötru til að ná aftur tökum á landinu. Herir Sesars réðust inn í Alexandríu til að steypa Ptólemaiosi þrettánda af stóli og Kleópatra elti þá inn í borgina, fór að umgangast Sesar og segir sagan að þau hafi orðið ástfangin hvort af öðru. Ptólemaios flúði Alexandríu en druknaði þegar hann reyndi að komast yfir Nílarfljót. Kleópatra varð aftur drottning en varð þó að giftast öðrum bróður sínum, Ptólemaiosi fjórtánda.



KLEÓPATRA Á PÁPÍRUSI

MERKISATBURÐIR

- 1943** Breski togarinn War Gray var staðinn að ólöglegum veiðum innan íslensku landhelginna. Togarinn sigldi áleiðis með stýrimann varðskipsins Sæbjargar og stöðvaði ekki ferð sína fyrr en varðskipið Ægir hafði elt hann uppi og skotið að honum þrjátíu skotum.
- 1958** Nikíta Khrústsjov tekur við af Nikolái Búlganín sem forseti Sovétríkjanna.
- 1963** Skagafjarðarjarðskjálftinn skekur landið en hann var um 7 stig á Richterskvarða.
- 1977** Tvær flugvélar frá Pan Am og KLM rekast saman á flugbraut á Kanaríeyjum með þeim afleiðingum að 582 láta lífið.
- 1981** Bílasýningin Auto '81 er opnuð í Reykjavík.

ANGLÁT

Emil Dusan Ilic lést á Landspítala Hringbraut 19. mars. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Sessalja Helgadóttir Hicks (Dellý) lést í Wylie, Texas 15. mars. Útförin hefur farið fram.

Guðmundur Geir Ólafsson, Grænumörk 3, Selfossi lést 21. mars.

Ragnheiður Oddsdóttir, Ásabyggð 17, Akureyri lést á hjúkrunarheimilinu Seli á Akureyri 23. mars.

Þórarinn Ingi Þorsteinsson, Faxaskjólí 24, Reykjavík, lést á Landspítalanum í Fossvogi 23. mars.

Guðbjörg Fanndal Torfadóttir, frá Hvítadal, lést á Landakoti 9. mars. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Valdemar Konráðsson, Stigahlíð 32, Reykjavík, lést á Landspítala

ANGLÁT

Fossvogi 13. mars. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Ólafur Aðalsteinn Jónsson, Asparfelli 10, Reykjavík, lést 18. mars.

Ingví Elías Valdemarsson, Álfaheiði 8a, Kópavogi lést á Landakoti 20. mars.

Kristján G. Þorvaldz lést á Landspítala Hringbraut 23. mars.

JARÐARFARIR

13.00 **Kjartan Rósinkrans Stefánsson**, rafvirkjameistari, verður jarðsöngurinn frá Háteigskirkju.

15.00 **Kristján Símonarson**, fyrrverandi flugumferðarstjóri, Hrafnistu, Hafnarfirði, verður jarðsöngurinn frá Frikirkjunni í Hafnarfirði.



Ástkær sonur okkar, unnusti, bróðir,
mágur og barnabarn,

Arnar Freyr Valdimarsson
Efstuhlíð 25, Hafnarfirði,

verður jarðsöngurinn frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 29. mars kl. 15.00.

Katrín Karlotta Brandsdóttir	Valdimar Aðalsteinnsson
Lilja Særós Jónsdóttir	
Sigríður Hlíf Valdimarsdóttir	Einar Logi Sveinsson
Aðalsteinn Valdimarsson	
Björgvin Valdimarsson	
Hlíf Jónsdóttir	Brandur Karlsson
Sigríður Björgvinsdóttir	Aðalsteinn Valdimarsson

Fróðleikur af gardur.is

Þjóðminjavörður og menningarfrömuður:

Matthías Þórðarson

Matthías Septimus Þórðarson var f. 30. okt. 1877 á Fiskilæk í Melasveit, sonur Þórðar b. Sigurðss. og k.h. Sigríðar Runólfsd. Stúd. frá Lærða skól. 1898; cand. phil. frá Kh.hásk. Las norræna málf. og fornfræði; rannsakandi fornminjar. Handavinnukenn. 13 ár. Aðstoðarm. við Forngripasafnið 1907, þjóðminjavörður 1908–47. Flutti safnið í Safnahúsið. Friðlýsti fornminjar og merka staði; kom í allar kirkjur, skrásetti gripi þeirra. Gerði athuganir á Þingvöllum, Bergþórshvoli, í Þjórsárdal o.v. Í stjórn Bókml.fél. frá 1912, forseti 1944–dd. Form. Fornleifafél., ritstj. Árbókar þess. Í Visindafélagi Íslendinga, forseti 1933–36. Í sóknarnefnd Rv., Kirkjuráði 1932–41. Í stjórn Fornritafél. Form. Samb. ísl. heimilisöfn.félaga, Norræna fél. og fél. Germania. Í nefnd um gerð ísl. fána, gerði uppdrátt núv. fána og tillöguna að skjaldarmerki Íslands. Próffessor að nafnbót. Heiðursdoktor við Hl. Lézt 29. des. 1961. Höfðingl. glæsimaður, en fátækur. Helztu rit: Þjóðmenjasafnið 1863–1913. Þjóðmenjasafn Ísl., leiðarvísir. Ættarskrá ÞS og SR á Fiskilæk. Fornleifar á Þingvelli. Ísl. listamenn I–II. Vinlandsferðir. The Althing, 1930. Þingvöllur, 1945. Gaf út Rit Jónasar Hallgr. I–V, 1929–36; þar í nákvæm ævisaga Jónasar. Reit fjölda greina í ísl. og erl. tímarit. F.k.h.: Marie Jensen; skildu, átta tvö börn (bæði í Khöfn). S.k.h.: Guðrður Guðmundsd.

Meira um hann á gardur.is

Hægt er að setja inn auðvæg útlána Íslendinga með því að hringja í síma 585 2700 eða á gardur.is



ÓLAFUR EGILSSON Sendiherra er nýkjörinn formaður Kínversk-Íslenska menningarfélagsins. Hann sér mikilvægi KÍM á tímum örra breytinga enda hafa samskipti landanna aldrei verið meiri.

ÓLAFUR EGILSSON: NÝR FORMAÐUR KÍNVERSK-ÍSLENSKA MENNINGARFÉLAGSINS

Kraftur í samskiptum ríkjanna

Á aðalfundi Kínversk-Íslenska menningarfélagsins, eða KÍM, nú á dögum var Ólafur Egilsson sendiherra kjörinn formaður. Félagið er löngu búið að festa rætur í íslensku samfélagi enda brátt liðin 53 ár frá stofnun þess og þykir mikill fengur að fá Ólaf til liðs við það því fáir eru honum fróðari um samskipti Íslands og Kína. Hann var sendiherra í Peking frá 1998-2002 og hefur tekið þátt í að móta þær breytingar sem hafa orðið á samskiptum ríkjanna undanfarin ár.

„Aðdragandi stofnunar KÍM var að til landsins höfðu borist tímarit á esperantó sem voru gefin út í hinu nýstofnaða Alþýðulýðveldi Kína. Fyrstu félagarnir voru því Esperantistar en líka menn sem höfðu áhuga á þeirri þjóðfélagstilraun sem var verið að gera þarna austur í Asíu,“ segir Ólafur. Upprunalegur tilgangur félagsins, sá að styrkja menningartengsl Íslands og Kína, er enn góður og gildur en starfsemi þess breytist nokkuð með auknu fólksflæði og meiri tengslum ríkjanna tveggja. „Enn fleiri

en áður hafa gert sér grein fyrir því hvað Kína er merkilegt land, bæði hvað varðar mörg þúsund ára menningarsögu og ekki síður vegna þeirra ótrúlega öru efnahagsframfara sem hafa átt sér stað í landinu síðan opnað var fyrir erlent fjármagn eftir lát Maós,“ segir Ólafur.

Íslendingum sem fara til Kína hefur fjölgað mikið og ekki síður Kínverjum sem koma til Íslands. Þegar kemst á beint flug milli landanna þá er hægt að búast við að samskiptin örvist enn,“ segir Ólafur og vísar til loftferðasamnings sem gerður var seint á árinu 2002. Þar var íslenskum flugfélögum skapað tækifæri til að fljúga allt að tíu sinnum í viku til þriggja borga að eigin vali í Kína. Ólafur ætlar að þess verði ekki langt að bíða að flug hefjist enda hefur flugferðin milli Kína og Evrópulanda reynst mörgum flugfélögum ábatasöm.

Sendiráð Íslands í Peking hefur líka átt stóran þátt í að kynna Ísland í Kína. „Síðan sendiráðið var stofnað árið 1995 hefur komið mikið meiri kraftur

í öll samskipti landanna,“ segir Ólafur. Ótrúlega mikil viðskiptaaukning hefur orðið milli Íslands og Kína frá því að sendiráðið var stofnað og eru í gangi viðræður um fríverslunarsamning landanna.

Aðspurður segist Ólafur sjá mikilvægi Kínversk-Íslenska menningarfélagsins á þessum tímum örra breytinga vaxa og er félagið með margt í farvatninu. „KÍM hefur stuðlað að ferðum fræðimanna, listamanna og ferðamanna almennt til Kína og sömu leiðis haft forgöngu um að kynna kínverska menningu hér á landi. Slík menningarkynning er nú ráðgerð í Kópavogi og Akureyri árið 2007,“ segir hann. Einnig er áformuð á vegum félagsins ferð til Tíbet í haust. Fráfarandi stjórn ákvað einnig að halda í nóvember næstkomandi ráðstefnu með erlendum þátttakendum í samvinnu við Asíuver sem er rekið af Háskólanum á Akureyri. „Þar á að fjalla um valdatíma Maós, tilraun til að varpa ljósi á það sem gerðist á því tímabili, bæði jákvætt og neikvætt.“

AFMÆLI



Styrmir Gunnarsson, ritstjóri Morgunblaðsins, er 68 ára.



Páll Einarsson jarðeðlisfræðingur er 59 ára.



Gunnar Oddsson knattspyrnuþjálfari er 41 árs.

Farfuglar og fuglaflensa

Dr. Guðmundur A. Guðmundsson, vistfræðingur á Náttúrufræðistofnun Íslands, gerir íslenska farfugla og fuglaflensu að umtalsefni sínu í dag. Hann flytur erindið „Vorboðar eða vægestir?“ og er það fræðsluerindi marsmánaðar hjá Hinu íslenska náttúrufræðifélagi.

Fjallað verður um hvar íslenskir farfuglar eyða vetrinum og hver séu tengsl dvalarstaðarins við fuglaflensu. Sérstaklega verður litið til þess hvar íslenskir andfuglar eyða vetrinum en talið er að andfuglar séu líklegir til að geta borið hið



skæða afbrigði H5N1 veirunnar. Erindið hefst klukkan

17.15 og er haldið í stofu 132 í Öskju, náttúrufræðihúsi Háskólans.



SKREYTIÞILLINN ART NOUVEAU

Hefðbundin form
vakna til lífsins

FASEIGNIR 20

allt fasteignir

ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR? MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

FASTEIGNASÖLUR	
Atlas	31
Ás	10-12
Árborgir	35
Bakki	20
Bífröst	32
Búseti	26
Draumahús	22-25
Eignastýring	14
Erla investment	34
Fasteignamarkaðurinn	8
Fasteignastofan	27
FMG fasteignasala	9
Hof	35
Húseign	30
Höfði	7,19
Lundur	18-19
Lyngvík	6
Lögmenn Suðurlandi	27
Neteign	37
Nýtt	15
Perla	34
Remax Mjódd	36
Saga fasteignir	36
Smárin	28
Valhöll	16
Vestfirskir verktakar	38
Viðskiptahúsið	13
X-hús	8



Húsinu fylgir suðurgarður með 40 fermetra verönd.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÖL

GÓÐAN DAG

Í dag er mánudagurinn
27. mars, 86. dagur ársins
2006.



Sólarupprás	Hádegis	Sólarlag
Reykjavík	7.04	13.33
Akureyri	6.47	13.18
Heimild: Almanak Háskólans		



Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað
smáauglýsingar á visir.is

Rúmgott raðhús og vel innréttað

Tveggja hæða, 170 fermetra raðhús með innbyggðum bílskúr í Garðabæ.

Fasteignasalan Höfði er með glæsilegt, vel skipulagt raðhús á tveimur hæðum til sölu. Því fylgir innbyggður bílskúr með rafmagni, hita og hurðaopnara og hellulögð innkeyrsla með hitalögn. Suðurgarður er við húsið með fjörutíu fermetra verönd. Stutt er í skóla, leikskóla og alla þjónustu.

Neðri hæðin skiptist í rúmgott anddyri með halógenlýsingu og upphituðum marmararflisum á gólfi, hol með skápi, gestaklósett, stofu og borðstofu þaðan sem útgenget er í

garðinn. Á neðri hæðinni er enn fremur innréttað eldhús með AEG-tækjum, borðkróki og eyju með granítborðplötu. Stigi liggur upp á aðra hæð en þar er hol með mikilli loft-hæð, norðursvalir, þrjú rúmgóð herbergi með skápum, þvottahús með glugga, geymsla og baðherbergi sem er flísalagt í hól og gólf með hornbaðkari og sturtu.

Talsvert geymsluloft er í húsinu sem ekki er skráð í fermetratölu hússins. Allar innréttingar eru sérsmíðaðar og í stíl. Gólfefni hússins eru flísar og parkett og hluti gólfsins er upphitaður.

Ásett verð er 47,7 milljónir.

Mikið smíðað í höfuðborginni

ALDREI BYRJAD Á FLEIRI ÍBÚÐUM Í REYKJAVÍK Á ÁRINU 2005.

Hafin var smíði á 1.257 íbúðum í Reykjavík á árinu 2005 og hefur sú tala aldrei verið hærrí. Lokið var við smíði 782 íbúða á síðasta ári samkvæmt skýrslu byggingarfulltrúa sem lögð var fram í borgarráði nýlega.

Þar kemur fram að íbúðarhúsnæði var helmingur alls húsnæðis sem fullgert var á árinu í fermetrum talið. Vörugeymslur og bílskúrar námu 16 prósentum, verslunar- og skrifstofuhúsnæði 15



prósentum, stofnanahúsnæði þrettán og um sex prósent nýbygginga í Reykjavík árið 2005 var iðnaðarhúsnæði.

Skýrsluna í heild má finna á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is.

Við hjálpum þér að eignast draumaheimilið

Fasteignalán

Kynntu þér kostina við fasteignalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Með faglegri ráðgjöf og fjölbreyttum fasteignalánnum hjálpum við þér að eignast þitt draumaheimili. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Sumarbústaðaferðum fer að fjölga með hækkanði sól. Ef fara á í bústað um páskana er ekki seinna vænna að panta.



Rekstrarverkfræðistofan
Annar hf
Suðurlandsbr. 46 • Sími 568 1020 • Annar.is

Eignaskiptayfirlýsingar
fyrir
atvinnu- og íbúðahúsnæði

Stigar & Handrið
Allar gerðir í tré, stáli og gleri
Heildarlausnir og hagstæð verð
Fjöldi ánægðra viðskiptavina

Verðdæmi:
L - stigar kr. 150.000.-
Hringstigar kr. 240.000.-
Sumarbústaðastigar kr. 30.000.-

Mex byggingavörur
Sími 567 1300 & 848 3215
Lyngháls 3 - www.imex.is

GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

Loksins á Íslandi !!!

HERGÍM 4,826,000 Verð á 157,5 m²
SKOGHEIM 4,746,000 Verð á 90 m² + 23 m² svefhl. 33 m² sólpallur byggingarsettum

Hús & Tæki ehf
Hin vönduðu og geysivinsælu Norsku hús.
Íbúðarhús - Heilsárshús. Margar gerðir. Gott verð!!!

www.hthus.is S - 540 9600 / 896 1081 Hjörtur / 863 6062 Þorkell

TRÉSTIGAR LAGERYVARA
L-stigar, Cottage frá kr 68.000- Beinir stigar, Premium frá kr 19.900-
Lúgustigar frá kr 19.900- Hringstigar, Saturn frá kr 95.000- Fura, beyki, Eik

STIGAR **Stigalagerinn**
HANDRID www.stigalagerinn.is s:5641890

Svefn & heilsa
★★★★★

www.svefn.is

GÍTARINN Opö: Mán-Fös: 10-18 Lau: 11-16
HEIÐJÓÐFÆRAVERSLUN

Da Capo
Þjóðlagagítar
Poki, Stillitæki, Gítameglur

Verð Kr. **15.900,-**
Verð áður: 20.590,-

Stórhöfða 27 • Sími: 552-2125 • www.gitarinn.is • gitarinn@gitarinn.is



Útlit Borgarinnar helst óbreytt að utan.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Halda gömlu Borginni

Miklar framkvæmdir eiga sér stað á Hótel Borg og hluti hótelsins er lokaður á meðan. Þrátt fyrir miklar umbreytingar verður haldið í gamla stílinn, jafnt að innan sem utan.

Miklar framkvæmdir standa yfir á Hótel Borg og í dag er gamli hluti hótelsins einungis fohkelt. „Það er verið að taka húsið í gegn frá a til ö, allar lagnir, glugga, húsgögn og svo framvegis,“ segir Ólafur Þorgeirsson, hótelsstjóri Hótel Borgar, en eins og glöggir menn muna tók KEA

við rekstri hótelsins í fyrra. Farið var í framkvæmdir síðastliðið haust og er áætlað að þeim ljúki nú í maí. Gamla húsið er því lokað sem stundur en búið er að breyta þeim hluta sem er fyrir ofan Kaffibrennsluna svo hann helst opinn.

Breytingarnar eru höfundarverk arkitektsins Páls Hjaltasonar og þrátt fyrir mikil umskipti verður áhersla lögð á að halda gamla stílnum. „Það verður allt nýtt í húsinu en þó í art deco-stíl frá 1930. Við höldum gömlu Borginni og ætlum ekki að fara að gera neinar glórir.“

Engar sýnilegar breytingar

verða gerðar á húsinu að utan enda er það verndað. „Þakið verður hækkað órlítið upp og sjö herbergjum bætt þar við,“ segir Ólafur. Baðherbergi gömlu herbergjanna verða stækkuð og þrefalt gler sett í alla glugga. „Gluggarnir koma til með að líta alveg eins út að utan en þar sem þetta er nú miðbæjarhótel leggjum við mikla áherslu á hljóðeinangrunina.“ Enn fremur verður lobbíið, veitingasalirnir og matseðillinn endurnýjað og í kjölfar breytinganna verður Hótel Borg orðið að fjögurra stjörnu plús hóteli.

mariathora@frettabladid.is



Í dag er gamla hús Hótel Borgar einungis fohkelt.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Ólafur Þorgeirsson er hótelsstjóri Hótel Borgar. Hér sést í útsýnið sem verður frá efstu hæðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Boðið verður upp á meiri lúxus á Borginni eftir að framkvæmdum lýkur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Þakið á húsinu verður hækkað og á efstu hæðinni verða sjö herbergi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Guðmundur Óli Scheving
SKRIFAR UM MEINDÝR OG MEINDÝRAVARNIR

Silfurskottur

Þrjú afbrigði af silfurskottum (thysanura) hafa greinst hér á landi: Lepisma saccharina, Ctenolepisma longicaudata og Ctenolepisma quadriseriata. Þá hefur einnig greinst hér á landi ylskotta sem er nokkuð stærri og virðist loðin. Nafnið Thysanura, er komið úr grísku, „thysano“ þýðir kögur og „ura“ hali eða sporður (fish) og vegna hreyfinga og litar ber hún nafnið silfurskotta (Silverfish). Silfurskottur eru mjög algengar í híbýlum manna og þar sem kjöraðstæður skapast vegna raka og hita, s.s. í verslunum, fyrirtækjum, farartækjum og útihúsum.

Silfurskottan þarf 60-75% raka til að geta fjölgað sér. Hún verður kynþroska þriggja ára gömul. Talið er að hún geti orðið fimm til átta ára gömul. Á þeim stöðum sem hún getur fjölgað sér, verpir hún 12-30 eggjum í einu. Afkvæmi einnar silfurskottu geta orðið allt að 600. Silfurskottan tekur á sig ýms litbrigði eftir aðstæðum, hún getur verið dökk, grá, silfrud og bláleit.

Þegar fólk verður vart við silfurskottu er nauðsynlegt að leita eftir rakamyndun eða leka í rýmum. Þær eru algengar í kjöllum, baðherbergjum, eldhúsum og þar sem rakamyndun á sér stað og dimmt er. Fólk sér þær skjótast um gólf þegar allt í einu er kveikt ljós í rými. Fólk getur borið með sér skordýr og egg í fötum, skóm eða sokkum og dreift þeim.

Það er best að láta meindýraeyði úða fyrir silfurskottu. Efnið sem meindýraeyðar nota er langvirkt og er að öllu jöfnu 3-4 mánuði að brotna niður.

Fólk þarf að undirbúa sig áður



en til úðunar kemur, best er að þrifa íbúðina eða rýmið áður en úðað er. Ekki er nauðsynlegt að færa hluti úr stað en það getur samt verið betra við vissar aðstæður.

Úðað er í alla sökkla meðfram öllum gólflistum og um það bil 10 cm út á gólfhlöt. Það er gert vegna þess að efnið sem úðað er með drepur ekki egg skordýra en ef dýrið er búið að verpa, drepsst ungvíðið um leið og það skríður af stað.

Það er því mjög mikilvægt að nota aðeins ryksugu eða þurrmoppu við þríf á þessum 10 cm fyrstu vikurnar eftir úðun í rýmum. Breiða þarf yfir/verja fiskabúr.

Að undanskildu fólki með ofnæmi, asma, öndunarörðugleika, litlum börnum, ófrískum konum og gæludýrum má snúa aftur til rýma 2-4 klst eftir úðun eða þegar uppgufun af efni er búin. Fólk með þau einkenni sem upp eru talin hér að ofan sem og gæludýr ættu að vera í burtu í allt að átta klukkustundir.

Fólk sem þarf að fá meindýraeyði skal óska eftir að fá að sjá starfskerteini gefið út af Umhverfisstofnun og kanna hvort meindýraeyðirinn hafi starfsleyfi frá viðkomandi sveitarfélagi. Ef viðkomandi er félagi í Félagi meindýraeyða þá er fagmaður á ferð. Fólk ætti að spyrja um þessa hluti þegar það hefur samband við meindýraeyði.

Heimildir: Upplýsingar og fróðleikur um meindýr og varnir, 2004. University of Missouri-Columbia.

Lesendum Fréttablaðsins er velkomið að senda fyrirspurn á netfangið guðmunduroli@simnet.is.

FLOTTUR PAKKI

Fylgir öllum **ALNO**® eldhúsinnréttingum



1. Digital Ísland upptökulykill
2. Leiga út árið 2006
3. Afnotagjald af Sýn út árið 2006
4. Philips 15' LCD Sjónvarp/útvarp (15PF120)



2283 TAKKIK

ALNO

PANORAMA

ELDHÚS • TÆKI • BAÐ • FATASKÁPAR

... miðstöð innréttinga

Síðumúla 30 • 108 Reykjavík

s. 553 6400 • f. 553 6403 • panorama@panorama.is • www.panorama.is

OPIB
Virka daga kl. 10 - 18
Laugardaga kl. 11 - 14

Svefnsófar með heilsudýnu á páskaþilboði



15 sekúndur



Komdu í verslun okkar að Faxafeni 5 og sjáðu glæsilegan sýningarsal okkar fullan af nýjum svefnsófum.

Svefnsófar með MicroFiber áklæði í mörgum litum og stærðum.



Senseo svefnsófi



Svefnkollar

Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opíð virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

SHURE[®] Beta
 Þegar þú vilt láta í þér heyra..

TÓNABÚÐIN
 Sunnuhlíð 12, 603 Akureyri s.462-1415
 Skípholt 21, 105 Reykjavík s.552-4515

tonabudin.is

Pólyhúðun
 Powder coating

Pólyhúðun á alla málma
 Langsterkasta lakkhúð
 sem völ er á

Það getur verið að sumum þyki gaman að þenkja en hinir lát okkur PÓLYHÚÐA og þurfa svo ALDREI að þenkja

S: 544 5700 * www.polyhudun.is
 Smiðjuvegi 1 * 200 Kópavogur



Fannar og skólabýgging Menntaskólans í Reykjavík.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Fékk strax góða tilfinningu fyrir skólahúsinu

Forseti Framtíðarinnar leitar í smíðju fortíðar þegar hann er inntur eftir uppáhaldshúsi sínu. Byggingin sem hann heldur mest upp á er skólahús Menntaskólans í Reykjavík.

Fannar Freyr Ívarsson er formaður Framtíðarinnar, annars af tveimur nemendafélögum innan MR. Það þarf því ekki að koma á óvart að hann velji Skólahús MR sem uppáhaldsbygginguna sína. „Hér er æðislegt að vera og gott að læra,“ segir Fannar. „Andi liðinna tíma fyllir húsið og byggingin sjálf finnst mér sjarmerandi.“

Skólahúsið var vígt árið 1846 og var þá stærsta húsið á Íslandi. Þá hlaut skólinn nafnið Reykjavík

lærði skóli, en var einnig kallaður Reykjavíkurskóli (Schola Reykjavicensis á latínu), Lærði skólinn eða Latínuskólinn. Núverandi nafn sitt hlaut hann á millistríðsárunum, nánar tiltekið árið 1937.

Aðspurður hvort Fannar óttist ekki um öryggi sitt í byggingu sem margir telja að hrúni komin svarar Fannar hlæjandi: „Okkar árlegi gangaslagur er ágætis prófsteinn á húsið. Þá eru þröngir gangarnir við að springa út af troðningi og húsið nótrar allt. Slagnum verður viðhaldið þangað til húsið hrynur en það hangir uppi ennþá svo ég hef litlar áhyggjur.“

Fannari líkaði vel við bygginguna frá fyrstu kynnum. Þegar hann var í 10. bekk og komið var að því að velja framhaldsskóla fór hann í kynnisferðir um ýmsa skóla.

„Fyrirfram langaði mig mest í MR en ég hafði svolitla fordóma gagnvart honum vegna þess að hann var gamli skólinn,“ segir Fannar. „Þegar ég hins vegar kom fyrst hérna inn fann ég að hér ætti ég að vera, hér ætti ég heima. Húsið bara býður mann einhvern veginn velkomin.“

Framundan hjá Framtíðinni og Fannari eru kosningar og grímuball. Efst á baugi er þó úrslitaviðureign Menntaskólans í Reykjavík og Menntaskólans í Hamrahlíð í ræðukeppni Morffs 31. mars næstkomandi. Fréttablaðið óskar báðum liðum góðs gengis í viðureigninni en Fannar lofar góðri keppni enda ætlar ræðuliðið að bæta upp fyrir slakt gengi spurningaliðs MR í Gettu betur í ár.

tryggi@frettabladi.is

pgv

GLUGGI TIL FRAMTÍÐAR ...

- ENGIN MÁLNINGAVINNA
- HVORKI FÚÍ NÉ RYÐ
- FRÁBÆR HITA OG HLJÓÐEINANGRUN
- FALLEGT ÚTLIT
- MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR
- ÖRUGG VIND- OG VATNSPÉTUNG

PGV ehf. sérhæfir sig í smíði glugga, hurða, sólstofa og svalalokanna úr PVC-u

Öllum framleiðsluvörum PGV fylgir 10 ára ábyrgð

Gluggarnir eru viðhaldsfríir og á sambærilegum verðum og gluggar sem stöðugt þarfnast viðhalds

PGV ehf. | Bæjarhrauni 6 | 220 Hafnafjörður | Sími: 564 6080 | Fax: 564 6081 | www.pgv.is

Fermingartilboð
 Kynnum nýjar gerðir af rúnum með 20% kynningarafslætti.

Rafstillanleg rúm 120x200sm með svæðaskiptri pokafjaðradýnu
 Rétt verð kr. 118.000.
 Tilboðsverð kr. 94.400.-

Hanson rúm með fjaðrandi rúmbotni, svæðisskiptri pokafjaðradýnu og lúxus yfirfýnu með hrosshárum (án höfðagafis). 120x200.
 Verð kr. 110.600.
 Tilboðsverð kr. 88.480.-

RÚMCO Opið: virka daga 11-18 • laugardaga 11-16.
 Langholtiavegi 111,104 Rvk. • S. 568 7900

SPARKY PROFESSIONAL
 – fyrir iðnanaðar-manninn

MÚRBÚÐIN
 Byggingavörverslunin í Árbænum
 Kleitthálsi 7 · Sími: 544-5470 · www.murbudin.is

KOKOS-SISAL TEPPI

Falleg - sterk - náttúruleg
 Verð frá kr. 2.840,- pr. m²

Subutlandsbraut 10
 Sími 533 5800
www.sirnet.is/sirbond **STRÖND** ehf.



Fallegar flísar geta gert mikið fyrir heimilið. En það þarf að vanda til verksins.

FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTINN

Val á flísum

Mikilvægt að láta staðhætti ráða ferðinni.

Efnisval bæði á flísum og límtegunum er mjög mikilvægur þáttur í flísalagningu. Staðhættir eru mismunandi með tilliti til ágangs og vatnsálags. Veggflísar eru t.d. almennt ekki notaðar á gólf, og flísar eru mismunandi mikið vatnsdrægar.

Þegar flísaleggja á baðherbergi þarf að hafa í huga úr hverju gólf og veggir eru gerðir. Til að mynda er ekki sama hvort um er að ræða gips, tré eða steinsteypu. Einnig þarf að skipta baðherberginu í svæði með tilliti til vatnsálags og reikna út stærð hvers svæðis fyrir sig. Lím og þéttiefni eru síðan valin með tilliti til þess.

Svæðin skiptast í blautt svæði og rakt svæði. Blautt svæði þarf að vatnsverja sérstaklega með vatnspéttri filmu en rakt svæði er rakavarið.

(Af www.byko.is)

GLUGGA LAUSNIR

Góð lausn fyrir gluggann

Hafðu samband og við komum heim til þín

Blinds 534 1300

www.gluggalausnir.is

SMÁUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Yfir 150.000 gestir daglega.

Stórmarkaður í stofunni heima.

ÞÓNTUNARSÍMI 550 5000

ÉÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

- smáuglýsingar sem allir sjá

Mikið úrval af gegnheilum eikar borðstofuhúsgögnum á ótrúlegu verði...



GP

gæðahúsgögn

opið mán-fös 10-18 og lau 11-16

Dalshraun 1, Hafnarfirði sími. 565 1234



ÞARFTU AÐ LOSA ÞIG VIÐ VIÐHALDIÐ?

VELFAC : Veldu VELFAC glugga vegna lítills viðhalds, góðrar hönnunar, gæða, útlits, endursölu og 10 ára ábyrgðar.

Vertu viss um að gluggarnir séu VELFAC - Spurðu fasteignasalann.

10 ÁRA ÁBYRGÐ

formaco

Formaco • Fossaleynir 8 • 112 Reykjavík • Sími: 577 2050 • Fax: 577 2055 • www.formaco.is

LYNGVÍK

FASTEIGNASALA

Síðumúla 33 - Sími 588 9490 - www.lyngvik.is - lyngvik@lyngvik.is



Sigrún Gíslavardóttir,
löggr. fasteignasali



Steinar S. Jónsson,
sími 898 5234



Daníel Björnsson,
sími 897 2593



Þorsteinn Austri,
sími 820 3466

OPIÐ

mánud. - fimmtud. frá kl. 9-18

föstud. frá kl. 9-16. Svo er GSM-inn alltaf opinn



EINB - RAÐ- OG PARHÚS



ÞRASTARHÖFÐI - MOSBÆ

Vorum að fá í sölu glæsilegt 259,4 fm einbýlishús þar af 34,4 fm bílskúr á þessum frábæra stað í mosfellsbæ. Húsið er á tveimur hæðum, gert er ráð fyrir fimm svefnherbergjum, tveim stofum, eldhúsi, baðherbergi, snyrtingu og þvottahúsi. Útihurðir og gluggar úr mahóni, bílskúrshur hvít fellihurð. Húsið skilast fullbúið að utan (steinað með marmarasalla) og fókelt að innan. Teikningar og nánari upplýsingar á skrifstofu Lyngvíkur eða á www.lyngvik.is



HOLTAGERÐI - VESTURBÆR KÓPAVOGS

Vorum að fá í sölu 3ja íbúða hús teiknað af Kjartani Sveinssyni. Allar íbúðirnar með sér inngangi. Húsið skiptist eftirfarandi, 1) aðalhlæðin er 141 fm með 3 góð svefnherbergi, baðherbergi og gesta, stofa og borðstofa, eldhús og þvottahús inn af eldhúsi. 2) Samp. 39 fm 3ja herbergja íbúð, allt sér. 3) Ósomp. ca 75 fm 2-3ja herbergja íbúð, allt sér.



LANGAGERÐI MEÐ BÍLSKÚR OG ÚTSÝNI

Einbýlishús 170,8 fm 42,5 fm bílskúr alls 213,3 fm. Húsið er á tveimur hæðum. Á neðri hæð er forstofa, hol, tvö herbergi, stofur með arinn og sólstofa með arinn, eldhús og baðherbergi. Á efri hæð er geymsla, gangur, þrjú herbergi og möguleiki að setja upp eldhús í einu þeirra, dagstofa og baðherbergi. Bílskúrin er sérstæður með hita, rafmagn, vatni og sjálfvirkum hurðaropnara. Innaf bílskúr er gott vinnuherbergi. Húsinu hefur alltaf verið velviðhaldið. **HÚSIÐ ER LAUST VIÐ KAUPSAMNING. TILBOÐ ÓSKAST.**



GRUNÐARHÚS - RAÐHÚS

Vorum að fá mikið endurnýjað 128,9 fm raðhús á tveimur hæðum. Niðri er borðstofa, stofa með parketi á gólfi, gestasnyrting, búr og eldhús með nýrri innréttingu, nýjum tækjum gaseldavél, blásturofni og háf. Á efri hæðinni eru 3. svefnherbergi með skápum, baðherbergi með baðkari, sturtuklefa og tengi fyrir þvottavél. Yfir öllu er svo ris sem er innréttað sem herbergi. **Stutt í skóla og aðra þjónustu. Húsið getur verið laust til afhendingar 20 maí nk. Verð 28,9 m**

4RA HERB



VALLARHÚS 4-5 HERBERGJA

Vorum að fá í sölu mikið endurnýjaða 120 fm íbúð á tveimur hæðum með sér inngangi. Á neðri hæð er forstofa, þvottahús, stofa, eldhús og snyrting. Á efri hæð eru þrjú herbergi og baðherbergi, yfir íbúðinni er risloft sem búið er að gera að herbergi. Eignin er mikið endurnýjuð þ.e. eldhús, gólfefni, snyrting og fleira. V. 26,8 m

BERJARIMI - 2JA HERBERGJA



Vorum að fá í sölu mjög fallega 60 fm íbúð með stæði í bilgeymslu. Sérlega snyrtileg og góð sameign, hús í góðu standi. Verð. 16,5 m

KLAPPARHLÍÐ - MOSFELLSBÆ



Vorum að fá í sölu mjög fallega 80 fm 3ja herbergja íbúð með sér inngangi. Mjög björt og falleg íbúð, fallegar innréttingar, parket og flísar á gólfum. Hús klætt að utan með hárumálmi og harðviði. Mjög barnvænt hverfi. Verð. 19,8 millj.

AKURVELLIR HAFNARFIRÐI



Nýjar 4ra - 5 herbergja íbúðir 144,4 fm og 157,7 fm í sex íbúða húsi. Allar íbúðirnar hafa sér inngang frá opnu stigahúsi. Íbúðunum verður skila fullbúnum án gólfefna nema á baði sem verður flísalagt. Húsið verður fullbúið að utan og lóð frágengin. Allar nánari upplýsingar á skrifstofu Lyngvík, S: 588-9490 Verð frá 28,0 m. Stutt í afhendingu.

ÁLFKONUHVARF - NÝBYGGING

Afhending í apríl



Til sölu 3ja herb. íbúðir með eða án stæðis í bilageymslu. Íbúðirnar verða afhentar í apríl 2006 fullbúnar án gólfefna nema baðherb. verður með flísalagt gólf og veggi upp í ca 2,10 m. hæð. Þv.hús með flísalögðu gólfi. Húsið verður fullbúið að utan, lóð frágengin og bílast. malbikuð. Stærð íbúða er 90,5 til 107,2 fm. Verð frá 21,0 m Uppl. á skrifstofu Lyngvík fasteignasölu sími. 588-9490

ÞORLÁKSGEISLI - NÝBYGGING

Tilbúið til afhendingar strax Nokkrar íbúðir eftir



Fjórar 3ja herb. og tólf 4ra herb. íbúðir í sextán íbúða lyftuhúsi. Íbúðirnar eru frá 101 fm til 140 fm, öllum íbúðunum fylgir stæði í bilageymslu. Íbúðirnar skilast fullbúnar án gólfefna en baðherbergi og þvottahúsgólf verða flísalögð. Innréttingar og skápar verða frá HTH. Í eldhúsi verður keramik helluborð og blásturofn frá AEG. Veggháfur frá Airforce með víftu. Íbúðirnar verða afhentar í mars 2006. Verð frá 24.500.000.



KJARRHÓLMI BARNVÆNT UMHERFI

Mjög góð ca 90 fm 4ra herbergja íbúð á 2.hæð. Gott eldhús með góðri innréttingu og borðkrók. Björt stofa og borðstofa með parketi. Þrjú góð svefnherbergi tvö með parketi og skápum. Góðar suður svalir. Góð sameign Velviðhaldið hús. Stutt í alla þjónustu. Áhv. 7,6 m húsb. Verð. 18,7 m.



HOFTEIGUR - SÉRINNGANG.

Rúmgóð og vel staðsetta 137 fm 4-5 herbergja íbúð í kjallara með sér inngangi. Stór og góð herbergi. V. 24,9 m.

3JA HERB.



KÖTLUFELL Vorum að fá í sölu ca 80 fm íbúð á 3. hæð efstu í góðri blokk sem er nýbúið að klæða, yfirb. svalir. Verð. 13,9 m.



FELLSMÚLI

Góð ca 74 fm íbúð í kjallara. Húsið er allt nýklætt að utan, nýir gluggar og gler. Íbúðin er stofa og tvö herb. með dúkflisum á gólfi. Eldhús m. dúkflisum á gólfi, innréttingu og borðkróki. Baðherbergi með flisum uppá miðja vegg og baðkari. Í sameign er þvottahús, hjóla- og vagnageymsla. Verð 15,5 millj.



KRISTNIBRAUT MEÐ STÆÐI Í BÍLSKÝLI

Mjög góð 82,1 fm íbúð og geymsla 14,7 fm alls 96,8 fm. með stæði í bilageymslu. Í eldhúsi er glæsileg innrétting með flisum á milli skápa og borðkrók. Borðst. og stofa með parketi og suður svölum með góðu útsýni. Baðherbergi flísalagt með innréttingu og baðkari. Þv.hús í íbúð. 2 góð herb. með parketi og skápum. Í sameign í kjallara er góð geymsla hjóla og vagnageymsla. Stutt í alla þjónustu svo sem leik- og grunnskóla. Verð. 23,9 m.



HÁTÚN - PENTHOUSE

Vorum að fá í sölu 88 fm 3ja herb. íbúð á 9. hæð með glæsileg útsýni og ca 25 fm svölum. Íbúðin er upprunaleg. Hús í góðu standi.

VERSLUNARHÚSNÆÐI



VESTURBERG VERSLUNARHÚSNÆÐI

Gott 517 fm verslunarhúsnæði á einni með góðum bílastæðum. Húsnæðið gefur mikla möguleika til breytinga. Í dag er rekin matvöruverslun í húsnæðinu. Allar nánari upplýsingar á skrifstofu Lyngvík S: 588-9490



Suðurlandsbraut 20 • Bæjarhrauni 22
Runólfur Gunnlaugsson viðskiptafr., lögg. fast.- og skipasali
Kristín Pétursdóttir, lögg. fasteignasali

SKOÐAÐU NÝJA OG GLÆSILEGA HEIMASÍÐU HÖFÐA - www.hofdi.is



Runólfur Gunnlaugsson
viðskiptafr., lögg. fast.- og skipasali



Ásmundur Skeggjason
sölustjóri



Kristín Pétursdóttir
lögg. fasteignasali



Davíð Davíðsson
sólumaður



Guðstaf Adolf Björnsson
sólumaður



Daði Rúnar Jónsson
viðskiptafr., sólumaður



Arnhlíður Arnadóttir,
ritarískjalagerð



Eyvín Ragnarsdóttir,
ritarískjalagerð

Sími 533 6050 • 565 8000

Nýtt / Grænamýri 5-9 / raðhús á einni hæð í Mosfellsbæ



Raðhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr í Mosfellsbæ. Húsin verða afhent fullbúin að utan

en fokheld að innan. Hægt er að fá húsin tilbúin undir tréverk. Lóð skilast þökulögð með 30 fm sólpalli og bílplön hellulögð með snjóbræðslu. Grænamýri 5-9 er steinsteypt raðhúsalengja með 3 íbúðum. Endahúsin eru 177 fm, 4ra herbergja en miðjuhúsið er 163 fm, 3ja herbergja. Í hönnun hússins er gert ráð fyrir að hitakerfi sé í gólfi, lagt á einangrun og 5-6 cm flotlag ofan á. Tilbúin í maí 2006. **Verð 27,9-29,9 fokheld.** **Tilbúin undir tréverk 34,3-36,3 millj.**

Traustur byggingaraðili - Pálmatré.

Blönduhlíð - e.sérhæð



Glæsileg og talsvert endurnýjuð 200,6 fm. efri sérhæð og ris á eftirsóttum stað í Hlíðunum. Ný og glæsileg eldhúsinnrétting, fataskápar og baðherbergi. **Verð 47,9 millj.**

Garðhús - raðhús



Kynnum fallett endarahús á 2 hæðum með innb. bílskúr. Parket, flísar. Innangengt úr forstofu í rúmgóðan bílskúr. Stór stofa, upptekin loft með ljóskösturum. Eldhús með falgri eikarinnréttingu, eyja m/eldvél og háfur yfir. Sólstofa og falgur garður. Hiti í innkeyrslu. Verð 44,9 millj.

Nýtt / Rauðamýri 2-14 / raðhús á tveimur hæðum í Mosfellsbæ.



Raðhús á tveimur hæðum með inn-

byggðum bílskúr í Mosfellsbæ. Húsin verða afhent fullbúin að utan en fokheld að innan. Hægt er að fá húsin tilbúin undir tréverk. Lóð skilast þökulögð með 30 fm sólpalli og bílplön hellulögð með snjóbræðslu. Rauðamýri 2-14 er steinsteypt raðhúsalengja á tveimur hæðum með 7 íbúðum. Endahúsin eru um 210 fm en miðjuhúsin eru 206 fm. Fjögur svefnherbergi er í öllum húsunum. Í hönnun hússins er gert ráð fyrir að hitakerfi sé í gólfi, lagt á einangrun og 5-6 cm flotlag ofan á.

Tilbúin í maí 2006. **Verð 31,9-32,9 fokheld. Tilbúin undir tréverk 38,9-39,9 millj.**

Traustur byggingaraðili - Pálmatré.

Borgarvegur - einbýli - Njarðvík



Mikið endurnýjað einbýli með bílskúr á góðum stað í Njarðvík. Fjögur rúmgóð svefnherbergi og tvær stofur. Nýstandsett baðherbergi með hornbaðkeri. Stutt í alla þjónustu. **Verð 28,9 millj.**

Selvogsgrunn - e.sérhæð



Glæsileg efri sérhæð í fallegu þrjúbýli með góðu útsýni, stórum suður svölum og sér bílastæði. Kirsuberjainnrétting í eldhúsi og góður borðkrókur. Parket og flísar. Þetta er vel umgengið hús rétt við Laugardalinn. **Verð 19,8 millj.**

Sigtún - einbýli - Patreksfj.



Kynnum í sölu glæsilegt 143 fm einbýlishús á einni hæð. 4 svefnherbergi, 2 baðherbergi, stofa, eldhús, forstofa og þvottahús. Ný gólfefni. Eigninni fylgir 43 fm bílskúr. Mikið endurnýjuð eign. **Verð 8,5 millj.**

Eyrarskógur - Hvalfjarðarstrandahr.



Erum með í einkasölu fallegan 38,2 fm sumarbústað á fallegum útsýnisstað. Nýlegir gluggar og hurðar. Bústaðnum hefur verið vel við haldið og er umhverfið sérlega fallett. **Verð 7,5 millj.**



FASTEIGNASALA

Opið mánudaga til föstudaga kl. 9 - 17

2ja herb.



Víkuras- eign með bílskýli

Vorum að fá í einkasölu mjög fallega og vel skipulagða 2ja herbergja endaíbúð með bílskýli. Íbúðin er á 1.hæð með sér garði og verönd. Íbúðin er öll mjög björt og vel skipulögð þar sem allar vistarverur er rúmgóðar. Eign á góðum stað þar sem stutt er í alla þjónustu. Verð 14,0 millj.

3ja herb.



Barmahlíð - Fallega íbúð í góðu húsi með sérinngangi.

Mjög falleg og vel með farin 75,6 fm 3ja herbergja íbúð í kjallara í Barmahlíð. Parket og flisar á gólfum. Sérinngangur. Fallegt hol skilur að sofú með tveimur bogum í sem gefur íbúðinni mikinn sjarma. Gott eldhús. Eign á frábærum stað í hlíðunum í húsi sem mikið er búð að gera fyrir. Parna er stutt í allar áttir. Verð 16,9 millj.

4ra til 7 herb.



Kelduland - Fossvogi. Björt 87 fm 4 herbergja endaíbúð á 2. hæð

Falleg og smekklegg íbúð. Húsið hefur verið mikið endurnýjað, m.a. þakið og allt gler í íbúðinni. Góðar suður-svalir með ágætu útsýni. Verð 20,5 m.



Hörðaland - Fossvogi

Mjög falleg og góð 3-4ra herbergja íbúð á 3.hæð með frábæru útsýni. Í dag er íbúðin með tveimur góðum herbergjum, enn annað herbergið var áður tvö, auðvelt er að breyta aftur í fyrra hof. Björt og góð stofa með parketi, útgangur er út á góðar suður svalir með frábæru útsýni. Húsið var viðgert og málað síðasta sumar. Mjög snyrtilegur stigagangur. Eign á frábærum stað í Fossvogi. Verð 20,1 millj.

Sumarbústaðir



Vandaður sumarbústaður á eignarlóð í Miðfellslandi við austanvert Þingvallavatn

Fullbúinn með stórum sólpalli á tvo vegu. Eignarlandið er hálfur hektari, - 5000 fm og hefur mikið verið gróðursett í það. Bústaðurinn er með tveimur svefnherbergjum auk svefnlofts. Rafmagnshitun. Hita-kútur. Sturtukleifi á baði. Verð 10,6 millj



Nýtt 70 fm Sumarhús aðeins um 6 km frá Flúðum. Húsið er á steyptri plötu með hita í gólfum. Búið er að gera um 90 fm verönd við húsið. Hátt er til lofts í öllu húsinu sem gefur því mikinn sjarma. Möguleiki er á millilofti. Mahóni gluggar og hurðir, en stór rennuhurð er í stofu. Fallegt 1,2 hekt land með góðu útsýni. Húsinu er skilað fullbúnu að utan en einangruðu að innan. Búið verður að taka inn heitt og kalt vatn ásamt rafmagni. Frárennsli verður fulltengt. Öll þjónusta er á Flúðum þ.e. góð búið, sundlaug, banki o.f.l. Tveir gólfvellir eru á svæðinu annar 18 holu á Flúðum og hinn 9 holu í Ásatúni. Möguleiki að fá húsið fullbúið ef þess er óskað. Frábær staðsetning í fallegu landi í aðeins 100 km fjarlægð frá Reykjavík. Nú er bara að í fara bíltúr og skoða! Verð 11,6 millj.

Fyrirtæki



Veitingahúsið Pósthúsið í hjarta Tálknafjarðar til sölu eða leigu.

Húsið er 136 fm hús á besta stað í bænum, fullbúið og í rekstri. Tækifæri sem blasa við: Búið er að selja hópum erlendra sjóstangaveiðimanna ferðir í hverri viku frá aprílbyrjun og langt fram á haust. Tvö ný gistiheimili og ný sumarhús til útleigu á staðnum auka á traffikina. Landsfrægt tjaldsstaði við eina bestu sundlaug landsins. Og ekki má gleyma hinu frábæra heimafélki. Verð aðeins 9,8 m.-

Opið hús í dag milli kl 18-19

Lokastígur 20a - 101 Rvk.



Vel skipulögð 2ja herb. íbúð á 1. hæð. Björt og falleg íbúð í góðu steypðu húsi. Parket er á gólfum og flisar á baði. Svefnherbergi mjög rúmgott, góðir gluggar úr herbergi og stofu úti lokaðan einkagarð sem fylgir eigninni. Eldhús með góðri innréttingu og borðkrók. Góð eign á góðum stað. Verð 15,3 millj. Puriður sýnir, sími 862 3648

Fellsmúli.



Vönduð og björt 117,7 fm 4-5 herbergja íbúð á 3. hæð í fallegu fjölbýlishúsi við Fellsmúla.

Íbúðin var teiknuð sem 5 herbergja íbúð. Eitt herbergið hefur verið sameinað stofunni. Þrjú svefnherbergi. Húsið klætt með Steni, nýtt dren og þakið tekið í gegn að sögn seljanda. Nýjar eldvarnarhurðir fyrir allar íbúðir á stigagangi og inn í sameigin. Eign á frábærum stað í borginni. Stutt í alla þjónustu. Verð 23. 5 millj.

Mikill sala Vantar eignir

Skeifan 19 • 108 Reykjavík • Sími 533 1060 • Fax 533 1069 • www.xhus.is • xhus@xhus.is



FASTEIGNA-MARKAÐURINN

ÓÐINGSGÖTU 4, SÍMI 570 4500,
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.

Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is

Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.
Unnar Smári Ingimundarson, viðskiptafr. og lögg. fast.sali.

Axelshús á Reykjum, Ölfusi



Glæsileg og vel staðsett 350 fm húseign á tveimur hæðum rétt ofan við Hveragerði. Eignin hefur verið í útleigu undanfarið til trausta aðila, en möguleiki er að breyta því í glæsilegt einbýlishús. Eignin er endurnýjuð bæði að utan sem innan á vandaðan og smekklegan hátt. Alls eru vel útbúin sex tveggja manna herbergi, öll með sérbaði, borðstofa og fundarsalur auk forstofu, eldhúss, tveggja snyrtinga, þvottaherbergi og geymslu. Teikningar liggja fyrir að 65 fm baðhúsi á lóðinni. Timburverönd með heitum potti og stórt bílapan með 10 bílastæðum. Leyfi er fyrir byggingu bílskúrs. Um er að ræða afar vel staðsetta eign á 2.000 fm ræktaðri leigulóð í fallegu umhverfi með viðáttumiklu útsýni til vesturs yfir Hveragerðisbæ, Ölfusið og yfir ströndina.

Allar nánari upplýsingar veittar á skrifstofu.



Nýopnuð skrifstofa Draumahúsa í Skálanum í Hafnarfirði.

Draumahús opna í Hafnarfirði

Fasteignasalan Draumahús opnaði nýja skrifstofu í Hafnarfirði á dögunum.

Önnur skrifstofa Draumahúsa var opnuð á Strandgötu 41 þann 23. mars síðastliðinn í gömlu timburhúsi sem kallað er Skálinn.

„Þetta er gamla kommahöllin,“ segir Helgi Bjarnason, einn af eigendum fasteignasöluunnar. Hann telur að hin nýja skrifstofa sé til mikilla þæginda fyrir viðskiptavinum þeirra í Hafnarfirði, Garðabæ, Álftanesi og á Suðurnesjunum. „Með þessu móti getum við búið upp á betri þjónustu fyrir þetta svæði og komum þar af leiðandi sterkar inn á það. Það er miklu þægilegra fyrir viðskiptavinina frá þessum stöðum að þurfa ekki að keyra í gegnum Reykjavík til að komast til okkar,“ segir Helgi en Draumahús eru líka í Mörkinni 4 í Reykjavík.

„Þarna verður alveg nákvæmlega sama þjónusta í boði og við

höfum verið að bjóða upp á. Inni í því eru hringmyndirnar á vefnum sem sýna vel húsið, stærri ljósmyndir inni á vefnum okkar og fasta lága sölubókunin sem við erum með,“ segir Helgi og áréttir að Draumahús birti sölubókunina með virðisaukaskattinum sem sé ekki alltaf gert.

Þá er önnur ástæða fyrir því að Draumahús opna skrifstofu í Hafnarfirði. „Það er mjög mikið að gera hjá okkur og erum við í dag með átján solumenn. Með opnuninni á nýju skrifstofunni vantar okkur einn solumann í viðbót. Svo hjálpar stærðin okkur til að finna það hús sem viðskiptavinurinn er að leita að sem og að finna fljótar kaupendur.“

Vegna opunarinnar á skrifstofunum í Hafnarfirði bjóða Draumahús upp á opnunartilboð fyrir Hafnarfirðinga, Garðabæinga og íbúa á Álftanesi. Er allur virðisaukaskattur tekinn af sölubókun fram til 31. mars næstkomandi. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á www.draumahus.is.

allt heimili

Alla fimmtudaga



FASTEIGNA MIÐLUN GRAFARVOGS

Sími 575 8585 – Spönginni 37 – 112 Reykjavík – www.fmg.is



Opið virka daga
frá kl. 09:00-18:00.
www.fmg.is



Sverrir Kristjánsson
lögg. fasteignasali
sími 896 4489



Kari Dúi Karlsson
sölumaður
GSM 898 6860



Samtengd söluskrá
Sex fasteignasölur
- ein skráning - minni kostnaður -
- margfarldur árangur -
www.hus.is



LYNGHAGI - SNÆFELLSNES

Lynghagi er miðsvæðis á sunnanverðu Snæfellsnesi nálægt Vegamótum. Húsið er 121 fm á einni hæð auk 54 fm bílskúrs. Í húsinu eru 4 svefnherb., stór stofa, borðstofa, rúmgott eldhús með borðkrók og þvottahús. Húsið hefur að mestu verið gert upp að innan sem utan. Rafmagnskynding. Möguleiki á að taka inn hitaveitu sem nú þegar hefur verið lögð fyrir ofan húsið. Nýir ofnar. **V. 14 millj.**



LJARSKÓGAR - EINBÝLI

Glæsilegt, vel skipulagt og vel viðhaldið 308,2 fm einbýlishús með tvöföldum bílskúr og 2ja-3ja herb. aukaíbúð á jarðhæð á frábærum stað í Seljahverfi. Húsið er 234,2 fm og óskráð rými er um 74 fm. Það stendur í botnlanga og er á tveimur hæðum. Aðkoma að húsinu er glæsileg og er lóðin mjög snyrtileg og falleg. Hitalagnir í tröppum og innkeyrslu. Gólfefni eru fallegt parket og flisar. **V. 58,5 millj.**



LÓMASALIR - 4RA HERB. M/BÍLAGEYMSLU

Mjög falleg 4ra herb., 124,2 fm endaíbúð á 2. hæð í nýju (2003) lyftuhúsi ásamt stæði í lokaðri bílageymslu á glæsilegum útsýnisstað í Kópavogi. Falleg gólfefni og vandaðar innréttingar. Anddyrið og svefnherb. með rúmgóðum skápum. Sjónvarps-hol, rúmgóð stofa og vestur svalir. Flísagt baðherb.. Þvotta-herb. innaf eldhúsi. Stór sér geymsla í sameign. Stutt í alla þjónustu. **TILBOÐ ÓSKAST**



FLÉTTURIMI - 3JA HERB. M/BÍLAGEYMSLU

Falleg 3ja herb., 84,7 fm íbúð á 2. hæð ásamt 13,5 fm stæði í lokaðri bílageymslu. Komið er inn í opið flísalagt hol. 2 rúmgóð svefnherb. með skápum. Baðherb. er með baðkari og innréttingu. Stofan er rúmgóð og björt, útgengt á vestur svalir með fallegu útsýni. Eldhús með borðkrók. Þvottaherb. er innan íbúðar. Sér geymsla. Nýbúð er að mála sameignina. Parket, dúkur og flisar á gólfum. **V. 18,4 millj.**



NESVEGUR - 2JA-3JA HERB.

Góð 47,7 fm, 2ja-3ja herb. ósamþykkt íbúð í kjallara við Nesveginn í Vesturbænum. Hol með fataskáp, þar er einnig lítið salerni. Þvottaherb. með sturtuádstöðu og lítið herb. sem hægt er að nota sem svefnherb.. Stofan og eldhúsið er eitt rými. Svefnherb. með fataskápum. Útgeymsla og 1-2 geymslur í íbúðinni. Nýtt parket í stofu og svefnherb., dúkur á öðrum gólfum. **V. 10,9 millj.**



SÓLEYJARIMI - SÉR INNG./JARÐH./BÍLAG.

Glæsileg, 94,2 fm, 3ja herb. íbúð með sér inngang á jarðhæð í nýju fjölbýli (byggt 2005) í Grafarvogi ásamt stæði í bílageymslu. Hellulögd sér lóð með útsýni. 2 svefnherb. með skápum. Flísalagt baðherb.. Innrétting, baðkar og vegghengt salerni. Hiti í gólf. Þvottaherb. innan íbúðar. Vandaðar innréttingar úr eik. Innfelldar hurðar. Eikarparket og Mustang flisar á gólfum. Mynddýrasími. **V. 24,5 millj.**



STYKKISHÓLMUR - GLÆSILEGT ÚTSÝNI

102,6 fm einbýli við Bóklöðustig, byggt 1907 og stendur á besta stað í Stykkishólmi með útsýni yfir allan bæinn og Breiðafjörðinn. Allt nýmálað og tekið í gegn að innan. Gömlu gólfín tekin upp, slípuð og lökkuð á glæsilegan máta, náttúrustein á öðrum gólfum. Nýjar frárænnislagnir út í götu, rafmagn mikið endurnýjað, hitaveita og nýjar neysluvatnslagnir. Nýstandsett baðherb.. **TILBOÐ ÓSKAST.**



STYKKISHÓLMUR - GLÆSILEGT ÚTSÝNI

Fallegt 190 fm einbýlishús úr timbri ásamt 40 fm bílskúr á frábærum útsýnistað við Sjávarflöt í Stykkishólmi. Rúmgott þvottaherb.. 4 svefnherb.. Stór stofa sem skiptist í sjónvarps-rými, borðstofu og setustofu. Garðskáli. Nýleg Ikea innrétting í eldhúsi, búr inn af því. Parket, dúkur og flisar á gólfum. Útsýni úr stofu og garðskála yfir Breiðafjörðinn er með því besta sem sést í Stykkishólmi. **TILBOÐ ÓSKAST.**



SUMARBÚSTAÐUR - BJARKARBORGIR

Stórglæsilegt nýlegt sumarhús ásamt gestahúsi á skipulögðu svæði úr fjöðinni Minni Borg í Grímsnesi. 5200 fm eignarlóð. Svefnrými fyrir allt að 16 manns. Ólíufylltir rafmagnsofnar eru í öllum herbergjum. 150 lítra hitakútur. Framhlið húsanna snýr í hásuður og er vernd umhverfis húsið stór og mikil. Hlið er inn á svæðið og er það lokað yfir vetrarmánuði. **V. 16,9 millj.**



STYKKISHÓLMUR - EINBÝLI/TVÍBÝLI

Við Sundabakka í Stykkishólmi, einu fallegasta sjávarpláss landsins er nú til sölu 287,2 fm einbýlishús ásamt 63,6 fm tvöföldum bílskúr. Samtals er húsið ásamt bílskúrnum 350,8 fm og hefur það hingað til verið notað sem tvíbýlishús. 8 svefnherb. eru í húsinu og tvær stofur. Svalir eru út af efri hæðinni. Glæsilegt útsýni. Nýlegt járn á þaki. **V. 26,7 millj.**

HVAÐ ER... VERIÐ AÐ BYGGJA?

Akrahverfi rís

Framkvæmdir við Akrahverfið í Garðabæ hófust í maí á síðasta ári en talið er að þeim muni ekki ljúka fyrr en árið 2008.

Byggingarland á Arnarneshæð er tvískipt. Annars vegar sunnan Arnarnesvegjar samtals um 34 hektarar, nefnt IB-15 í aðalskipulagi Garðabæjar og svo svæði norðan Arnarnesvegjar sem hallar niður í átt að bæjarmörkum Kópavogs og Garðabæjar, um 10 hektara svæði sem nefnt er M-2 í aðalskipulaginu. Svæðið norðan Arnarnesvegjar er í eigu Akralands ehf., en svæðið sunnan Arnarnesvegjar er í eigu tveggja aðila, Akralands sem á um 20 hektara svæðisins og fasteignafélagsins Laugakur ehf. sem á um 14 hektara svæðisins.

Í holtinu norðan og austan til á svæðinu er nokkur landhalli, en í suðvesturhluta svæðisins er mýrlendi og þar er landið slétt. Jarðvegisdýpi er yfirleitt lítið og landið afar gott byggingarland. Í suðurjaðri svæðisins er fyrirhugað útivistarsvæði og frá því liggja opin svæði sem teygja sig upp í byggðina og tengja hana við útivistarsvæðið. Samtals munu rísa hátt í 1000 íbúðir á svæðinu öllu.

Svæðið sunnan Arnarnesvegjar er byggt upp í nánú samstarfi við Garðabæ en Akraland og fulltrúar Laugakurs undirrituðu samninga um uppbyggingu svæðisins við bæjarstjórnann í Garðabæ í mars 2005. Svæðið verður

byggt upp í þremur áföngum á árunum 2005 til 2008. Fyrsti áfangi er miðhluti svæðisins, annar áfangi svæðið vestar og nær Hafnafjarðarvegi og þriðji áfangi svæðið austar og nær Hofstaðaskóla. Framkvæmdir við fyrsta áfanga hófust í maí 2005 og lóðir þar voru byggingarhæfar í desember 2005. Gatnagerðarframkvæmdir við annan áfanga hófust í desember síðastliðnum og er gert ráð fyrir að lóðir þar verði byggingarhæfar í september 2006. Gert er ráð fyrir að lóðir í þriðja áfanga verði byggingarhæfar eftir mitt ár 2007.

Nú er unnið að undirbúningi að gerð deiliskipulags fyrir byggingarsvæðið norðan Arnarnesvegjar. Þar mun rísa blönduð byggð þó aðallega íbúðir í fjölbýlishúsum. Allar nánari upplýsingar um Akrahverfið má nálgast á heimasíðunum www.laugarnes.is og www.akraland.is.



Svona mun Akrahverfið í Garðabæ líta út, séð frá suðaustri.



Arnarneshæðin áður en framkvæmdir hófust.



Fjöldinn allur af krönum setur nú ákveðinn svip á Akrahverfið. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



Hafnarfirði
Fjarðargötu 17
Sími 520 2600
Fax 520 2601
Netfang as@as.is
Heimasíða
www.as.is



Opið virka daga kl. 9-18

Sjá einnig myndir í gluggum á Fjarðargötu

– Eigendur fasteigna athugið: Lifleg sala – skoðum og verðmetum samdægurs!

EINBYLI



FURUVELLIR - STÓRGLÆSILEG EIGN Vorum að fá í sölu sérlega vandað einbýli á einni hæð ásamt innbyggðum bílskúr. Glæsilegar nýttu innréttingar og gólfefni. Fjögur svefnherbergjum, aukaíbúð, mikið endurnýjað. Hús sem hægt er að mæla með. Sjón er sögu ríkari. 4560

BJARNASTAÐAVÖR - GOTT EINBYLI



Fallegt 121 fm einbýli á einni hæð ásamt 47 fm bílskúr, samtals 168 fm. Sólskáli. Timburverönd. Tvö svefnherbergjum, möguleiki á þremur. Fullbúin bílskúr m/geymslulofti. Hellulagt plan með hita.



AUSTURGATA - FRÁBÆRT HÚS Nýkomið í einkasölu falleg einbýlishús á þrem hæðum. Húsið er mikið endurnýjað, fimm svefnherbergi, rúmgóð stofa og eldhús. Fallegur garður, pallar, heitur pottur, eignin er alls ca 180 fm, skemmtileg eign sem hægt er að mæla með. Verð 38,5 millj. 5299



STEKKJARKINN - FRÁBÆR STAÐSETNING Gott og vel viðhaldið 162 fm EINBYLI, kjallari, hæð og ris, ásamt 25 fm BÍLSKÚR á rölegum og góðum stað innst í Kinnunum, samtals 187 fm 5 til 6 svefnherbergi. Stór suðurlóð. Sérlega fallegt útsýni. Verð 39,0 millj. 5096



FURUVELLIR - NÝTT OG GLÆSILEGT Nýtt SÉRLEGA fallegt nánast fullbúið 177 fm EINBYLI á einni hæð, ásamt 57 fm tvöföldum BÍLSKÚR, samtals 234 fm Vandaðar og fallegar innréttingar. Fjögur svefnherbergi, fataherbergi inn af hjóna-herbergi. Upptekin loft í stofu, eldhúsi og sjónvarpshóli með halogenlýsingu. Lítað gler sandblásið að hluta. Lóð er grófjórnuð. Verð 49,9 millj. 5258



FLÉTTUVELLIR 45 - NÝTT EINBYLI Á JADARLÓÐ Nýtt og glæsilegt 184,9 fm EINBYLI á einni hæð, ásamt 33,5 fm BÍLSKÚR, samtals 218,4 fm á góðum stað innst í botnlanga (JADARLÓÐ) á Ásvöllum í Hafnarfirði. Húsið afhendist fullbúið að utan steinað og fohelt að innan. Verð 34,0 millj. 5243

SUÐURVANGUR - GOTT HÚS - VEL MEÐ FARIÐ Gott hús á tveimur hæðum, íbúðin er 218 fm og bílskúrinn 34 m, samtals 252 fm Sérlega góðar innréttingar og skápar, viðarfarjar og flísar á gólf. Falleg og skemmtileg lóð. Hellulagt bílplan. Almenn er húsið í góðu ástandi bæði að utan og innan. Verð 55 millj. 2737



SKJÓLVANGUR - STÓRT EINBYLI-ISHÚS MEÐ AUKAÍBÚÐ Falleg og mikið endurnýjað ca 410 fm einbýlishús á tveimur hæðum. Húsið er alveg einstakt og sérlega skemmtilega hannað, gufubað, verönd, pottur, fullt af svefnherbergjum, aukaíbúð, mikið endurnýjað. Hús sem hægt er að mæla með. Sjón er sögu ríkari. 4560

GRÆNATÚN - KÓPAVOGUR - ÚTSÝNI Erum með í sölu fallegt hús á stórr hornlóð með útsýni yfir Esjuna og fossvoginn. Miklir möguleikar. Verð Tilboð. 5168

FAGRABERG - FALLEGT EINBYLI MEÐ AUKAÍBÚÐ 216,3 fm einbýli (með aukaíbúð á fyrstu hæð) á tveimur hæðum ásamt 54,3 fm bílskúr, samtals 270,6 fm Húsið er fallegt bæði að utan og innan, góð gólfefni. Tvöföldur góður bílskúr. Mikil verönd og svalir, útsýni, pottur, fallegur garður. Íbúðarhæft herbergi/kofi úti í garði. Góð eign. Verð 60,9 millj. 4373



SUÐURHOLT - FRÁBÆRT ÚTSÝNI NÝLEGT OG FALLEGT 136 fm PARHÚS, ásamt 30 fm BÍLSKÚR, samtals 166 fm á frábærum ÚTSÝNISSTAÐ. 4 svefnherbergi. Parket og flísar. Suðursvalir. Verð 37,5 millj. 2178



VÖRÐUBERG - FALLEGT RAÐHÚS 169 fm raðhús á tveim hæðum með innbyggðum bílskúr. Falleg gólfefni og innréttingar, þrjú herbergi, möguleiki á því fjórða. Fallegur garður með verönd og skjólveggjum. Hellulagt bílplan. Góð eign sem hægt er að mæla með. Verð 37,9 millj. 5297

HÆDIR ÖLDUSLÓÐ - MEÐ BÍLSKÚR Falleg og talsvert endurnýjuð 4ra herb. 75 fm EFRI SÉRHÆÐ í tvíbýli ásamt 34 fm BÍLSKÚR, samtals 109 fm á góðum stað. SÉRINNGANGUR. Eldhús og baðherbergi endurnýjað. Tvö til þrjú svefnherbergi. Fullbúin bílskúr. Verð 18,5 millj. 5363



KRÍUÁS - NEDRI SÉRHÆÐ - GLÆSILEG Nýleg sérlega falleg og björt 115,8 fm 4ra herbergja NEDRI SÉRHÆÐ í nýlegu nánast viðhaldsfriú í fjórþýli á góðum stað í Ásahverfinu. Fallegar viðarinnréttingar (Hlynur), parket og flísar. Verð 29,5 millj. 5346



HRAUNBRÚN - FALLEG EIGN Á FRÁBÆRUM STAÐ SÉRLEGA FALLEG og TALSVERT ENDURNÝJUÐ 131 fm EFRI SÉRHÆÐ í fallegu tvíbýli ásamt helming af ca: 40 fm óskiptum BÍLSKÚR á FRÁBÆRUM ÚTSÝNISSTAÐ innst í botnlanga við HRAUNJANDARINN, samtals 151 fm. Verð 32,9 millj.



LINDARBERG - GLÆSIEIGN - FRÁBÆRT ÚTSÝNI Gullfallegt og einstaklega vandað hús/íbúð, ásamt bílskúr með glæsilegu útsýni yfir Hafnarfjörð og út á jökul. Allar innréttingar, gólfefni, loftaefni, arinn o.fl. er sérlega vandað, sérsmiðað og arkitekt hannað. Hérna er á ferðinni fallegt hús þar sem ekkert hefur verið til sparað við hönnun og innréttingar. Verð 42,9 millj. 5209



LANGFYRRARVEGUR - SÉRINNGANGUR Falleg 90 fm NEDRI SÉRHÆÐ ásamt 10 fm sérgeymslu, samtals 100 fm í góðu tvíbýli á rölegum og góðum stað í vesturbænum. SÉRINNGANGUR. Húsið er nýlega viðgert og málað að utan, nýlegir gluggar og gler að hluta, nýlegt þak. Laus við kaupsamning. Verð 19 millj. 3390



SUÐURGATA - VÖNDUÐ HÆÐ MEÐ BÍLSKÚR FALLEG OG VÖNDUÐ 146 fm NEDRI SÉRHÆÐ í góðu tvíbýli ásamt 26 fm BÍLSKÚR, samtals 172 fm SÉRINNGANGUR. Nýjar innréttingar og tækj. Parket og flísar. Góð staðsetning. Flísalagðar SUÐUR-SVALIR. Verð 33,9 millj. 3110



BLIKAÁS - SÉRINNGANGUR - 6 BYLI Falleg 119 fm neðri sérhæð í góðu fjölþýli. SÉRINNGANGUR. Stór verönd og skjólveggjum. Þrjú svefnherbergi. Góð gólfefni og innréttingar. Rúmgóð stofa. Falleg eign á góðum stað. Verð 28,5 millj. 3421

ÖLDUSLÓÐ - EFRI HÆÐ Góð 100 fm EFRI SÉRHÆÐ ásamt 28 fm bílskúr, samtals 128 fm á þessum vinsæla stað. SÉRINNGANGUR. Þrjú svefnherbergi. Hiti í bílplaninu. Nýtt járn á þaki. Verð 28,9 millj. 3157

GRÆNAKINN - FALLEG SÉRHÆÐ Góð 117 fm miðhæð í þrjúþýli á góðum stað í miðbæ Hafnarfjarðar. Íbúðin er falleg að innan og er með fjögur svefnherbergi. Sér inngangur, góð eign sem hægt er að mæla með. Verð 24,9 millj. 2924

MÓABARÐ - SÉRINNGANGUR Falleg 119 fm miðhæð í þrjúþýli á þessum rólega og góða stað. SÉRINNGANGUR. Parket og flísar á gólfum. Sérlega rúmgóð íbúð. Góðar svalir. Verð 25,5 millj. 5129

EYRARHOLT - NEDRI SÉRHÆÐ Falleg 107,3 fm NEDRI SÉRHÆÐ, ásamt 51,5 fm BÍLSKÚR í tvíbýli/klasahúsi á góðum útsýnisstað á Holtinu, samtals 158,8 fm Bílplan með hitalögn. Verð 28,5 millj. 4998

4RA TIL 7 HERB.

HÁKINN 5 - MIÐHÆÐ Falleg 75 fm miðhæð í þrjúþýli auk 15 fm geymslu á lóð eða samtals 90 fm á grónum og góðum stað miðsvæðis í Hafnarfirði. Baðherbergi endurnýjað. Þrjú svefnherb. Stór og gróin lóð. Verð 18,9 millj. 5137

HÁHOLT - FALLEG ÍBÚÐ Á JARÐHÆÐ MEÐ VERÖND Vorum að fá 101 fm 4ra herb. íbúð á fyrstu hæð, góð gólfefni og innréttingar. Falleg íbúð, verönd og fleira. Verð 18,9 millj. 5111



HÖRGSHLÍÐ - REYKJAVÍK - TOPP-ÍBÚÐ Vorum að fá í einkasölu sérlega fallega og bjarta ENDAÍBÚÐ í þessu skemmtilega húsi. Arinn í sólstofu. Tvennar svalir. Tvö baðherbergi. Stór herbergi. Pakrymi með gleri. Stæði í bílageymslu. FLOTT EIGN Á VINSÆLUM STAÐ. Verð 42,9 millj. 5253

BREIÐVANGUR - MIKIÐ ENDURNÝJUÐ FALLEG 98 fm 4ra herb. íbúð á 2. hæð. Nýlegt parket og flísar. Baðherbergi endurnýjað, ný innrétting og tækj í eldhúsi, nýjar hurðar. FALLEG OG GÓÐ EIGN SEM HÆGT ER AÐ MÆLA MEÐ. Verð 20,9 millj. Laus við kaupsamning. 5065

BREIÐVANGUR - 4 SVEFNHERB. - BÍLSKÚR



Rúmgóð 117 fm 5 herbergja íbúð á 2. hæð í góðu fjölþýli, ásamt bílskúr 22,0 fm, samtals 139 fm. Endurnýjað baðherbergi. FALLEG OG BJÖRT EIGN. LAUS FLJÓTLEGA. Verð 21,9 millj.



NÖNNUSTÍGUR - LAUS STRAX Góð talsvert endurnýjuð 102,7 fm 4ra herbergja NEDRI SÉRHÆÐ í tvíbýli, að auki er óinnréttað 63ja fm rými í kjallara þar sem loft-hæð er að mestu um 2,30 m eða samtals 165 fm Verð 24,9 millj. 5250



AUSTURGATA - GLÆSILEG - ENDURNÝJUÐ Glæsileg 174,5 fm ENDURNÝJUÐ EFRI SÉRHÆÐ og RIS, ásamt STÚDÍÓ ÍBÚÐ í góðu tvíbýlishúsi sem brúttó er að klæða að utan, með bílskúrsrétti. Íbúðin er 151,0 fm og í kjallara er stúdíóíbúð 23,5 fm Verð 36,2 millj. 3970

VALLARBRAUT - FALLEG NÝLEG OG BJÖRT 105,9 fm 4ra herbergja ENDAÍBÚÐ á 2. hæð í góðu NÝLEGU fjölþýli á góðum stað á Holtinu. Fallegar innréttingar. Suðursvalir. Verð 22,9 millj. 2027

DREKAVELLIR - FULLBÚIN - LAUS STRAX Vorum að fá í einkasölu nýja glæsilega fullbúna 132,8fm endaíbúð. Fjögur góð svefnherbergi. Glæsilegar innréttingar. Hiti í öllum gólfum, engir ofnar. Góð staðsetning og útsýni. Laus við kaupsamning. Verð 28,5 millj. 5113



BREIÐVANGUR - 5-6 HERB. Á 1. HÆÐ Falleg 127 íbúð í góðu fjölþýli, húsið að utan er almennt í góðu ástandi svo og sameign. Fjögur svefnherbergi eru í íbúðinni síðan er aukaherbergi í sameign svo og sér geymsla. Góð eign sem hægt er að mæla með. Verð 22,9 millj. 5342

SLÉTTAHAUN - MEÐ BÍLSKÚR Falleg 107 fm íbúð á 3. hæð ásamt 23 fm bílskúr, samtals 130 fm Eldhús endurnýjað. Góðar svalir. Bílskúr með rafmagni, vatni og hurðaoþnara. Húsið er nýlega viðgert og málað, nýlegt þak. Verð 22,5 millj. 2883

HJALLABRAUT - FALLEG OG RÚMGÓÐ - LAUS STRAX Falleg 128 fm 4ra herbergja íbúð á 2. hæð, í góðu fjölþýli. Nýlegt eldhús. Parket. Tvennar yfirbyggðar svalir, hægt að stækka stofu út. Þrjú herb. með skápum. Húsið er einangrað að utan og klætt, nýlegt þak. LAUS STRAX. Verð 21,9 millj. 3629

ÁLFASKEIÐ - FALLEGT ÚTSÝNI Efri hæð í tvíbýli/fjórþýli. Skipting eignar er þannig að íbúðin er 69,5 fm, geymsla niðri er ca: 4 fm og íveruherbergi ca: 16 fm þ.e. samtals ca: 89,5 fm Verð 14,2 millj. 5226

ESKIVELLIR - 4 SVEFNHERB. Glæsileg 5 herbergja 139 fm íbúð á 1. hæð í nýju sex hæða lyftuhúsi á Völlum í Hafnarfirði. SÉRINNGANGUR af svölum. Vandaðar innréttingar og tækj. Afhending í ágúst 2006. Verð 27,0 millj. 5117

LAUFVANGUR - SÉRINNGANGUR Góð 4ra herbergja 107,7 fm íbúð á 1. hæð. SÉRINNGANGUR, íbúðin á 1/18 hlut í óinnréttaðri ca 75 fm íbúð í kjallara. Verð 20,5 millj. V. 20,5 m. 5061

LÆKJARGATA - LAUS STRAX FALLEG 97,0 fm 4ra herbergja íbúð á 3. hæð, ásamt stæði í BÍLAGEYMSLU í góðu fjölþýli. Fallegt útsýni út á LÆKINN. LAUS STRAX. Verð 21,9 millj. 2521



HRINGBRAUT - FALLEG ENDAÍBÚÐ Falleg og talsvert endurnýjuð 84,1 fm 4ra herbergja ENDAÍBÚÐ á 1. hæð í góðu fjórþýli á góðum stað í MIÐBÆNUM. Nýlegt þak og nýlega málað að utan. Verð 18,4 millj. 5050

PRASTARÁS - FALLEG - LAUS STRAX Nýleg og falleg 110,7 fm íbúð á 2. hæð í góðu nýlegu fjölþýli á frábærum ÚTSÝNISSTAÐ í ÁSLANDINU. SÉRINNGANGUR. Vandaðar innréttingar. Parket og flísar. Verð 24,9 millj. 5026

STRANDVEGUR - GARÐABÆ Glæsileg 111,5 fm 4ra herb. íbúð á 3. hæð í LYFTUHÚSI ásamt 6,5 fm geymslu í kjallara, samtals 118 fm, auk stæðis í bílageymslu. Vandaðar innréttingar, tækj og gólfefni. Rúmgóðar flísalagðar svalir. LAUS FLJÓTLEGA. Falleg og vel staðsett eign í Sjálandinu í Garðabæ með útsýni yfir sjóinn og víðar. 4826

ESKIVELLIR - LAUS STRAX GLÆSILEG 107,7 fm 4ra herbergja íbúð á 3. hæð ásamt stæði í bílageymslu í nánast viðhaldslausu nýju LYFTUHÚSI á góðum stað á VÖLLUM í HAFNARFIRÐI. Áhvílandi 18,2 millj. góð lán, greiðslubyrði ca 80 þús. á mán.. Kaupendur geta sparað 455 þúsund í lántökukostnað og þinglýsingu lána. Verð 22,9 millj. 4962



VINNINGAR VERÐA AFHENDIR HJÁ BT SMÁRÁLIND. KÓPAVOGI. MEÐ ÞVI AD TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB. 149 KR/SKEYTIÐ.

STUÐ MILLI STRÍÐA Það skiptast á skin og skúrir

FREYR GÍGJA GUNNARSSON SPÁIR Í ÍSLENSKT VEÐURFAR



Íslendingar eru veðursjúkir. Allar samræður í heita pottinum, á Laugaveginum eða í fjöl-skyldubodum hefjast á skoðunum um veðurfarið síðustu daga. „Hann spáir

rigningu í kvöld,“ segir gamli frændinn. „Varla búið að vera neitt sumar,“ bætir einhver við og sá þriðji blandar sér í umræðuna með því að benda á nýlegar tölur veðurstofunnar um hlýnandi veð-

urfur á norðurslóðum. „Aldrei fleiri sólardagar,“ og þar með er málið dautt. Nú er hægt að slúðra um nágrannana, nýjustu þörin eða eitthvað bitastæðara.

Lunderni okkar Íslendinga hefur mótast af veðrinu. Þegar sólin brýst fram út úr skýjunum er eins og það létti einnig til í andliti landsmanna. Sama hversu kalt er, karlarnir draga fram svunturnar, kolin og olíuna og grilla lambakjöt sem aldrei fyrr. Verslunarmiðstöðvar fyllast af fólki í stuttum buxum og sandólum en þurfa að hlaupa undan kuldabolanum á leið sinni út í bílinn. Þegar rigningin dynur á glugganum leggjumst við í sjón-

varpsgláp og brúnin á okkur þungast þrátt fyrir að hafa verið í góðu skapi um morguninn. „Aldrei getur verið gott veður á þessu skítaskeri,“ segir einhver og hugsar veðurguðunum þegjandi þörfina.

Eitt virðumst við Íslendingar því aldrei læra en mislyndi okkar helst í hendur með veðurfarinu. Máltakið „það skiptast á skin og skúrir“ er engin tilviljun í íslensku málfari og það er því algjör óþarfi að láta tíu stiga hitabreytingu fara í taugarnar á sér eða snjókomu á eftir sólskinsríkum degi. Veðurfarið á landinu bláa hefur alltaf verið svona og mun alltaf vera svona.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Overli



■ Geljan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Þú og þa

Eftir SÖB



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



Vilt þú betri vexti

til að klára dæmið?

**TILBODS
VEXTIR!**

13,6%*

Dæmi um greiðslubyrði					
Fjöldi ára	200.000 kr.	400.000 kr.	600.000 kr.	800.000 kr.	1.000.000 kr.
1	19.101	37.454	55.807	74.161	92.514
2	10.385	20.143	29.901	39.658	49.416
3	7.480	14.372	21.265	28.158	35.050
4	6.027	11.487	16.947	22.407	27.868
5	5.155	9.756	14.357	18.957	23.558
6	4.574	8.602	12.629	16.657	20.685
7	4.159	7.790	11.396	15.014	18.633
8	3.848	7.159	10.471	13.782	17.093

Forsendur: 1% lántökugjald - 1,5% stimpilgjald - 13,6% vextir - Kostnaður lánaður

Sæktu um lán...

WWW.S24.IS



533 2424 – Sætún 1

"Atli" - DV "Höfðarjafni til barna sem fyllirinn" - Morgunblaðið "Svefnaþýla" - Fréttablaðið

HAFIÐ BLÁA Í AUSTURBÆ

Sun 19.03 kl: 13.30
Sun 26.03 kl: 13.30

Miðapantanir í Austurbæ og á midl.is.
Miðasala Austurbæjar er opin milli 13 - 17 alla daga
sími : 551 4700



Kl. 17.15

Guðmundur A. Guðmundsson, dýravistfræðingur á Náttúrufræðistofnun Íslands, fjallar um vetrarútbreiðslu íslenskra andfugla í ljósi fuglaflensunnar. Erindið flytur Guðmundur í sal 132 í Öskju, Náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands í Vatnsmýrinni.

menning

menning@frettabladid.is

> Ekki missa af...

Ljóðakvöldi í Þjóðleikhúskjallaranum annað kvöld. Fjallað verður um ljóðið og líkamlega nálægð, útlit, nautnir og sársauka í ljóðum fyrr og nú. Gestur kvöldsins verður Kristín Ómarsdóttir sem les úr eigin verkum.

Frumskýningu Óperustúdíós Íslensku Óperunnar á óperettunni Nótt í Fenejum á miðvikudaginn kl. 20.00. Hljómveitarstjóri er Daniel Bjarnason en söngnemendur af höfuðborgarsvæðinu taka þátt í sýningunni.

Sýningu Lilju Kristjánsdóttur í Baksal Galleris Foldar við Rauðarárstíg. Sýningin ber heitið Copy/Paste og stendur til 9. apríl.



VIDAR EGGERTSSON Leiklistarsamband Íslands byrjaði að fagna leiklistardeginum snemma eftir að hann var settur á lagginnar.

FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI



Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

ÁTTA KONUR

Frumskýning fös. 31/3 **uppsett**, 2. sýn. lau. 1/4 örfá sæti laus, 3. sýn. sun. 2/4 örfá sæti laus, 4. sýn. fim. 6/4 örfá sæti laus, 5. sýn. fös. 7/4 örfá sæti laus, 6. sýn. lau. 8/4 örfá sæti laus, 7. sýn. mið. 19/4, 8. sýn. fim. 20/4, 9. sýn. fös. 21/4, 10. sýn. lau. 22/4.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Fim. 30/3 **uppsett**, fös. 31/3 **uppsett**, lau. 1/4 **uppsett**, sun. 2/4 örfá sæti laus, fim. 6/4 nokkur sæti laus, fös. 7/4 örfá sæti laus, lau. 8/4 **uppsett**.

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR

Mið. 29/3 **uppsett**, lau. 1/4 kl. 16:30 **uppsett**, sun. 2/4 kl. 17:00 **uppsett**, þri. 4/4 **uppsett**, mið. 5/4 **uppsett**, fim. 6/4 **uppsett**, fös. 7/4 **uppsett**, lau. 8/4 **uppsett**, sun. 9/4 **uppsett**, fös. 21/4 **uppsett**, lau. 22/4 **uppsett**, sun. 23/4 **uppsett**, aukasýning þri. 25/4 nokkur sæti laus, mið. 26/4 **uppsett**, fim. 27/4 **uppsett**, fös. 28/4 **uppsett**, lau. 29/4 **uppsett**. Aukasýningar í maí: lau. 6/5 **uppsett**, sun. 7/5 **uppsett**.

ÖRLEIKRITASAMKEPPNI FRAMHALDSKÓLANNA

í kvöld mán. 27/3 kl. 20:00 **uppsett**.

LEIKHÚSKJALLARINN

Jassklúbbur Múlans - Tríó Jóns Páls Bjarnasonar Mið. 29/3 kl. 21:00
Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
Leikhúsvéisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl. 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. ÆÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

BORGARLEIKHÚSIÐ

Stóra svið	Nýja svið / Litla svið
RONJA RÆNINGJADÓTTIR Lau 1/4 kl. 14 UPPS. Su 2/4 kl. 14 UPPS. Lau 8/4 kl. 14 UPPS. Su 9/4 kl. 14 UPPS. Su 23/4 kl. 14 Su 23/4 kl. 17:30 Lau 29/4 kl. 14 Su 30/4 kl. 14 Lau 6/5 kl. 14 Su 7/5 kl. 14 Lau 20/5 kl. 14 Su 21/5 kl. 14 ÓSÓTTAR PANTANIR SELDAR DAGLEGA	BELGÍSKA KONGÓ Fi 6/4 kl. 20 UPPS. Fö 7/4 kl. 20 Fi 20/4 kl. 20 Fö 21/4 kl. 20 Lau 29/4 kl. 20 Su 30/4 kl. 20 Lau 6/5 kl. 20 Su 7/5 kl. 20 Su 14/5 kl. 20 Mi 24/5 kl. 20 ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR Fi 30/3 kl. 20 UPPS. Fö 31/3 kl. 20 100. SÝNING Lau 1/4 kl. 20 UPPS. Su 2/4 kl. 20 Lau 8/4 kl. 20 ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK
KERTALJÓSATÓNLEIKAR HARÐAR TORFA FIMMTUDAGINN 6/4 KL. 20	HUNGUR SÝNINGAR HEFJAST AÐ NÝJU Í MAÍ
TALAUÐ VIÐ MIG -ÍD- Fö 31/3 kl. 20 SÍÐASTA SÝNING	NAGLINN SÝNINGAR HEFJAST AÐ NÝJU Í ENDA APRÍL
KALLI Á ÞAKINU Fi 13/4 kl. 14 skírdagur UPPSELT Lau 15/4 kl. 14 UPPSELT Má 17/4 kl. 14 annar í þáskum Fi 20/4 kl. 14 sumardagurinn fyrsti Lau 22/4 kl. 14	GLÆPUR GEGN DISKÓINU Fö 28/4 kl. 20 Fö 5/5 kl. 20
FULLKOMIÐ BRUÐKAUP Su 30/4 kl. 20 UPPS. Má 1/5 kl. 20 UPPS. Þri 2/5 kl. 20 UPPS. Mi 3/5 kl. 20 UPPS. Su 7/5 kl. 20 UPPS. Má 8/5 kl. 20 UPPS. Þri 9/5 kl. 20 UPPS. Fi 18/5 kl. 20 UPPS. Fö 19/5 kl. 20 UPPS. Fö 19/5 kl. 22:30 Su 21/5 kl. 20 UPPS. Fi 25/5 kl. 20 Fö 26/5 kl. 20 UPPS. Fö 26/5 kl. 22:30 Su 28/5 kl. 20 Fi 1/6 kl. 20	FORDÍST OKKUR Lau 1/4 kl. 20 Su 2/4 kl. 20 Fi 6/4 kl. 20 UPPS. Fö 7/4 kl. 20 Lau 8/4 kl. 20 Su 9/4 kl. 20 Fi 20/4 kl. 20 Fö 21/4 kl. 20 Lau 22/4 kl. 20 Su 23/4 kl. 20 DANSleikhús ÍSLANDS Su 9/4 kl. 20 Þri 11/4 kl. 20 Mi 19/4 kl. 20

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

Leikur um allan heim

Alþjóða leiklistardagurinn er haldinn hátíðlegur á Íslandi sem víðar í dag. Viðar Eggertsson leikstjóri situr í stjórn Alþjóða leikhúsmálastofnunarinnar sem stendur að deginum.

„Það gerir alltaf gagn að minna á það sem vel er gert,“ segir Viðar um Alþjóða leiklistardaginn sem er ætlaður til að vekja athygli á leikhúsi og menningu. Dagurinn hefur verið haldinn hátíðlegur síðan 1961 og er eitt af ýmsum verkefnum á snærum Alþjóða leikhúsmálastofnunarinnar. „Þetta eru frjáls félagsamtök sem var komið á fót í Prag árið 1948 í þeim tilgangi að sameina

listamenn hvaðanæva úr heiminum óháð þjóðerni, trúarbrögðum eða pólitískum skoðunum,“ útskýrir Viðar. Samtökin heyra undir UNESCO, menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna, og að þeim koma listamenn úr rúmlega hundrad löndum.

Leiklistarsamband Íslands byrjaði að fagna leiklistardeginum snemma eftir að hann var settur á lagginnar. „Við fáum alltaf leikhúsmann til að semja sérstakt ávarp sem er yfirleitt flutt fyrir sýningu í leikhúsum um allt land. „Stígur Steinþórsson leikmynda hönnuður semur ávarpið að þessu sinni,“ segir Viðar. „Í fyrra flutti Þórhildur Þorleifsdóttir erindið og Hrafnhildur Hagalín árið þar á undan, en við leggjum áherslu á að dreifa ábyrgðinni á milli flestra

leikhúsmanna.“ Einnig er samið sérstakt alþjóðaávarp í tilefni dagsins, en Vigdís Finnbogadóttir er meðal þeirra sem hafa samið slíkt ávarp.

Að öðru leyti er leikhúsfólki í sjálfsvald sett hvernig það kys að vekja athygli á leiklistinni. Sjálfur lætur Viðar ekki sitt eftir liggja, en hann er staddur í Færejum þar sem hann leikstýrir verki fyrir hið nýstofnaða þjóðleikhús Færeyinga, Þjóðpallinn eins og það heitir á tungu heimamanna. „Við höfum verið að ræða leiðir til að vekja áhuga á leikhúsi í Færejum og það er gaman að geta haft áhrif á það,“ segir Viðar að lokum.

Ávarp Stígs Steinþórssonar má finna á blaðsíðu 23.

HIMNARÍKI

Geðkafinn gamanleikur eftir Anna Svab

SÍÐASTA SÝNING Á HIMNARÍKI

Fös. 31. mars. kl. 20

ÓPERUSTÚDÍÓ

NÓTT Í FENEJUM EFTIR JOHANN STRAUSS

Nótt í Fenejum

NÓTT Í FENEJUM - eftir JOHANN STRAUSS
Frumskýning mið. 29. mars kl. 20 - Örfá sæti laus
2. sýn. fös. 31 mars kl. 20 - UPPSELT - 3. sýn. sun. 2. apríl kl. 20
4. sýn. þri. 4. apríl kl. 20 - 5. sýn. fim. 6. apríl kl. 20
6. sýn. lau. 8. apríl kl. 20 - SÍÐASTA SÝNING

Glitnir er bakhjarl Óperustúdíós Íslensku Óperunnar

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ



TATU KANTOMAA HARMONIKULEIKARI
Leikur ásamt Eyðísi Franzdóttur óbóleikara og Kolbeini Bjarnasyni flautuleikara í kvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

Harmonikan í öndvegi

Harmonikan verður í öndvegi á tónleikum í Salnum í kvöld en þá leikur Finninn Tatu Kantomaa nokkur af merkustu harmonikuverkum 20. aldarinnar sem spanna allt frá þjóðlögum og finnskum tangóum til innhverfrar ihugunar. Með honum leika Sigurður Halldórsson á selló, Zbigniew Dubik á fjölu, Eyðís Franzdóttir á óbó og Kolbeinn Bjarnason á flautur.

Tatu segir að töluverð gróska sé í tónsmíðum fyrir harmoniku um þessar mundir. „Á undanföllum tuttugu árum hafa æ fleiri tónskáld samið verk fyrir harmoniku, einkum á Norðurlöndunum.“ Á tónleikunum frumflytja Tatu og félagar verk eftir ungan Íslending, Daniel Bjarnason, sem sækir innblástur sinn til fornra kínverskra ljóða. Þá leika þau verk eftir Arne Nordheim sem var kallaður fyrsti móðernistinn í Noregi. „Þetta eru verk eins og ég vil gjarnan spila,“ segir Tatu en leggur áherslu á að hann leiki alls kyns tónlist.

Tatu hefur búið á Íslandi með hléum síðan 1996 og verið ötull við að spila og kenna á hljóðfærið. Hann er félagi í Rússbönum, Tangósveit Lýðveldisins og CAPUT hópnunum og hefur auk þess tekið þátt í fjölmörgum leiksýningum, í Þjóðleikhúsinu, Borgarleikhúsinu og víðar.

Tónleikarnir hefjast kl. 20.00.



HALLVEIG RÚNARSDÓTTIR Syngur til dýrðar Maríu á nýjum disk.

Trúartónar

Geisladiskurinn „Til Maríu“ sem inniheldur trúarlega tónlist eftir Gunnar Reyni Sveinsson tónskáld kom út í gær, á Boðunardegi Maríu. Á diskunum flytja Kammerkór Suðurlands og einsöngvararnir Hallveig Rúnarsdóttir, Anna Sigríður Helgadóttir, Hrólfr Sæmundsson og Sverrir Guðjónsson tónsmíðar Gunnars helguðum Maríu guðsmóður en Sverrir er jafnframt listrænn stjórnandi verksins. Á diskunum má einnig finna lagasmíðar Gunnars við ærslavísur Æra-Tobba.

Útgáfutónleikar hópsins verða haldnir 1. apríl nk. í Þjóðmenningarhúsinu.

**ZAPPA
PLAYS
ZAPPA**

miðasala 2. apríl
www.rr.is

Ávarp Stígs Steinþórssonar

Segjum svo að manneskja standi upp í fjölmenni og heimti athygli viðstaddra þá er það ekki endilega leiklistarviðburður. En ef manneskjan fer upp á kassa er það í áttina, gæti þó verið framboðsræða eða predikun, jafnvel kynning á nýrri tannkremstegund. Ef manneskjan talar mjög hátt og tilgerðarlega, syngur og dansar eða hreyfir sig óvenjulega, klæðist furðulegum fötum eða bara alls engum fötum, þá er þetta örugglega leiklist. Sérstaklega ef hún er allsber. Ef manneskjan í þokkabót segir safaríkar lygasögur, sem fanga athyglina, þá er þetta pottþétt leikari. Þó aðeins ef allir áhorfendur samþykkja lygasöguna sem eitthvað betra og hafið

yfir sannleikann um stundarsakir.

Leikarinn er mjög góður ef áhorfendur gleyma því að þeir þurfa að pissa í svona einn og hálfan klukkutíma. Hugmyndaflug, innsæi og sköpunargáfur leikarans kallar fram nákvæmlega þessa sömu eiginleika í sérhverjum áhorfenda og úr verður það sem kallast leiklist. Þetta samspil er kjarninn. Til að auka áhrifamátt hans og fjölbreytni hafa tveir og svo fleiri leikarar tekið sig saman og þá hefur þurft að stækka kassann, jafnvel smíða upphækkaðan pall. Síðan hengja upp tjöld til að fela ljótan bakgrunn, reisa þak út af rigningu, tengja ljóskastara til að vinna á myrkrinu en til að fara hratt yfir þróunarsöguna

þá höfum við nú það sem við nefnum leikhús. Þar vinnur gífurlegur fjöldi fólks að því að spinna og vefa dýrindis klæði úr engu, líkt og vefararnir í sögunni um nýju fötin keisarans.

En ólíkt þeim svindlurum er enginn að svíkja vísitandi heldur eru allir að reyna að gera eins vel við leiksýninguna og hægt er. Öll viljum við að lygasögurnar afhjúpi sannleikann, ef það skyldi mistakast væri ofboðslega frískandi ef áhorfendur myndu taka sér barnið úr sögunni til fyrirmyndar og kalla hátt og snjallt yfir allan salinn: „En hann er ekki í neinu!“

Í tilefni af alþjóða leiklistardeginum 2006, Stígur Steinþórsson.



STÍGUR STEINÞÓRSSON LEIKMYNDAHÖFUNDUR

Fermingartilboð 2006

Besta gjöfin sem hægt er að gefa unglengi er góður svefn

Þú gætir unnið!

Þegar fermingargjöf er keypt hjá okkur, fer nafn fermingar barnsins í pott. Fimm heppin fermingarbörn verða **Ipod nano** ríkari þegar dregið verður föstudaginn 5. maí. Nöfn vinningshafa verða birt á www.lystadun.is.

Heilsurúm með tvöföldu fjaðrakerfi

Verð frá: **kr. 30.320** (80 x 200 cm)

Glæsileg tilboð í mjúku deildinni.

Mikið úrval af sængum, heilsukoddum, rúmfatnaði og öðrum fylgihlutum.

Opið virka daga: 10–18 og laugard. 11–16

Reykjavík: Mörkín 4, s. 533 3500 Akureyri: Hofsbót 4, s. 462 3504 Egilsstaðir: Miðvangur 1, s. 471 2954 Akranes: Bjarg, Kalmansvöllum 1A, s. 4312507

Fallegar, frísklegar flauelsmjúkar og kinnar

Á þessum árstíma eru flestir farnir að þróa söl og sumaryl, sérstaklega þegar lítið er í spegilinn og við manni blasir næpuhvítur veruleikinn. Frá Guerlain var að koma fersk og fín lína í hús sem á að hressa allverulega upp á útlitið. Um er að ræða létt brúkusprey sem getur gert kraftaverk en það framkallar frísklegan lit, ekki gulrótarlitinn hans Ásgeirs Kolbeins, heldur flauelsmjúkan og fallegan tón sem hressir og kætir. Auðvelt er að bera herleg-

heitin á sig. Sólarpúðrið frá Guerlain er sérlega fínt en þar sem það er bland af nokkrum tönnum er hægt að ráða því hversu dökkt eða ljóst púðrið verður þegar það er komið í kinnarnar. Best er að bera það á sig með sérstökum kinnalitabursta sem er svo fallegur að vel er hægt að hafa hann uppi í hillu á baðherberginu til skrauts. Í vorlínunni frá snyrtivörumerkinu eru einnig fallegir varalítir og glossar. Það er greinilega málið að vera með bleiklitaðar varir í sumar! ■

ÞAÐ ER NAUBSÝNLEGT AÐ EIGA GÓÐAN BURSTA Í SÓLARPÚÐRIÐ SITT Þessi er frá Guerlain.



VARALITIR Í BLEIKUM TÖNUM
Málið fyrir sumarið. Þessi er frá Guerlain.

FUNHEITT GLOSS Frá Guerlain er algerlega málið í sumar.

EKKI FARA Í SPRAUTULÖKKUN Ef þú vilt ekki líta út eins og Gillzenegger og félagar. Spreyjaðu frekar á þig nýjasta brúkuspreyinu frá Guerlain og ferskleikinn mun drjúpa af þér.

fjórð...
fólk
folk@frettabladid.is

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



HREINN SPARNADUR

Ef þú kaupir Miele þvottavél færðu kaupverðið endurgreitt með betri meðferð á þvottinum þínum

Allt að 30% afsláttur

Á Miele þvottavélum

- 1** Miele þvottavélar eru með nýrri tromlu með vaxkókumynstri sem fer betur með þvottinn. *Einkaleyfi Miele.*
- 2** Miele þvottavélar eru byggðar á stálgrind og eru með ytri þvottabelg úr ryðfríu stáli ólíkt flestum öðrum þvottavélum.
- 3** Miele þvottavélar endast lengur en aðrar þvottavélar.

Miele

Íslenskt stjórnborð




Í upphafi skal endirinn skoða - Miele borgar sig

EIRVÍK

- hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is



Neytendastofnanir prófa þvottavélar í 3.800 klst. Samkeppnisaðilar 1 prófa sínar vélar í 4.500 klst. Samkeppnisaðilar 2 prófa sínar vélar í 6.000 klst. Miele prófar sínar þvottavélar í 10.000 klst.

MIELE ÞVOTTAVÉL - fjárfesting sem borgar sig

Gerð	Listaverð	TILBOÐ
Þvottavél W405 1200sn/mín/5 kg.	kr. 138.428	kr. 96.900
Þvottavél W3241 1400sn/mín/6 kg.	kr. 160.056	kr. 128.045
Þvottavél W3245 1600sn/mín/6 kg.	kr. 182.196	kr. 145.757
Purrkari T223 útblastur/5 kg.	kr. 106.800	kr. 74.760
Purrkari T233C rakapéttr/5 kg.	kr. 124.000	kr. 86.800



ÍSLANDSVINIR Reynolds-hjónin eru sannir Íslandsvinir og hafa margt komið hingað til lands. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

Glæsileg frumsýning í Laugarásbíói

Bandaríska Hollywood-myndin *Tristan & Isolde* var frumsýnd í Laugarásbíói að viðstöddu margmenni en leikstjóri myndarinnar, Kevin Reynolds, sótti landið af því tilefni. Um var að ræða sýningu til styrktar samtökunum Einn af fimm en þau vilja vekja athygli á þunglyndi. Eins og kom fram í Fréttablaðinu í fyrradag er leik-

stjórinn Reynolds mikill Íslandsvinur og hefur komið hingað sjö sinnum en hann og athafnamaðurinn Jón Ólafsson eru miklir vinir. Sagan af riddaranum hugprúða *Tristan* og ástinni í lífi hans, *Isolde*, er sígild og var víst sjálfum Shakespeare innblástur þegar hann skrifaði *Rómeo* og *Júlíu*.



ÁNÆGÐIR Magnús og Gunnar Gunnarsson hjá Laugarásbíói voru hæstánægðir með viðtökurnar.



Á GÓÐRI STUNDU Hvort einhver veiðisaga hafi hér fengið að fljúga skal ósagt látið en það var greinilegt að Reynolds-hjónin og Helga Hilmarsdóttir voru í miklu stuði.



GÓÐA SKEMMTUN Gyða Lárusdóttir og Georg Csillag skemmtu sér konunglega á frumsýningunni.



FRÁ IFF Ísleifur B. Þórhallsson og Jón Þór Eyþórsson brostu út að eyrum en Reynolds kom hingað á vegum IFF-hátíðarinnar.



FLOTTIR FÉLAGAR Jón Ólafsson og Kevin Reynolds eru miklir vinir en þeir kynntust í kokteilboði hjá Mel Gibson.



FRÍSKANDI Sólarpúði frá Guerlain er einn af þessum hlutum sem þú verður að eignast fyrir sumarið.



Haxan í lok apríl

Ný plata eftir tónlistarmanninn Barða Jóhannssonar sem ber nafnið Haxan, kemur út þann 24. apríl. Verkið, sem er tónlist við þögla bíómynd frá árinu 1920, er leikið af sinfóníuhljómsveit Búlgaríu og hljóðritað þar í landi. Útsetning er að mestu í höndum Þóris Baldurssonar.

Verkið var upprunalega samið fyrir kvikmyndina Haxan. Mynd þessi telst til kvikmyndasögu-legra meistaraverka og var bönnuð í fleiri ár vegna djöfladýrkunar og nektar. Frumflutningur á verkinu fór fram í kvikmyndahúsinu „Forum des Images of Paris“ árið 2004. Var verkið flutt við sýningu myndarinnar og var notast við tvær fiðlur, ásláttar-

hljóðfærði, gítar og rafhljóð. Þessi frumflutningur var hluti af seríu þar sem tónlistarmenn voru fengirn til að semja nýja tónlist við þögla myndir frá fyrri hluta tuttugustu aldar.

Í framhaldi af þessari uppkomu var Barða boðið að taka þátt í Vetrarhátíð Reykjavíkur og var verkið flutt þar í sinfónískri útsetningu Þóris Baldurssonar. Verkið skiptist í sjö hluta og útsetti Þórir sex þeirra en Barði sjálfur einn hluta. Var verkið flutt í þessari útgáfu árið 2005 af Sinfóníuhljómsveit Íslands í Háskólabíói.

Sumarið sama ár hélt Barði til Búlgaríu þar sem hann tók upp tónverkið ásamt búlgörsku sinfóníuhljómsveitinni í húsi ríkis-



BARÐI JÓHANSSON Tónlistarmaðurinn Barði Jóhannsson gefur út plötuna Haxan í lok apríl.


útvarpsins í Sofíu. Lokavinnsla og aukahljóðfæraleikur fór fram á Íslandi og var platan hljóðblönduð í janúar 2006. Sum verkanna á plötunni eru stytta útgáfur af heildarverkinu.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Mikill áhugi er á spennumyndinni Snakes On a Plane á meðal kvikmyndaáhugamanna á netinu. Þegar framleiðendur myndarinnar fréttu af þessum mikla áhuga ákváðu þeir að taka upp fleiri atriði og gera myndina í leiðinni bannaða börnunum innan 16 ára. Myndin, sem skartar Samuel L. Jackson í aðalhlutverki, fjallar um liðsmann FBI sem reynir að halda mikilvægu vitni á lífi í flugvél sem er full af snákum.



Talsmaður Brads Pitt segir ekkert hæft í þeim orðrómi að leikarinn hafi sést á veitingastað í París með mar og skrámur í andlitinu. Pitt, sem m.a. lék í slagsmálamyndinni Fight Club, snæddi í fjóra klukkutíma á veitingastaðnum með vini sínum.



Leikarinn Harrison Ford segist ekkert lætla að setjast í helgan stein á næstunni. Ford er 63 ára og verður því löggildur eldri borgari eftir tvö ár. Hann lék í öllum áhættuatriðunum í nýjustu mynd sinni Firewall og segist ennþá vera nógu hraustur til að bita frá sér á hvíta tjaldinu. „Að setjast í helgan stein miðast af því að maður hafi gert allt sem manngangar til að gera í starfi, en ég er ennþá að vinna. Ég er ekkert að fara að leggjast með tærnar upp í loftið,“ sagði Ford.



Tónlistarmaðurinn Sting og rapparinn Kanye West verða aðalnúmerin á hinn árlugu djasshátíð í Stokkholmi. Hátíðin, sem fer fram 18. til 22. júlí, er einn stærsti tónlistarviðburður ársins í Svíþjóð.



AMERICAN DAD
ÞRIÐJUDAGA KL. 21:00

BANDARÍKIN ERU Í ÖRUGGUM HÖNDUM!

Útsendari CIA, Stan Smith, er alltaf á varðbergi fyrir hryðjuverkahættum.

FYLGSTU MEÐ!

Fermingargjafir

fyrir poppara, rappara og rokkara...

Hljómborð
frá 23.900 kr.

Trommuset
frá 36.500 kr.

Kassagítarar
frá 10.900 kr.

Gítarmagnarar
frá 9.900 kr.

Rafmagnsgítarar
frá 15.900 kr.

Mbox með Pro Tools
frá 41.500 kr.

HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ

Hljóðfærahusið Laugavegi 176 105 Reykjavík www.hljodfaerahusid.is info@hljodfaerahusid.is Sími 591 5340

Nýtt í bíó

THE PRODUCERS
SPRENGHLÆGILEGUR SÖNGLEIKUR FRÁ GRÍNSNILLINGNUM MÆL BROOKS!!

BIG MOMMA'S HOUSE 2
Mamma allra grínmynda er mezt aftur í bíó!
För beint á foppinn í Bandaríkjunum

RENT
2 FYRIR 1
FYRIR VÍDSKIPTAVINL GULLVILDAR

YOURS MINE & OURS
SKEMMTU ÞÉR VEL Á FRÁBÆRRI FJÖLSKYLDUMYND!

THE PINK PANTHER
STEVE MARTIN KEVIN KLINE BEYONCE KNOWLES

OSKARSVERÐLAUNIN sem besti leikari í aðalhlutverki
capote

OSKARSVERÐLAUNIN Besta leikkona í aukahlutverki
BROKEBACK MOUNTAIN

OSKARSVERÐLAUNIN Besta leikkona í aukahlutverki
THE CONSTANT GARDENER

OSKARSVERÐLAUNIN Besta leikkona í aukahlutverki
walk the line

OSKARSVERÐLAUNIN Besta leikkona í aukahlutverki
TRISTAN & ISOLDE

OSKARSVERÐLAUNIN Besta leikkona í aukahlutverki
THE NEW WORLD

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

400 kr. í bíó! (eindir á öllum sýningum í Regnboginn) (eindir á öllum sýningum í Regnboginn)

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

BaráttuBíó SÍMI 462 3500

THE PRODUCERS	kl. 5.20, 8 og 10.45	THE PRODUCERS	kl. 8 og 10.45	TRISTAN & ISOLDE	kl. 5.45, 8 og 10.20
SÝND Í LÚXUS	kl. 5.20, 8 og 10.45	BIG MOMMA'S HOUSE 2	kl. 5.50 og 8	THE NEW WORLD	kl. 10
BIG MOMMA'S HOUSE 2	kl. 3.40, 5.45, 8 og 10.15	RENT	kl. 5.20 B.I. 14 ÁRA	BIG MOMMA'S HOUSE 2	kl. 6 og 8
PINK PANTHER	kl. 3.45, 5.50, 8 og 10.10	CAPOTE	kl. 8 B.I. 16 ÁRA		
YOURS MINE AND OURS	kl. 4 og 6	BROKEBACK MOUNTAIN	kl. 10.10 B.I. 12 ÁRA		
RENT	kl. 8 og 10.45 B.I. 14 ÁRA	CONTANT GARDENER	kl. 5.20 og 10.20 B.I. 16 ÁRA		
		WALK THE LINE	kl. 5.15, 8 og 10.45		

Dolby SDDS IEX BÍÓ.IS – allt á einum stað

Sími 553 2075 LAUGARAS BÍÓ - bara lúxus

STÖRKOSTLEG ÆVINTÝRAMYND
★★★★★
FilmCritic.com
★★★★★
Rotten Tomatoes
★★★★★
Roger Ebert
★★★★★
L.I.B. TOPP5.IS

FYRIR DAGA RÓMEÓ & JÚLÍU, VORU
TRISTAN & ISOLDE
Klassísk og gæðmyndað söguþrættur um foreldra samband ungra elskenda, sem blandast inn í stríð og völdabaráttu kóngs og ráðara.

Sýnd kl. 5:30, 8 og 10:20 B.I. 14 ÁRA

MARTIN LAWRENCE
BIG MOMMA'S HOUSE 2
Mamma allra grínmynda er mezt aftur í bíó!

MARILEE JOHANNSSON
MATCH POINT
Sýnd kl. 8

MEMBERS OF A
GEISHA III
Sýnd kl. 10 öðru síðustu sýningar

www.laugarasbio.is

ZAPPA PLAYS ZAPPA

miðasala 2. apríl
www.rr.is

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á

VÍSIR VEF.TV

HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNISTI!

Quaid krefst skaðabóta

Leikarinn Randy Quaid hefur höfðað mál gegn framleiðendum kvikmyndarinnar Brokeback Mountain.

Heldur hann því fram að hann hafi verið plataður til að samþykkja lægri launagreiðslur en vanalega fyrir hlutverk sitt í myndinni. Telur Quaid að framleiðendurnir hafi sagt honum að litlum peningi yrði eytt í gerð myndarinnar og því yrði hann að taka á sig launalækkun ef hann vildi hreppa hlutverkið.

Quaid, sem er 55 ára, krefst rúmlega 700 milljóna króna í skaðabætur. Brokeback Mountain hlaut þrenn óskarsverðlaun á dögnum og hefur þénað tæpa 12 milljarða króna víðs vegar um heiminn síðan hún var frumsýnd.

Quaid hefur leikið í vinsælum myndum í gegnum tíðina á borð við Independence Day, National Lampoon's Christmas Vacation og Kingpin.



RANDY QUAID Randy fór með aukahlutverk í myndinni Brokeback Mountain.

Oldman leikur Black

Leikarinn Gary Oldman hefur loksins skrifað undir samning um að fara aftur með hlutverk Siríusar Black, guðföður Harrys Potter, í næstu kvikmynd um galdratrákinn mikla. Nefnist hún The Order of Phoenix og verður sú fimmta í röðinni.

Framleiðendur myndarinnar buðu Oldman fyrst ekki að endurtaka hlutverk sitt í myndinni en þeim virðist hafa snúist hugur, aðdáendum Oldmans til mikillar gleði.



GARY OLDMAN Leikarinn Gary Oldman leikur í næstu Harry Potter-mynd.

Skoski draugurinn og djúpraddaða tréð

[UMFJÖLLUN]

TÓNLIST

Þessi frábæra plata Isobel Campbell og Marks Lanegan hefst á lagi sem minnir mig töluvert á lagið Lovely Creature af Murder Ballads með Nick Cave.

Deus Ibi Est hefur svipað þema og það, djúpraddaður sögumaður syngur yfir einfalt þjóðlagalegt gítarspil og annað slagið kemur inn dreymandi kvenmannsrödd. Munurinn er bara sá að Mark Lanegan er öllu djúpraddaðri en Cave og hljómar því mun meira eins og Satan sjálfur.

Restin af plötunni er í svipuðum stíl. Eitursvalt spaghatti-vestra kántrí blandað saman við skoska þjóðlagatóna og yndisfagan söng Isobel. Frekari samlíkingar við Nick Cave eru ekki fjarri lagi. Það sem kemur mest á óvart er að þessi lög eru alveg jafn svöl og bestu verk hjartagóða myrkrhöfðingjans.

Ahrif frá Tom Waits leyna sér svo ekki í laginu Ramblin Man. Vanalega færú svona hlutir í taugararnar á mér en það er svo yndislega augljóst að Mark og Isobel eru alls ekki að reyna stæla meistaranum, heldur bara votta þeim virðingu sína og þakka þeim fyrir að dýfa þeim ofan í lagabrunn sinn.

Fyrir þá sem ekki vita þá er Mark Lanegan fyrrum liðsmaður Screaming Trees sem þótti ágæt, en átti samt bara einn alvöru smell með laginu I Nearly Lost You. Iso-



ISOBEL CAMPBELL & MARK LANEGAN: BALLAD OF THE BROKEN SEAS

NIÐURSTAÐA: Isobel Campbell og Mark Lanegan ná að fanga sömu töfra og Nick Cave og Tom Waits eru þekktir fyrir. Bæta svo sínu eigin bragði við og framkalla afbragðsplötu.

bel Campbell syngur svo fyrir Belle & Sebastian. Hún hljómar alltaf örlítið eins og draugur, eins og Julie Cruise gerði í Twin Peaks. Hvernig þau náðu saman veit ég ekki.

Niðurstaðan er aftur á móti skotheld plata. Hér er ekki eitt einasta lag sem gefur manni þá tilfinningu að það sé einungis að fylla upp í tímaramma breiðskífu. Lögin hljóma eins og þau hafi verið samin af alúð og nærgætni. Þau eru útsett á naumhyggjulegan og smekkleigan hátt, grípa mann strax og vefja örmum sínum það þægilega utan um mann að ég trúi því að þau séu komin til að vera. Ég á að minnsta kosti eftir að gefa þeim töluvert af tíma mínum.

Birgir Örn Steinarrson

Stórútsölumarkaður Z-brautir og gluggatjöld
Okkar landsfrægi útsölumarkaður er í fullum gangi. Mikið úrval af gluggatjaldaefni og metravöru. Efni frá 100 kr metrinn.

Og einnig handklæði, rúmteppi, sængurver, dúkar, og fleira.

opið alla virka daga frá 13-18

Z-brautir og gluggatjöld
Faxafeni 14 108 Reykjavík
Sími: 525-8200 Fax 525-8201 z@z.is

FRUMSÝNING

FRELSII! AÐ EILÍFUI

NATALIE PORTMAN HUGO WEAVING
V FOR VENDETTA

NÝJASTA SNILLDARVERKID FRÁ WACHOWSKI BRÆÐRUM ÞEIM SEM FÆRÐU OKKUR "MATRIX" MYNDIRNAR.

ÁLFABAKKA

V FOR VENDETTA	KL. 5:15-8-10:45	B.I. 16
V FOR VENDETTA VIP	KL. 5:15-8-10:45	
THE MATADOR	KL. 4-6-8-10:10	B.I. 16
LASSIE	KL. 3:50-6	
AEON FLUX	KL. 6-8-10:10	B.I. 16
SYRIANA	KL. 8:10-10:45	B.I. 16
BLÓÐBÖND	KL. 4-6-8-10:10	
BAMBI 2 ísl. tal	KL. 4	

ÁLFABAKKI S: 587-8900

KEFLAVÍK

V FOR VENDETTA	KL. 8-10:30	B.I. 16
BIG MOMMAS HOUSE 2	KL. 8-10	

AKUREYRI

V FOR VENDETTA	KL. 5:40-8-10:20	B.I. 16
LASSIE	KL. 6	
THE MATADOR	KL. 8-10	B.I. 16

AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170

KRINGLUNNI

V FOR VENDETTA	KL. 6-8-10	B.I. 16
LASSIE	KL. 5:50-8-10:10	
BAMBI 2 ísl. tal	KL. 6	

KRINGLAN S: 588-0800

HÁSKÓLABÍÓ

V FOR VENDETTA	KL. 5:15-8-10:45	B.I. 16
THE MATADOR	KL. 6-8-10	B.I. 16
THE NEW WORLD	KL. 5:20-8-10:40	B.I. 12
THE WORLD'S FASTEST INDIAN	KL. 5:30-8	
SYRIANA	KL. 10:30	B.I. 16
BLÓÐBÖND	KL. 6-8-10	

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919

FRÉTTIR AF FÓLKI

Steven Tyler, söngvari Aerosmith, þarf að fara í aðgerð á hálsi síðar í þessari viku vegna sjúkdóms sem hrjáir hann. Hefur hann ekki viljað gefa upp um hvers kyns sjúkdóm sé að ræða.

Vegna veikindanna hefur Aerosmith hætt við síðustu tólf tónleikana á tónleikaferð sinni um Bandaríkin. Tyler mun ekki geta sungið í allt að þrjá mánuði vegna aðgerðarinnar.

Framleiðendur þáttarins American Idol voru nálægt því að reka dómarrann Paula Abdul fyrir í þessum mánuði.

Ástæðan var hegðun Abdul. Var hún víst alltaf grátandi og mætti seint á fundi. Hún var send til læknis vegna ofþreytu en hefur nú jafnað sig. Hugmyndir voru uppi um að ráða annaðhvort Jessicu Simpson eða Britney Spears í stað Abdul en ekkert varð af því.

Hljómsveitin Sigur Rós ætlar að gefa út tvöfalda EP-plötu þann 8. maí. Á fyrri disknum verða lögin Sæglópur, Refur, Ófriður og Kafari en á þeim síðari verða myndbönd við lögin Glósóli, Hoppipolla og Sæglópur.

Ivin Kershner, leikstjóri Star Wars-myndarinnar The Empire Strikes Back, ætlar að taka upp næstu mynd sína í Indlandi. Er hann staddur í Bollywood um þessar mundir til að finna réttu leikarana. Myndin nefnist The Princess and the Wizard og er barnamynd sem þó ætti að höfða til fullorðna að sögn Kershners, sem er orðinn 83 ára gamall.

Magnaðir tónleikar

Slóvenska hljómsveitin Laibach hélt magnaða tónleika á Nasa á dögunum. Húsfyllir var og skemmtu áhorfendur sér konunglega, enda er sveitin þekkt fyrir öflugna sviðsframkomu.

Þekktar sveitir á borð við Rammstein og Ham eru sagðar hafa litið mikið upp til Laibach og leyndi það sér ekki á tónleikum.



TÖFFARAR Þessir tveir Laibach-töffarar voru heldur betur tilbúnir í slaginn á Nasa.



LAIBACH Hljómsveitin Laibach er þekkt fyrir öflugna sviðsframkomu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA



FÉLAGAR Þeir Pétur og Óskar nutu stemningarinnar út í ystu æsar.



Finnur þú næstu milljón?

Sá á fund sem finnur!



Keramik fyrir alla

Þinn hópur

Óvissuferðir, gæsir, vinnustaðir, saumaklúbbar...
Bókaðu eigin hóp, eða komdu þegar þér hentar.

Keramik fyrir alla
sími 552 2882, Laugavegi 48b.
Sjá lýsingu: www.keramik.is

Harry Potter SM SLEIKUR
OG ELDHILKARINN

9. HVER VINNUR

Þú sendir SMS skeytið BTC FHP á númerið 1900
Þú svarar spurningu
Þú gætir unnið

Harry Potter & Eldhilkinn • Fyrri Harry Potter myndir
• Harry Potter söngvæðing • Þessi Kappur • Væðingur
þengdur FSI og Hrósvikjum • Fullt af úrvali DVD myndir og tölvuleikjum og margt fleira!

Vinningar verða afhendir hjá BT Símalíni, Kópavogi. Með því að taka þátt erðu kominn í SMS hlóða, 149 kr/áskrift.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Guðjón til Bodö/Glimt

Framherjinn Guðjón Baldvinsson er á leið til Bodö/Glimt í Noregi þar sem hann verður á reynslu hjá liðinu í um vikutíma. Bodö/Glimt leikur í norsku 2. deildinni en Guðjón leikur með Stjórnumni í Garðabæ og var markahæsti leikmaður 2. deildarinnar í fyrra með 14 mörk.

sport
sport@frettabladid.is

BRYNJAR BJÖRN GUNNARSSON OG ÍVAR INGIMARSSON HJÁ READING: SPILA Í ÚRVALSDEILDinni AÐ ÁRI

Langþráðu markmiði er loksins náð

Ísland verður með nýja fulltrúa í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu á næsta tímabili því á laugardag tryggði Reading sér loksins sæti í deild hinna bestu. Eins og kunnugt er leika þeir Brynjar Björn Gunnarsson og Ívar Ingimarsson með liðinu og voru þeir báðir í byrjunarliðinu þegar Reading gerði jafntefli við Leicester á laugardag og fékk þar með stigið sem vantaði upp á til að gulltryggja sætið í úrvalsdeildinni.



„Loksins er sætið í höfn,“ sagði Brynjar Björn við Fréttablaðið í gær, en Reading hefur haft mikla yfirburði í 1. deildinni í Englandi í ár og hefði það í raun verið stórslys hefði

liðið ekki náð að komast upp. „Það var gaman eftir leikinn í gær, það er ekki hægt að segja annað. En þó að það hafi auðvitað verið fagnað höfðum við samt hemil á okkur. Það eru sex leikir eftir í deildinni og við ætlum að klára þá með stæl. Því er þessi sigurtílföringur ekki alveg sokkinn inn ennþá,“ sagði Brynjar Björn sem jafnaði þá þó að skál- að hefði verið í kampavini að leik loknum. „Jú, jú. Það var mikið stuð í klefanum.“

Segja má að úrvalsdeildarsæti

sé einnig persónulegur áfangi fyrir Brynjar Björn, sem hefur spilað með hinum ýmsu liðum í neðri deildunum í Englandi allt frá því að hann kom fyrst til Englands árið 1999 en aldrei áður verið á mála hjá félagi í úrvalsdeild. „Vissulega er þetta náttúrulega búið að vera markmið fyrir mig í nokkur ár svo að það er ekki hægt að segja annað en að það sé gamall draumur að ræstast. Þetta er mjög ljúf tilfinning,“ segir Brynjar Björn.



EHF-keppnin í handbolta:

Bjarni frábær

HANDBOLTI Hornamaðurinn Bjarni Fritzson átti stórleik fyrir lið sitt Créteil þegar það vann 30-26 sigur á þýska liðinu Göppingen í fyrri leik liðana í undanúrslitum EHF-keppninnar. Bjarni skoraði tíu mörk, þar af fjögur úr vítaköstum, og var langmarkahæstur Créteil sem lék á heimavelli sínum í París. Jalesky Garcia lék ekki með Göppingen vegna meiðsla en Andreas Stelmokas, fyrrverandi leikmaður KA, skoraði tvö mörk.

Créteil fór illa að ráði sínu á lokamínútunum því það hafði yfir, 29-21, þegar skammt var eftir. Einbeitingarleysi á lokamínútunum gerir það að verkum að staða Göppingen er mun betri fyrir síðari leikinn í Þýskalandi um næstu helgi. Sigurvegarinn mætir annaðhvort Gummersbach eða Lemgo í úrslitum keppninnar.

Njarðvíkingar settu upp sýningu í Ljónagryfjunni

Njarðvíkingum héldu engin bönd í fyrstu viðureign þeirra gegn KR-ingum í undanúrslitum Iceland Express-deildarinnar. Njarðvík sigraði með 36 stigum, 101-65, og gerði hreinlega lítið úr andstæðingi sínum.

KÖRFUBOLTI KR-ingar áttu engin svör við stórleik Njarðvíkinga í fyrsta leik liðanna í undanúrslitunum í gær og voru flestir þeirra eins og hver annar áhorfandi í Ljónagryfjunni í Njarðvík í gær. Heimamenn spiluðu sinn besta leik í langan tíma og er óhætt að fullyrða að þegar Njarðvík kemst í sama gir og í gær eru fá lið sem standa því snúning. Lokatölur urðu 101-65 í leik þar sem Njarðvíkingar juku fyrstu sína jafnt og þétt allan tímann.

„Þetta var frábær leikur hjá okkur. Varnarleikurinn var frábær og baráttan til mikillar fyrirmyndar,“ sagði Einar Árni Jóhannsson, þjálfari Njarðvíkur, eftir leikinn. Allir lærisveinar hans stóðu sig frábærlega í leiknum, hvort sem þeir byrjuðu inn á eða komu af bekknum í gær og gat Einar nánast skipt um leikmenn að vild án þess að veikja lið sitt. „Við erum að halda áfram að bæta okkur í þessari úrslitakeppni og það fylgja allir með í stemningunni,“ sagði Einar Árni.

Leikurinn í gær var algjör einstefna frá upphafi. Heimamenn náðu strax yfirhöndinni, komust í 12-7 og síðan 16-9 og í lok 1. leikhuta settu leikmenn liðsins í fluggírinn og skoruðu sex síðustu stigin. Að fyrsta leikhuta loknum var staðan orðin 28-11 og strax komið stórt bil sem vítað var að KR-ingar myndu eiga erfitt með að brúa. Sóknarleikur KR var afleitur, eins og svo oft áður í 1. leikhuta, og það nýttu Njarðvíkingar sér til hins ýtrasta með því að sækja hratt í gagnsóknunum.



JÓHANN ÁRNI ÓLAFSSON Kom gríðarlega sterkur inn af bekknum í gær og skoraði 15 stig í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

Leikurinn jafnaðist eilítið út í 2. og 3. leikhuta, KR-ingar reyndu hvað þeir gátu en heimamenn voru alltaf með leikinn í hendi sér og hleyptu gestunum aldrei of nálægt sér. Þegar KR náði góðum leikkafli var einfaldlega gefið í að nýju og var frábær leikkafli í upphafi 4. leikhuta gott dæmi um það. Á örskömmum tíma breyttu Njarðvíkingar stöðunni úr 67-50 í 87-53 og lauk þeim leikkafli með viðstöðlausrí troðslu Egils Jónassonar yfir Ljubodrag Bogovax hjá KR. Stórkostleg tilþrif sem sjást ekki oft í íslenskum körfubolta.

Eftir þessa útreið var allur vindur úr KR-ingum og áttu

ýngstu leikmenn Njarðvíkur eftir að bæta enn við forskotið áður en yfir lauk. Um var að ræða sigur liðsheildarinnar þar sem allir skiluðu sínu, en þó ber sérstaklega að nefna þátt Friðrik Stefánssonar, sem átti frábæran leik í vörninni, og Jóhanns Arna Ólafssonar, sem skoraði 15 stig með mörgum glæsilegum körfum. Þá var Jeb Ivey traustur að vanda.

„Mér fannst við bara vera á hálfum hraða. Varnarleikurinn var enginn hjá okkur og þegar Njarðvík skorar 101 stig þá vinnum við ekki. Það er ljóst,“ sagði Herbert Arnarsson, þjálfari KR, eftir leikinn.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

24 25 26 27 28 29 30

Mánudagur

LEIKIR

19.15 Skallagrímur og Keflavík mætast í úrslitakeppni Iceland Express-deildar karla í körfubolta í Borgarnesi.

SJÓNVARP

- 16.00 Ensku mörkin á Rúv. Öll mörkin í ensku úrvalsdeildinni um helgina verða sýnd.
- 18.00 Þrumuskot á Enska boltanum.
- 18.50 Enska knattspyrman á Enska boltanum. Bein útsending frá leik Tottenham og WBA.
- 20.00 Skólahreysti á Sýn.
- 20.45 Ítölsku mörkin á Sýn.
- 21.15 Ensku mörkin á Sýn. Mörkin úr ensku 1. deildinni.
- 21.45 Spænsku mörkin á Sýn.

DV

Hefur þú séð DV í dag?

LITLA HRYLLINGSBÚÐIN FRUMSÝND

EJÓRAR STJÖRNUR Á AKUREYRI

Undanúrslit Meistaradeildarinnar í handbolta:

Ciudad Real í góðri stöðu

HANDBOLTI Ólafur Stefánsson og félagar hans í Ciudad Real eru í góðri stöðu eftir fyrri viðureignina gegn Flensburg í undanúrslitum Meistaradeildarinnar sem fram fór í gær. Ciudad vann öruggan sigur á heimavelli sínum, 31-22, og skoraði Ólafur fjögur marka spænska liðsins.

Flensburg sá aldrei til sólar í leiknum og sýndi stjörnunum þrýtt lið Ciudad allar sínar bestu hliðar. Enginn lék þó betur en slóvenska stórskyttan Sjarhei Rutenka, en hann skoraði níu mörk. Vendipunktur leiksins kom eftir um tíu mínútna leik þegar Ciudad breytti stöðunni úr 3-3 í 11-4. Eftir það varð ekki aftur snúið og varð munurinn mest 11 mörk í síðari hálfleik. Flensburg náði aðeins að laga stöðuna áður en yfir lauk en



SIHAREI RUTENKA Var frábær fyrir Ciudad í gær. NORDICPHOTOS/AFP

staða liðsins fyrir síðari leikinn er engu að síður afar vond.

Í hinni undanúrslitarímmunni hafði Fotéx Veszprém betur gegn Portland San Antonio á heimavelli sínum í Ungverjalandi, 29-27, og stendur spænska liðið því nokkuð vel að vígi fyrir síðari leikinn.

> Bæði unnu tvöfalt

Björgvin Björgvinsson frá Dalvík og Dagný Linda Kristjánsdóttir báru sigur úr bítum í svigkeppni Skiðamóts Íslands í gær og tryggðu sér þar með tvöfaltan sigur á móttinu því bæði urðu þau Íslandsmeistarar í stórsvigi á laugardaginn. Rétt eins og í stórsviginu varð Kristján Úni Óskarsson að láta sér lynda annað sætið á eftir Björgvini í sviginu en hjá stúlkunum var það Salóme Tómasdóttir sem hafnaði í öðru sæti. Þá stóð Björgvin uppi sem sigurvegari í Icelandair Cup mótaröðinni sem fram fór samhliða Íslandsmóttinu, en annar varð Kristján Úni og Christophe Roux frá Sviss varð þriðji.



ALEXANDER PETERSSON Sýndi styrk sinn í Þýskalandi um helgina.

Þýski handboltinn:

Alexander stimplar sig inn

HANDBOLTI Alexander Petersson minnti rækilega á sig þegar hann skoraði átta mörk fyrir Grosswallstad sem sigraði Hamburg naumlega, 28-27, í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta á laugardag. Þetta var fyrsti leikur Alexanders með liði sínu eftir að hann kjálkabrotnaði í leik með íslenska landsliðinu á EM og er ljóst að endurkoma hans styrkir Grosswallstad mikið. Einar Hólmgeirsson bætti við sex mörkum fyrir liðið.

Sigfús Sigurðsson skoraði eitt mark fyrir Magdeburg sem vann Lubbecke, 32-31, en Þórir Ólafsson skoraði ekki fyrir Lubbecke. Arnór Atlason er enn að jafna sig eftir meiðslum og lék ekki með Magdeburg. Þá skoraði Róbert Sighvatsson tvö mörk fyrir Wetzlar sem tapaði fyrir Melsungen, 36-32, en Markús Máni Michaelsson náði ekki að skora fyrir Düsseldorf sem tapaði fyrir Kronau/Östrigen.

Skandall í Þýskalandi:

Düsseldorf kærir úrslit

HANDBOLTI Düsseldorf, liðið sem Markús Máni Michaelsson leikur með í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta, hefur kært úrslit í leik liðsins gegn Kronau/Östrigen á laugardagskvöldið vegna hriklagra mistaka hjá dómurum leiksins.

Málsatvik eru þau að í stöðunni 10-8 fyrir Kronau skoraði Frank Berblinger fyrir Düsseldorf og minnkaði muninn í 10-9. Starfsmenn á ritaraborðinu virðast hafa ýtt á vitlausan takka því á markatöflunni stóð að staðan væri 11-8, Kronau í vil. Dómararnir tóku eftir mistökunum og létu „leiðrétt“ markatöfluna þannig að hún sýndi að staðan væri 11-9, þrátt fyrir að hún væri í raun 10-9. Aðstandendur Düsseldorf trúðu vart sínum eigin augum en hörd mótmæli þeirra báru engan árangur.

Leikurinn hélt áfram og svo fór að Kronau sigraði með einu marki, 26-25. Düsseldorf átti kost á því að jafna metin á síðustu sekúndu en náði ekki að nýta sína síðustu sókn. Ljóst er að þar sem munaði aðeins einu marki á liðunum í leiklok voru mistök dómanna afar dýrkeypt og ákvað Düsseldorf því að kærja úrslit leiksins strax að honum loknum. Málið verður tekið fyrir hjá stjórn úrvalsdeildarinnar á næstu dögum.

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Iceland Express-deild karla:

NJARÐVÍK - KR 101-65
Stig Njarðvíkur: Job Ivey 26 (9 stoðs.), Friðrik Stefánsson 15 (11 frákr.), Jóhann Árni Ólafsson 15 (7 frákr.), Kristján Sigurðsson 14, Brenton Birmingham 9, Egill Jónasson 8, Halldór Karlsson 5, Elías Kristjánsson 3, Ragnar Ragnarsson 2, Guðmundur Jónsson 2. Örvar Kristjánsson 2.
Stig KR: Pálmi Sigurgeirsson 19, Fannar Ólafsson 13, Niels Dungal 10, Melvin Scott 8, Brynjar Þór Björnsson 5, Skarphéðinn Ingason 4, Eldur Ólafsson 3, Steinar Kaldal 2, Ljubodrag Bogovac 1.
Njarðvík leiðir einvígið, 1-0.

DHL-deild karla:

VÍK/EJÖ - HK 27-32
Leik Hauka og ÍR var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi.

Meistaradeildin í handbolta:

CIUDAD REAL - FLENSBURG 31-22
Ólafur Stefánsson skoraði fjögur mörk fyrir Ciudad.
F. VESZPRÉM - PORTLAND SAN ANT. 29-27

EFH-keppnin í handbolta:

CREITÉL - GÖPPINGEN 30-26
Bjarni Fritzon skoraði 10/4 mörk fyrir Creitél.

ÚR SPORTINU

Varnarmenn Brøndby hindruðu Hörð Sveinsson í að skora fyrir Silkeborg í leik liðanna í dönsku úrvalsdeildinni í gær. Brøndby sigraði 3-1 og komst á topp deildarinnar. Bæði Hörður og Bjarni Ólafur Eiríksson léku allan leikinn og fékk Bjarni að líta gula spjaldíð.

Guðmundur Stephensen úr Víkingi og Kristín Hjálmarasdóttir úr KR urðu á laugardag Grand-Prix meistarar ársins þegar þau báru sigur úr bytum á lokamóti tímabilsins. Guðmundur lagði bróður sinn Matthías í úrslitaviðureigninni í þetta sinn, 4-0, en Kristín marði stöllu sína frá KR, Guðrúnu Björnsdóttur, 4-3.

Hornamaðurinn Einar Örn Jónsson lék á ný með liði sínu Torrevieja í spænsku úrvalsdeildinni í handbolta um helgina þegar það tapaði fyrir Algeciras á útivelli, 28-27. Einar Örn hefur verið frá vegna meiðsla í hné og náði ekki að skora mark á þeim stutta tíma sem hann kom við sögu í leiknum. Barcelona endurheimti toppsæti deildarinnar með öruggum sigri á Altea, 32-23.

Jermain Defoe, sóknarmaðurinn kná hjá Tottenham, segist ekki vera í þeim hugleiðingum að fara fram á sölu frá félaginu, en hann hefur verið sterklega orðaður við nokkur lið í Englandi á síðustu dögum. Defoe hefur lítið fengið að spila að undanförmu en þrátt fyrir það segir hann að hjarta sitt sé hjá Tottenham. „Það er auðvitað erfitt þegar maður fær ekki að spila en þegar ég spila þá elska ég það. Eg skil ekki af hverju ég ætti að fara. Liðið er á mikilli uppleið og gæti komist í Meistaradeildina á næsta ári sem er draumur hvers knattspyrnumanns,“ segir Defoe.



Jakob Sigurðarson skoraði sjö stig fyrir lið sitt BG Leverkusen sem sigraði Bonn á útivelli í þýsku úrvalsdeildinni í körfubolta á laugardagskvöld, 82-78. Þá skoraði Logi Gunnarsson 13 stig fyrir Bayreuth sem bar sigurorð af Lich, 89-77, í 2. deild syðri í Þýskalandi.

